



BARNAVERNDARSTOFA

ÁRSSKÝRSLA 2008-2009

Ársskýrsla 2008–2009
Barnaverndarstofa 2010
ISSN 1670 – 3642

Ritstjóri: Halla Björk Marteinsdóttir
Ábyrgðarmaður: Bragi Guðbrandsson

Barnaverndarstofa
Höfðaborg
Borgartúni 21
105 Reykjavík
Sími: 530 2600
Bréfasími: 530 2601
Netfang: bvs@bvs.is
Veffang: www.bvs.is

Efnisyfirlit

FRÁ FORSTJÓRA.....	II
1. HLOTVERK OG STARFSEMI BARNAVERNDARSTOFU.....	1
1.1 REKSTUR OG STARFSMANNAHALD BARNAVERNDARSTOFU	3
1.2 RÁÐGJÖF BARNAVERNDARSTOFU.....	5
1.3 EFTIRLIT BARNAVERNDARSTOFU	8
1.4 FÓSTURMÁL	10
1.5 ÁRSSKÝRSLUR OG SÍSKRÁNING BARNAVERNDARNEFNDA	13
1.6 SAMSKIPTI BARNAVERNDARSTOFU VIÐ MEÐFERÐARHEIMILIN	13
1.7 RANNSÓKNIR OG ÞRÓUNARSTARF	15
1.8 UPPLÝSINGA- OG FRÆÐSLUSTARF.....	17
1.9 STARFSLEYFI HEIMILA	22
1.10 UMSAGNIR TIL ALÞINGIS	24
1.11 SAMSTARFSVERKEFNI	24
2 MEÐFERÐ Á VEGUM BARNAVERNDARSTOFU.....	26
2.1 UMSÓKNIR UM MEÐFERÐARHEIMILI	27
2.2 UMSÓKNIR UM MST	29
2.3 MEÐFERÐARSTÖÐ RÍKISINS FYRIR UNGLINGA	30
2.4 LANGTÍMAMEÐFERÐARHEIMILI Á VEGUM BARNAVERNDARSTOFU.....	34
3 BARNAHÚS.....	38
4 BARNAVERNDARNEFNDIR	43
4.1 YFIRLIT YFIR BARNAVERNDARMÁL ÁRIN 2005–2008	45
4.2 TILKYNNINGAR TIL BARNAVERNDARNEFNDA	48
4.3 FJÖLDI BARNNA SEM TILKYNNNT VAR UM OG KÖNNUN MÁLS	51
4.4 ÚRRÆÐI BARNAVERNDARNEFNDA	52
4.5 ÚRSKURÐIR OG AÐRAR ÁKVARÐANIR BARNAVERNDARNEFNDA	54
4.6 UMSAGNIR	55
4.7 VISTUNARÚRRÆÐI Á VEGUM REYKJAVÍKURBORGAR	56
VIÐAUKI I.....	57
YFIRLIT BARNAVERNDARNEFNDA ÁRIÐ 2007 OG 2008.....	57
VIÐAUKI II.....	64
KÖNNUN Á VIÐHORFUM FORELDRA OG BARNNA TIL MEÐFERÐARHEIMILA BARNAVERNDARSTOFU OG VARÐANDI STUÐNING EFTIR MEÐFERÐ 2008	64
VIÐAUKI III.....	69
RANNSÓKN Á VIÐTÖLUM VIÐ BÖRN SEM KOMU TIL RANNSÓKNAR Í BARNAHÚS Á TÍMABILINU FRÁ 1. NÓVEMBER 1998 TIL 31. DESEMBER 2004	69

Frá forstjóra

Skýrsla sú sem hér er birt tekur til tölulegra upplýsinga frá ársskýrslum barnaverndarnefnda á Íslandi árin 2007 og 2008, sískráningu barnaverndartilkynninga fyrir 2009 svo og starfsemi Barnaverndarstofu á árinu 2008. Mjög erfiðlega hefur gengið að fá barnaverndarnefndir til að skila lögbundnum upplýsingum um störf sín á tilsettum tíma og skýrir sá dráttur hversu jafnan dregst að birta þessi gögn. Í kjölfar efnahagshrunsins er einkum mikilvægt að barnaverndaryfirvöld taki sig á í þessum efnunum svo grannt megi fylgjast með afleiðingum þess fyrir börn. Barnaverndarstofa hefur því gengið harðar fram gagnvart nefndunum um að gera grein fyrir umfangi starfa sinna og t.d. greip stofan til þess úrræðis nýlega að áminna nefnd í fyrsta skipti vegna vanrækslu á þessu sviði. Nú er verið að leggja lokahönd á gerð ársskýrslu vegna starfsemi Barnaverndarstofu fyrir árið 2009. Munu þær upplýsingar verða felldar inn í skýrslu þessa og hún þá gefin út á prenti.

Eitt megineinkenni í þróun barnaverndarstarfs sl. áratug er hin öra fjölgun tilkynninga til barnaverndarnefnda, sem oft hefur verið yfir 10% á ári. Athyglisvert er að fjölgun barnaverndartilkynninga árið 2007 var meiri en nokkurn tímann fyrr (22% frá árinu á undan) en á árinu 2008 fækkaði tilkynningum hins vegar lítillega. Hvort árið um sig vörðudu tilkynningarnar ríflega 5.000 börn. Er það í fyrsta sinn frá upphafi skráningar í 15 ára sögu Barnaverndarstofu sem tilkynningum fækkar á milli ára þótt barnafjöldinn standi nánast í stað. Hins vegar er athyglisvert að hlutfallslega fleiri tilkynningar fóru í könnun skv. ákvæðum barnaverndarlaga á árinu 2008. Í þessu felst að þrátt fyrir að ekki hafi orðið fjölgun tilkynninga á milli ára, fjölgaði málum sem eru til meðferðar hjá barnaverndarnefndunum umtalsvert.

Sískráning tilkynninga fyrir árið 2009 gefur til kynna að aftur hafi orðið veruleg fjölgun tilkynninga. Þannig fjölgar tilkynningum um eitt þúsund á milli áruna 2008 og 2009. Er þetta vissulega vísbending um að áhrifa efnahagshrunsins á Íslandi hafi gætt í fjölgun barnaverndartilkynninga þótt ekki sé unnt að slá því föstu fyrr en ársskýrslur nefndanna fyrir árið 2009 eru komnar í hús. Þá gefur þessi fjölgun ekki tilefni til að fullyrða um hvort versnandi hagur barna og/eða aukin samfélagsleg vitund um hugsanleg áhrif efnahagskreppu á börn skýri þessa fjölgun tilkynninga. Jafnframt er ástæða til að hafa hugfast að umrædd aukning er í samræmi við fjölgun tilkynninga sem verið hefur, ef árið 2008 er undanskilið.

Athyglisvert er að ástæður tilkynninga virðast hafa breyst nokkuð á árinu 2009 sé miðað við fyrri ár. Þannig hafa tilkynningar um áhættu hegðun barna jafnan verið yfir helmingur allra tilkynninga en vanræksla barna innan við 30% tilkynninga. Á síðastliðnu ári bar svo við að áhættu hegðun telur um 46% tilkynninga en tilkynningum vegna vanrækslu hefur fjölgað í 35%. Helst þetta í hendur við hlutfallslega fjölgun tilkynninga frá öðrum en lögreglu, en fram að þessu hafa tilkynningar frá lögreglu verið helmingur allra tilkynninga. Allt eru þetta vísbendingar um nokkuð breytt landslag frá því fyrir efnahagshrun.

Á vettvangi Barnaverndarstofu urðu merk tímamót með innleiðingu fjölkerfameðferðarinnar MST undir lok árs 2008. Í fyrri ársskýrslum stofunnar hefur verið fjallað um dvínandi eftirspurn eftir stofnanameðferð á undanförunum árum og hélt sú þróun áfram á árinu 2008. Að mati stofunnar er ein helsta skýring þessarar þróunar aukin þekking á meðal fagfólks sem og leikmanna á takmörkunum stofnanameðferðar þótt hún vissulega mæti best þörfum tiltekins hóps barna. Barnaverndarstofa brást við þessari þróun með lokun þriggja meðferðarheimila á árinu 2008 en samhliða voru þau fjögur meðferðarheimili sem áfram störfuðu styrkt með fjölgun starfsfólks. Þá voru gerðar breytingar á starfsemi meðferðarstöðvar ríkisins, Stuðlum, sem miðuðu að því að auka á sveigjanleika í meðferðinni. Með fjölkerfameðferðinni MST varð sú breyting að boðið er upp á meðferð á vettvangi fjölskyldunnar og nærumhverfis sem felur í sér foreldrafærniþjálfun og stuðning við barnið sjálft, ekki síst í tengslum við skólagöngu. Með þessu móti verður í auknum mæli unnt að komast hjá aðskilnaði barns frá fjölskyldu þess að öðru jöfnu. Erlendis hefur verið sýnt fram á að fjölkerfameðferðin MST er hagkvæmari en hefðbundin stofnanameðferð og kemur betur til móts við einstaklingsbundnar þarfir margra unglinga og foreldra þeirra.

Önnur merk tímamót á árinu 2008 var 10 ára starfsafmæli Barnahúss. Tilkoma þess hefur gjörbreytt rannsókn og meðferð kynferðisbrota gegn börnum á Íslandi en ríflega 2000 börn nutu þjónustu hússins á fyrsta áratug starfseminnar. Á afmælisárinu hafa tilvísanir til Barnahúss aldrei verið fleiri, en alls voru tekin rannsóknarviðtöl við 244 börn og voru þar af skýrslutökur fyrir dómi yfir eitt hundrað. Fjölgun skýrslutaka fyrir dómi er sérstakt fagnaðarefni og gefur fyrirheit um að dómstólar sjái betur en fyrr kosti þess fyrir börnin og réttláta málsmeðferð fyrir dómi.

Barnahúsið hefur vakið verðskuldaða athygli víða í Evrópu, einkum á öðrum Norðurlöndum. Þegar þetta er ritað hefur verið komið á fót barnahúsum í meira en 20 borgum í Svíþjóð frá árinu 2005 þegar fyrsta húsið var opnað í Linköping að íslenskri fyrirmynd. Þá hafa nú verið stofnuð barnahús í 6 borgum Noregs frá árinu 2007 og í einni borg Danmerkur. Í tilefni afmælis Barnahússins var efnt til málþings á Íslandi þar sem þátt tóku m.a. forstöðumenn barnahúsanna á öðrum Norðurlöndum. Þar var ákveðið að efna til skipulegs samstarfs á milli húsanna, einkum er varðar skráningu mála og þjálfun starfsfólks.

Þess má geta að í fleiri löndum Evrópu er nú unnið að undirbúningi að starfsemi barnahúsa, svo sem í Finnlandi og Eistland en vísi að slíkum úrræðum er nú þegar að finna í Póllandi og Litháen. Í bindandi samningi Evrópuráðsins, *CETS 202 The Protection of Children from Sexual Exploitation and Sexual Abuse*, sem Ísland undirritaði í byrjun árs 2008, er að finna ýmsar þær grundvallarhugmyndir sem Barnahúsið byggir á og er sérstaklega vísað til íslenska Barnahússins í athugasemdum með samningnum. Hinn nýi samningur hefur nú þegar aukið áhuga aðildarríkjanna á starfsemi héraðs. Að sjálfsögðu er það Barnaverndarstofu gleðiefni að starfsemi á hennar vegum sé í hávegum höfð og fyrirmynd annarra þjóða.

Bragi Guðbrandsson

1. Hlutverk og starfsemi Barnaverndarstofu

Barnaverndarstofa er stjórnsýslustofnun sem fer með daglega stjórn barnaverndarmála í umboði félagsmálaráðuneytisins (sjá mynd 1.1). Í reglugerð um Barnaverndarstofu segir að stofan skuli vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs. Árið 2008 var 14. starfsár Barnaverndarstofu.

Starf Barnaverndarstofu felst í margháttuðum sérhæfðum viðfangsefnum sem lúta að starfsemi barnaverndarnefnda er starfa á vegum sveitarfélaga og yfirumsjón og eftirliti með rekstri sérhæfðra meðferðarheimila fyrir börn og ungmenni. Um er að ræða einkarekin meðferðarheimili auk Stuðla, meðferðarstöðvar ríkisins fyrir unglunga. Í upphafi árs 2008 voru rekin sjö meðferðarheimili á grundvelli þjónustusamnings við Barnaverndarstofu, en þremur heimilum var lokað á árinu 2008.

Yfirumsjón með fósturmálum er einnig í höndum Barnaverndarstofu. Í því felst meðal annars að sjá um að útvega barnaverndarnefndum fósturforeldra, meta hæfni þeirra og ráðstafa börnum í fóstur. Auk þess er starfsemi hvers konar vistheimila, meðferðarheimila, hjálparstöðva, neyðarathvarfa, auk sumardvalarheimila og sumarbúða háð leyfisveitingu Barnaverndarstofu.

Barnaverndarstofa hefur eftirlit með störfum barnaverndarnefnda, afgreiðslu kæra og kvartana vegna starfa þeirra ásamt innheimtu ársskýrsla. Þá veitir stofan barnaverndarnefndum ráðgjöf við úrlausn mála og fræðslu um barna- og fjölskylduvernd.


Barnaverndarstofu er ætlað að koma á framfæri upplýsingum og fræðslu til almennings jafnt sem fagfólks. Fræðsluhlutverk sitt rækir stofan með því að halda ráðstefnur, með fyrirlestrahaldi, með sérstökum námskeiðum og útgáfu handbókar fyrir barnaverndarnefndir og með námskeiðum fyrir verðandi fósturforeldra og starfsfólk meðferðarheimila. Þá liðsinnir stofan barnaverndarnefndum við öflun hæfra fósturforeldra og veitir ráðgjöf á því sviði.

Ennfremur hefur stofan rannsóknar- og þróunarhlutverki að gegna á sviði barnaverndar, auk þess að sinna erlendum samstarfsverkefnum og afla þekkingar að utan á þessu sviði.

Framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum

Þann 29. maí 2008 samþykkti Alþingi framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2010. Um er að ræða fyrstu framkvæmdaáætlunina í barnaverndarmálum sem lögð er fyrir Alþingi í samræmi við 5. gr. barnaverndarlaganna nr. 80/2002 og byggir hún á stefnumarkandi áætlun Barnaverndarstofu fyrir árin 2008–2010.

Mynd 1.1 Skipulag barnaverndarmála árið 2008



* Í upphafi árs 2008 voru langtíma-meðferðarheimilin sjö, en í lok árs fjögur.

1.1 Rekstur og starfsmannahald Barnaverndarstofu

Í lok árs 2008 störfuðu hjá Barnaverndarstofu alls tíu starfsmenn í 9,8 stöðugildum. Þeir eru:

Bragi Guðbrandsson	Forstjóri
Áslaug Bragadóttir	Rekstrar- og starfsmannastjóri
Bryndís S. Guðmundsdóttir	Innleiðing og umsjón gæðastaðla og eftirlits á meðferðarheimilum
Guðjón Bjarnason	Umsjón með meðferðarstarfi – Stuðlar
Halla B. Marteinsdóttir	Umsjón með meðferðarstarfi – langtímameðferð
Halldór G. Hauksson	Innleiðing MST, fjölkerfameðferðar á Íslandi
Hildur Sveinsdóttir	Umsjón og ráðgjöf í fósturmálum, umsjón með Foster Pride
Hrefna Friðriksdóttir	Ráðgjöf í barnaverndarmálum, lögfræðilegar álitsgerðir
Ingibjörg A. Snævarr	Skjalastjóri
Steinunn Bergmann	Umsjón með fræðslu og ráðgjöf í barnaverndarmálum, rannsóknir

Í mars 2008 var Halldór Hauksson, sem gegnt hafði stöðu yfirsálfræðings á Stuðlum, ráðinn á Barnaverndarstofu sem verkefnisstjóri fyrir innleiðingu MST, fjölkerfameðferðar á Íslandi. 1. nóvember 2008 tók fyrsta teymið til starfa. Í því starfa 5 starfsmenn í jafnmörgum stöðugildum. Þeir eru:

Ingibjörg Markúsdóttir	Teymisstjóri
Funi Sigurðsson	Þerapisti
Helga Rúna Péturs	Þerapisti
Hrefna Ástþórsdóttir	Þerapisti
Jódís Bjarnadóttir	Þerapisti

Í Barnahúsi störfuðu í lok árs 2008 fimm starfsmenn í jafnmörgum stöðugildum. Þeir eru:

Ólöf Ásta Farestveit	Forstöðumaður og sérhæfður rannsakandi
Geirný Sigurðardóttir	Skjalastjóri
Margrét Kristín Magnúsdóttir	Sérhæfður rannsakandi og meðferðaraðili
Þorbjörg Sveinsdóttir	Sérhæfður rannsakandi og meðferðaraðili
Þóra S. Einarsdóttir	Sérhæfður rannsakandi og meðferðaraðili

Engar breytingar urðu á mannahaldi í Barnahúsi árið 2008.

Á meðferðarstöð ríkisins Stuðlum, gegndi Sólveig Ásgrímsdóttir sálfræðingur starfi forstöðumanns sem fyrr en Halldór Hauksson sem gegnt hafði stöðu yfirsálfræðings flutti sig á Barnaverndarstofu. Einnig tók Ingibjörg Markúsdóttir, sálfræðingur á Stuðlum, við stöðu teymisstjóra MST hjá Barnaverndarstofu í nóvember.

Í *töflu 1.1.1* kemur fram ráðstöfunarfjármagn Barnaverndarstofu og meðferðarheimila á vegum stofunnar á tímabilinu 2004 til 2008.

Á árinu 2007 nam kostnaður vegna reksturs einkarekinna meðferðarheimila á vegum Barnaverndarstofu alls tæpum 398 m.kr. sem voru rúmlega 52% af heildarrekstrarkostnaði Barnaverndarstofu það ár en rúmum 407 m.kr. eða 47,5% árið 2008. Þrem meðferðarheimilum var lokað á árinu, einu 15. febrúar, öðru 1. júní og hinu þriðja 1. september. Hins vegar var nýtt meðferðarúrræði, MST-fjölþáttameðferð, tekið upp í lok ársins og nam kostnaður vegna þess 24,5 m.kr. eða tæpum 3% af rekstrarfé á árinu 2008. Rekstrarkostnaður Stuðla, meðferðarstöðvar fyrir unglíng, var tæplega 177 m.kr. eða 23,2% af rekstrarfé á árinu 2007 en rúmlega 190 m.kr. eða 22,2% árið 2008. Kostnaður vegna styrkts fósturs nam tæpri 21 m.kr. eða tæpum 3% af rekstrarfé árið 2007 en tæplega 30 m.kr. eða 3,5% árið 2008. Framlag til Landspítala – háskólasjúkrahúss á grundvelli samnings um þjónustu Barna – og unglíngageðdeildar og bakvaktþjónustu sérfræðings nam rúmlega 34 m.kr. eða 4,5% af rekstrarfé á árinu 2007 en tæplega 35 m.kr. eða 4% árið 2008. Rekstrarkostnaður Barnaverndarstofu nam tæplega 132 m.kr. eða rúmlega 17% af heildarrekstrarfé árið 2007 og rúmlega 171 m.kr. eða 20% heildarkostnaðar árið 2008. Þar af var rekstur Barnahúss rúmlega 29 m.kr. árið 2007 eða tæplega 4% og rúmlega 43 m.kr. árið 2008 eða 5% af rekstrarfé. Á báðum stöðum var einu stöðugildi fleira á árinu 2008 en 2007.

Rekstur Barnaverndarstofu hefur jafnan verið innan fjárheimilda frá upphafi starfseminnar árið 1995 utan eins árs þegar kostir rammafjárlaga voru nýttir í tengslum við byggingu nýrrar neyðarvistunar Stuðla á árinu 2006.

Tafla 1.1.1 Ráðstöfunarfjármagn Barnaverndarstofu og stofnana á hennar vegum (í þús.kr.)

	2004		2005		2006		2007		2008	
	Þús.kr.	Hlutfall	Þús.kr.	Hlutfall	Þús. kr.	Hlutfall	Þús.kr.	Hlutfall	Þús. kr.	Hlutfall
Barnaverndarstofa	76.473	11,4	81.100	12,4	90.689	13,4	102.654	13,5	127.980	14,9
Barnahús	23.177	3,5	24.700	3,8	25.946	3,8	29.054	3,8	43.279	5,0
<i>Samtals</i>	99.650	14,9	105.800	16,2	116.635	17,2	131.708	17,3	171.259	20,0
Meðferðarheimilið Torfastöðum ¹	18.299	2,7	13.500	2,1	0	0	0	0	0	0,0
Meðferðarheimilið Geldingalæk ²	29.281	4,4	30.700	4,7	33.286	4,9	35.633	4,7	24.700	2,9
Meðferðarheimilið Árbót / Berg ³	73.400	10,9	81.400	12,5	88.121	13	95.307	12,5	94.278	11,0
Meðferðarheimilið Háholt	65.222	9,7	67.400	10,3	67.600	10	74.341	9,8	79.302	9,2
Meðferðarheimilið Laugalandi	42.977	6,4	44.900	6,9	55.435	8,2	60.037	7,9	83.237	9,7
Meðferðarheimilið Hvítárbakka ⁴	40.274	6	42.300	6,5	46.079	6,8	50.730	6,7	27.914	3,3
Meðferðarheimili Götusmiðjunnar	67.029	10	70.400	10,8	74.736	11	81.942	10,8	98.028	11,4
<i>Meðferðarheimili samtals</i>	336.482	50,1	350.600	53,7	365.257	53,9	397.990	52,3	407.459	47,5
Stuðlar, meðferðarstöð ríkisins	140.555	20,9	152.300	23,3	149.000	22	176.589	23,2	190.243	22,2
Styrkt fóstur	14.296	2,1	13.100	2,1	14.103	2,1	20.728	2,7	29.953	3,5
Landspítali – háskólasjúkrahús	80.000	11,9	30.900	4,7	32.422	4,8	34.219	4,5	34.737	4,0
MST-fjölpáttameðferð ⁵									24.506	2,9
Samtals rekstrarkostnaður	670.983	100	652.700	100	677.417	100	761.234	100	858.157	100,0
Stofnkostnaður	62.267	–	22.200	–	–	–	–	–	–	–
Samtals	733.250	–	674.900	–	677.417	–	761.234	100	858.157	100,0

¹Meðferðarheimilið hætti starfsemi 30. september 2004.

²Meðferðarheimilið Geldingalæk hætti starfsemi 1. júní 2008.

³Meðferðarheimilið Berg hætti starfsemi 1. september 2008.

⁴Meðferðarheimilið Hvítárbakka hætti starfsemi 15. febrúar 2008.

⁵MST-fjölpáttameðferð hófst 1. nóvember 2008.

1.2 Ráðgjöf Barnaverndarstofu

Barnaverndarstofa veitir barnaverndarnefndum almennar leiðbeiningar og ráðgjöf vegna úrlausna barnaverndarmála. Auk þess veitir Barnaverndarstofa öðrum opinberum aðilum og almenningi ráðgjöf og upplýsingar á sviði barnaverndar. Tveir starfsmenn Barnaverndarstofu sinna öðrum fremur þessu verkefni. Aðrir starfsmenn koma einnig að ráðgjöfinni svo sem hvað varðar starf meðferðarheimila sem fjallað verður um í kafla 1.6 og fósturráðstafanir. Þá sinnir Barnahús sérstaklega ráðgjöf er varðar meint kynferðisbrot gegn börnum. Leiðbeiningum og ráðgjöf við barnaverndarnefndir er í meirihluta tilvika komið á framfæri símleiðis. Ráðgjöf getur jafnframt verið veitt skriflega, með tölvupósti eða á fundum með starfsfólki.

Ráðgjöf Barnaverndarstofu vegna starfa barnaverndarnefnda varðar m.a. eftirfarandi þætti:

Upphaf barnaverndarmáls. Ráðgjöf felst í að veita aðstoð við að skilja og skilgreina hvenær mál telst barnaverndarmál og hvenær ekki. Vandkvæði geta verið á því að greina á milli þess hvort um sé að ræða félagslega þjónustu við barn eða fjölskyldu skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 eða afskipti á grundvelli barnaverndarlaga. Annað dæmi um verkefni í þessum flokki eru atriði tengd tilkynningarskyldu við barnaverndarnefndir en í barnaverndarlögum er að finna þrjár lagagreinar um þetta efni. Til álitaefnis um upphaf máls getur einnig talist réttur tilkynnanda til nafnleyndar svo sem við að skilja hvað í nafnleynd felst, hver á rétt á henni o.s.frv. Við upphaf máls er algengt að leitað sé skilnings á ýmsum verkþáttum sem snerta könnun barnaverndarnefndar, um heimildir, hvar leita megi upplýsinga og hvernig könnun skuli framkvæmd.

Stuðningur og úrræði. Undir þennan lið falla fjölbreytileg verkefni er varða úrræði barnaverndarnefndar, áætlunargerð þá sem mælt er fyrir um í barnaverndarlögum, hvernig árangursríkast sé að leita samstarfs við forsjármenn o.fl.

Málsmeðferð og þvingunarúrræði. Í þessum flokki er fyrst og fremst um að ræða ráðgjöf vegna túlkunar á VIII. kafla barnaverndarlaga, svo sem um hæfi, rannsóknarheimildir barnaverndarnefndar, réttindi barna við málsmeðferð, meðferð úrskurðarmála, neyðarráðstafanir og valdbeitingu.

Hlutverk barnaverndarnefndar samkvæmt öðrum lögum. Hér er um að ræða verkefni sem koma í hlut barnaverndarnefndar og kveðið er á um í öðrum lögum en barnaverndarlögum svo sem barnalögum og ættleiðingarlögum. Í þeim er kveðið á um að leita megi til barnaverndarnefnda um að meta aðstæður barna, hæfni væntanlegra forsjármanna o.fl. Ráðgjöf felur oftast en ekki í sér upplýsingar um það hvernig best sé að standa að slíku mati og hvað í því felst.

Börn í fóstri. Hér er um að ræða ráðgjöf um þær reglur sem í gildi eru um ráðstöfun barns í fóstur, svo sem um val á fósturforeldrum, staðsetningu fósturheimilis, gerð fóstursamninga, umgengni barns við sína nánustu o.fl. Þá leita verðandi fósturforeldrar gjarnan ráðgjafar um það hverjir geti gerst fósturforeldrar, þar á meðal hvernig þeir geti látið meta hæfni sína.

Annað. Til þessa flokks telst ráðgjöf sem er veitt vegna atriða eins og útivistar barna, ársskýrslugerðar nefndanna, samstarfs barnaverndarnefnda, leyfisveitinga vegna heimila fyrir börn af ýmsum toga, þ. á m. vegna sumardvalarheimila og sumarbúða.

Yfirlit ráðgjafarmála annars vegar veitt barnaverndarnefndum og hins vegar öðrum opinberum aðilum og almenningi kemur fram í *töflum 1.2.1 og 1.2.2.*

Þar sést að ráðgjafarmálum til barnaverndarnefnda hefur fækkað á árinu 2008 miðað við fyrri ár, en ráðgjöf veitt öðrum hefur fjölgað. Í *töflu 1.2.1* kemur fram sundurliðun eftir eðli mála og stærð sveitarfélaga. Flest ráðgjafarmál varða málsmeðferð. Á árinu 2008 var þessi eini flokkur rúmlega 51% allra ráðgjafarmála en var 26% árið 2007. Árið 2008 voru rúmlega 75% ráðgjafarmálanna frá nefndum utan höfuðborgarsvæðisins. Nánast í öllum tilvikum hafa barnaverndarnefndir ráðið að minnsta kosti einn fagmenntaðan starfsmann. Fækkun ráðgjafarmála frá fyrri árum skýrist líklega af fjölgun fagfólks í starfi á vegum nefndanna.

Tölulegar upplýsingar um ráðgjöf sem veitt er öðrum en barnaverndarnefndum koma fram í *töflu 1.2.2* en samkvæmt reglugerð um Barnaverndarstofu skal hún veita almenningi og opinberum aðilum ráðgjöf og fræðslu um starfsemi barnaverndaryfirvalda. Felst það einkum í leiðbeiningum varðandi þær skyldur sem hvíla á almenningi samkvæmt barnaverndarlögum, svo sem tilkynningarskyldu og úrræði til verndar einstökum börnum þegar við á. Algengast er að leitað sé ráðgjafar Barnaverndarstofu um vinnslu eða meðferð einstakra barnaverndarmála. Árið 2008 var það tilefni 49% allra erinda en var 56% árið 2007. Auk þessa eru bornar upp almennar spurningar um barnaverndarmál, hlutverk og verklag barnaverndaryfirvalda. Þá er nokkuð um að aðrir en opinberir aðilar og foreldrar leiti eftir upplýsingum og ráðgjöf varðandi málsmeðferð og úrræði. Þetta eru oftast ættingjar, forsjárlausir foreldrar og nágarnnar barna. Árið 2008 voru 26% erinda vegna forsjár- og umgengnisdeilna þrátt fyrir að Barnaverndarstofa fjalli ekki sérstaklega um þá málaflokka.

Árið 2008 komu rúmlega 35% erinda frá foreldrum eða öðrum forsjármönnum barna. Ráðgjöf veitt öðrum en barnaverndarnefndum dróst líttilla saman á milli árána 2006 og 2007, en jókst úr 225 tilvikun árið 2007 í 262 tilvik árið 2008.

Tafla 1.2.1 Ráðgjöf veitt barnaverndarnefndum árin 2004 til 2008 (fjöldi mála)

	2004	2005	2006	2007	2008
Allt landið					
Upphaf máls	46	78	28	38	15
Stuðningsúrræði	36	28	30	21	19
Þvingun	7	15	27	39	17
Málsmeðferð	99	90	127	62	88
Börn í fóstari	21	19	22	51	17
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum	19	11	20	17	12
Annað	42	35	11	10	3
Samtals	270	276	265	238	171
Reykjavík					
Upphaf máls	3	1	1	1	0
Stuðningsúrræði	2	1	0	0	1
Þvingun	0	1	2	2	1
Málsmeðferð	6	5	6	3	6
Börn í fóstari	4	2	1	22	4
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum	0	1	0	1	0
Annað	0	3	0	0	0
Samtals	15	14	10	29	12
Nágrenni Reykjavíkur*					
Upphaf máls	3	9	3	5	1
Stuðningsúrræði	3	7	3	4	3
Þvingun	3	1	9	12	4
Málsmeðferð	16	13	21	8	18
Börn í fóstari	4	5	5	1	1
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum	2	0	2	3	2
Annað	2	2	1	1	1
Samtals	33	37	44	34	30
Önnur sveitarfélög					
Upphaf máls	40	68	24	32	14
Stuðningsúrræði	31	20	27	17	15
Þvingun	4	13	16	25	12
Málsmeðferð	77	72	100	51	64
Börn í fóstari	13	12	16	28	12
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum	17	10	18	13	10
Annað	40	30	10	9	2
Samtals	222	225	211	175	129

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarsvæði. Yfirlitið miðar einungis að því að varpa ljósi á hvert var „fyrsta erindi“ vegna ráðgjafar en gefur ekki upplýsingar um hve oft var leitað til Barnaverndarstofu vegna sama máls.

Tafla 1.2.2 Ráðgjöf veitt öðrum en barnaverndarnefndum eftir tilefni 2004–2008 (fjöldi mála)

	2004	2005	2006	2007	2008
Öll mál					
Einstök barnaverndarmál	127	92	108	125	128
Almennt um barnaverndarmál	24	23	36	25	28
Almennt um þjónustu við börn	22	41	26	24	22
Forsjár – og umgengismál	64	48	50	49	69
Annað	14	17	13	2	15
Samtals	251	221	233	225	262
Opinberir aðilar					
Einstök barnaverndarmál	22	12	21	21	24
Almennt um barnaverndarmál	9	9	21	8	7
Almennt um þjónustu við börn	9	18	8	11	5
Forsjár – og umgengismál	2	2	3	2	4
Annað	6	3	4	1	1
Samtals	48	44	57	43	41
Foreldrar					
Einstök barnaverndarmál	52	34	43	51	43
Almennt um barnaverndarmál	0	3	0	1	8
Almennt um þjónustu við börn	8	10	5	5	5
Forsjár – og umgengismál	39	31	31	30	35
Annað	2	7	2	1	2
Samtals	101	85	81	88	93
Aðrir					
Einstök barnaverndarmál	53	46	44	53	61
Almennt um barnaverndarmál	15	11	15	16	13
Almennt um þjónustu við börn	5	13	13	8	12
Forsjár – og umgengismál	23	15	16	17	30
Annað	6	7	7	0	12
Samtals	102	92	95	94	128

Yfirlitið miðar einungis að því að varpa ljósi á hvert var „fyrsta erindi“ vegna ráðgjafar en gefur ekki upplýsingar um hve oft var leitað til Barnaverndarstofu vegna sama máls.

1.3 Eftirlit Barnaverndarstofu

Í eftirliti Barnaverndarstofu felst annars vegar meðferð kvartana vegna aðgerða eða aðgerðaleyfis nefnda og hins vegar í eftirliti að eigin frumkvæði. Hver sem er getur komið kvörtun á framfæri við Barnaverndarstofu vegna vinnubragða barnaverndarnefnda og er lögð áhersla á að kvartanir berist skriflega. Þegar Barnaverndarstofu berst kvörtun þá er leitað eftir afstöðu viðkomandi barnaverndarnefndar til kvörtunarefnis, upplýsingum um vinnslu og meðferð máls. Barnaverndarstofa metur síðan hvort barnaverndarnefnd hafi fylgt settum lögum við meðferð málsins og sendir aðilum máls og viðkomandi barnaverndarnefnd niðurstöður sínar eftir því sem við á.

Barnaverndarstofa hefur einnig eftirlit með störfum barnaverndarnefnda að eigin frumkvæði án þess að erindum þar að lútandi hafi verið beint til stofunnar. Sem dæmi má nefna að Barnaverndarstofa safnar saman ársskýrslum frá öllum barnaverndarnefndum og þær upplýsingar geta kallað á athugun á tilteknum atriðum. Barnaverndarstofa aflar einnig upplýsinga um almenna eða afmarkaða þætti í störfum barnaverndarnefnda eftir því sem tilefni er til. Þá sinnir stofan reglubundnu eftirliti með meðferðarheimilum sem rekin eru á vegum hennar, en gerð er sérstök grein fyrir því starfi annars staðar í skýrslu þessari.

Tölulegar upplýsingar um kærur og kvartanir sem borist hafa Barnaverndarstofu koma fram í *töflu 1.3.1*. Á árinu 2008 var fjöldi mála alls 26 en var 20 árið 2007. Flest mál eru vegna Reykjavíkur eða alls 10 mál, 7 mál eru vegna sveitarfélaga í nágrenni Reykjavíkur og 9 mál vegna mála í öðrum sveitarfélögum. Flest tilfelli varða kvartanir í sambandi við stuðningsúrræði (sjá skilgreiningu á eðli mála í ráðgjafarhluta).

Tilefni eftirlits að eigin frumkvæði Barnaverndarstofu getur verið margvíslegt. Atriði sem fram koma í ársskýrslum nefnda, umsóknnum um meðferðardvöl fyrir börn, fóstursamningum o.fl. geta vakið spurningar sem nauðsynlegt reynist að fá svör við. Opinber umræða um málefni er varða börn eða ábendingar úr ýmsum áttum geta gefið stofunni tilefni til að kanna með hvaða hætti barnaverndarnefndir rækja hlutverk sitt á einstökum sviðum. Þannig getur eftirlit Barnaverndarstofu að eigin frumkvæði beinst að öllum þáttum barnaverndarmála og vinnuaðferðum við framkvæmd þeirra. Það getur ýmist beinst að tiltekinni barnaverndarnefnd eða að þeim öllum.

Tilefni geta einnig gefist til að Barnaverndarstofa sendi fyrirspurnir til opinberra stofnana er lúta að margvíslegum málefnum barna. Venjulega er um að ræða ábendingar um viðfangsefni sem vert er að gefa gaum, hvatningu til aðgerða eða beiðni um upplýsingar.

Tafla 1.3.1 Kærum* og kvartanir sem bárust Barnaverndarstofu 2003 til 2008 (fjöldi mála)

	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Landið allt						
Upphaf máls	8	7	1	7	6	3
Stuðningsúrræði	8	5	3	4	4	8
Þvingun	2	1	0	4	3	1
Málsmeðferð	5	6	4	4	5	7
Börn í fóstri	6	4	9	6	2	6
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum	7	2	0	0	0	1
Annað	1	0	0	0	0	0
Samtals	37	25	17	25	20	26
Reykjavík						
Upphaf máls	1	1	0	3	4	2
Stuðningsúrræði	4	4	1	2	2	3
Þvingun	2	1	0	3	1	0
Málsmeðferð	3	3	2	3	3	2
Börn í fóstri	1	1	5	2	0	3
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum	1	0	0	0	0	0
Samtals	12	10	8	13	10	10
Nágrenni Reykjavíkur						
Upphaf máls	2	4	1	0	1	0
Stuðningsúrræði	0	0	2	0	1	2
Þvingun	0	0	0	1	2	1
Málsmeðferð	1	2	0	0	1	2
Börn í fóstri	1	1	2	2	0	1
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum	3	0	0	0	0	1
Samtals	7	7	5	3	5	7
Önnur sveitarfélög						
Upphaf máls	5	2	0	4	1	1
Stuðningsúrræði	4	1	0	2	1	3
Þvingun	0	0	0	0	0	0
Málsmeðferð	1	1	2	1	1	3
Börn í fóstri	4	2	2	2	2	2
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum	3	2	0	0	0	0
Annað	1	0	0	0	0	0
Samtals	18	8	4	9	5	9

*Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 er kærum vegna sjónsýsluákvæðana barnaverndarnefnda nú beint til kærunefndar barnaverndarmála. Barnaverndarstofa fjallar hins vegar um kvartanir vegna verklags og starfsaðferða barnaverndarnefnda.

1.4 Fósturmál

Yfirumsjón með fósturmálum er í höndum Barnaverndarstofu. Í því felst m.a. að sjá um að útvega barnaverndarnefndum fósturforeldra og meta hæfni þeirra. Enginn má taka barn í fóstur nema með leyfi Barnaverndarstofu. Áður en leyfi er veitt leitar Barnaverndarstofa eftir umsögn barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi umsækjenda, sbr. 66. gr. laga nr. 80/2002. Um hlutverk Barnaverndarstofu og barnaverndarnefnda vegna fósturmála er nánar fjallað í reglugerð um fóstur nr. 804/2004.

Yfirlit fósturmála á tímabilinu 2004–2008 kemur fram í *töflu 1.4.1*. Alls hafa á fjórða hundrað börn dvalið hjá fósturforeldrum árlega að jafnaði. Hér er um að ræða rúmlega fjögur börn af hverjum þúsund á landinu. 195 börn voru í varanlegu fóstri, 136 í tímabundnu fóstri og 21 í styrktu fóstri á árinu 2008. Samtals voru því 352 börn í fóstri á árinu 2008 sem er nánast sami fjöldi og á árinu 2007, en þau voru þá samtals 358.

Um varanlegt fóstur er að ræða þegar barni er komið í fóstur þar til forsjárskyldur falla niður skv. lögum. Barni skal komið í tímabundið fóstur þegar ætla má að unnt verði að bæta úr því ástandi sem er tilefni fósturráðstöfunar innan skamms tíma þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna, án verulegrar röskunar á högum þess. Skilyrði fyrir styrktu fóstri er að uppfyllt sé viðmið um „sérhæfða meðferð“ skv. c.-lið 79. gr. barnaverndarlaga. Hér er um að ræða að barn eigi við verulega hegðunarerfiðleika að stríða, uppfyllt séu skilyrði um að vista barnið á heimili eða stofnun skv. 79 gr. barnaverndarlaga og nauðsynlegt þyki að koma barni í fóstur í stað þess að vista það á meðferðarstofnun. Mat á þörf er byggt á gögnum frá barnaverndarnefndum, þ. á m. um tilraunir þeirra til að beita vægari úrræðum (sjá m.a. 24. gr. laganna), og niðurstöðum rannsóknaraðila svo sem meðferðarstöðvar ríkisins, Stuðla.

Í *töflu 1.4.1* má sjá að þróun fósturráðstafana frá árinu 2004 einkennist af fjölgun fósturráðstafana í heild, sem nær hámarki árið 2007 en örlítill fækkun verður á árinu 2008. Á árinu 2007 voru 143 börn í tímabundnu fóstri, en 136 á árinu 2008.

Umsóknir barnaverndarnefnda til Barnaverndarstofu um fósturheimili voru 106 árið 2008. Tæplega 40% umsókna koma frá Reykjavík. Alls voru 11 umsóknir um fósturheimili dregnar til baka á árinu 2008. Auk þess voru fimm umsóknir frá árinu 2007 dregnar til baka árið 2008. Á árinu 2008 var 85 börnum ráðstafað í fóstur, 12 í varanlegt fóstur, 62 í tímabundið fóstur og 11 í styrkt fóstur.

Á árinu 2008 fóru 34 börn úr varanlegu fóstri, þar af 28 vegna þess að sjálfræðisaldri hafði verið náð. Á árinu breyttust 15 tímabundnar fósturráðstafanir í varanlegt fóstur.

Tafla 1.4.1 Fósturmál – yfirlit

		2004				2005				2006				2007				2008			
		VF	TF	SF	ST	VF	TF	SF	ST	VF	TF	SF	ST	VF	TF	SF	ST	VF	TF	SF	ST
Fjöldi barna í varanlegu, tímabundnu eða styrktu fóstri		187	115	6	308	196	122	8	326	194	138	11	343	195	143	20	358	195	136	21	352
Umsóknir frá	Reykjavík	13	40	6	59	7	28	2	37	6	51	10	67	12	39	10	61	8	28	6	42
barnaverndar-	Nágrenni Reykjavíkur	3	10	4	17	0	13	3	16	6	21	2	29	2	17	2	21	3	19	5	27
nefndum um	Landsbyggð	2	16	5	23	4	33	8	45	7	27	5	39	5	33	6	44	7	25	5	37
fósturheimili	Alls	18	66	15	99	11	74	13	98	19	99	17	135	19	89	18	126	18	72	16	106
Ráðstöfun barna	Reykjavík	15	28	3	46	11	19	1	31	7	35	3	45	8	35	8	51	8	23	5	36
í fóstur á árinu eftir	Nágrenni Reykjavíkur	3	7	1	11	0	10	2	12	3	16	2	21	1	13	1	15	2	15	3	20
sveitarfélögum	Landsbyggð	2	12	2	16	6	25	5	36	4	23	3	30	2	27	5	34	2	24	3	29
	Alls	20	47	6	73	17	54	8	79	14	74	8	96	11	75	14	100	12	62	11	85
Börn sem fóru úr	Barn náði sjálfræðisaldri	17	–	–	–	14	–	–	–	17	–	–	–	18	–	–	–	28	–	–	–
varanlegu fóstri	Vegna ákvörðunar bvn.	0	–	–	–	–	–	–	–	0	–	–	–	0	–	–	–	–	–	–	–
	Fósturrof, önnur ástæða	0	–	–	–	–	–	–	–	1	–	–	–	0	–	–	–	2	–	–	–
	Ættleiðing	1	–	–	–	–	–	–	–	5	–	–	–	0	–	–	–	4	–	–	–
	Alls	18	–	–	–	14	–	–	–	23	–	–	–	18	–	–	–	34	–	–	–
Tímabundið fóstur																					
breyttist í varanlegt		2	–	–	–	6	–	–	–	7	–	–	–	12	–	–	–	15	–	–	–

VF: Varanlegt fóstur. TF: Tímabundið fóstur. SF: Styrkt fóstur. ST: Samtals. Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes og Mosfellsbær.

Athugið að ekki er samræmi í tölum um fósturráðstafanir samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu og nefnda (sjá kafla 4). Líklegasta skýringin á þessu misræmi er sú að nefndir hafa í einhverjum tilvikum ekki staðið við lagalegar skyldur sínar um að senda Barnaverndarstofu fóstursamning. Ef nefndir senda ekki inn fóstursamning er fósturráðstöfun ekki skráð í gagnagrunn Barnaverndarstofu. Einnig getur verið um að ræða mismunandi túlkun varðandi skráningu. Því eru fósturráðstafanir fleiri samkvæmt upplýsingum nefndanna en samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu. Barnaverndarstofa vinnur að því að bæta og samræma skráningu í fósturmálum.

Árið 2003 gerði Barnaverndarstofa samning við þýska fyrirtækið Martinswerk eV Dorlar sem hefur heimild þýskra yfirvalda til að ráðstafa börnum til umönnunar. Starfsemi fyrirtækisins fer fram í mörgum löndum. Samningur Barnaverndarstofu og fyrirtækisins hefur það að markmiði að fella starfsemina að íslensku lagaumhverfi eins og kostur er. Sérstakur trúnaðarmaður fer með þau verkefni sem barnaverndarnefndum eru ætluð, svo sem eftirlit. Auk þess er ríkulegt eftirlit af hálfu hinna þýsku aðila og fastráðinn starfsmaður hér á landi til að annast starfsemina, skipulagningu o.s.frv. Litið er á ráðstafanir fyrirtækisins sem fullt ígildi fósturráðstöfunar og sömu kröfur gerðar í þeim efnunum og á við um ráðstöfun fósturbarna af hálfu barnaverndarnefnda. Dvalartími er í flestum tilvikum um eitt ár. Í mörgum tilvikum er þó um lengri tíma að ræða. Árið 2008 bárust þrjár umsóknir þar sem óskað var eftir að mega ráðstafa barni hingað til lands á grundvelli samningsins við Martinswerk. Fjórar umsóknir bárust árið á undan.

Eins og áður hefur komið fram er Barnaverndarstofu ætlað að sjá barnaverndarnefndum fyrir hæfum fósturforeldrum. Þeir sem óska eftir því að gerast fósturforeldrar þurfa að sækja formlega um það til Barnaverndarstofu og afhenda tilskilin vottorð. Að því loknu óskar Barnaverndarstofa umsagnar barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi umsækjenda. Einnig fer fram vettvangsathugun á heimili þeirra og ítarlegt viðtal við þá og námskeiðið Foster Pride er kynnt en samkvæmt 9. gr. reglugerðar um fóstur nr. 804/2004 ber umsækjanda að sækja námskeið á vegum Barnaverndarstofu áður en leyfi er veitt. Markmiðið með námskeiðinu er annars vegar að leggja frekara mat á hæfni umsækjenda og hins vegar að veita umsækjanda nauðsynlega þjálfun og undirbúa hann undir hlutverk sitt. Á grundvelli þessa metur Barnaverndarstofa hvort viðkomandi teljist hæfur sem fósturforeldri.

Umsóknir þeirra sem óskuðu eftir að gerast fósturforeldrar voru 64 talsins árið 2008 (*tafla 1.4.2*). Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni eða 32 talsins.

Tafla 1.4.2 Fjöldi umsókna um að gerast fósturforeldrar eftir búsetu og niðurstaða mats

		2007	2008
Hvaðan koma umsóknir?	Reykjavík og nágrenni	28	32
	Vesturland	6	5
	Vestfirðir	1	3
	Norðurland	12	10
	Austurland	5	4
	Suðurland	7	4
	Reykjanes	4	2
	Fólk búsett erlendis	2	0
Fjöldi umsókna alls		65	64
Niðurstaða mats	Umsækjendur hæfir	46	38
	Umsókn hafnað eða hún dregin til baka	4	20
	Umsókn óafgreidd*	39	45
Alls		89	103

*Niðurstaða mats í lok árs.

Árið 2008 voru 16 umsóknir samþykktar frá árinu 2007 og 22 umsóknir frá árinu 2008. Heildarfjöldi þeirra sem fengu leyfi sem fósturforeldrar árið 2008 var þannig 38. Það er fækkun frá árinu 2007 en þá fengu 46 leyfi sem fósturforeldrar. Á árinu 2008 voru 20 umsóknir dregnar til baka eða þeim hafnað, 14 af þeim bárust árið 2007.

Til viðbótar ofangreindum verkefnum veitir Barnaverndarstofa margvíslega ráðgjöf til barnaverndarnefnda um fósturmál og fer ráðgjöfin oftast fram símleiðis eða með tölvupóstsamskiptum. Þessi ráðgjöf er af ýmsum toga, svo sem varðandi umsagnir í fósturmálum, gerð umsókna, frágang fóstursamninga og stuðning við fósturheimili. Stofan veitir einnig einstaklingum upplýsingar um það hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að fá leyfi sem fósturforeldri og hvernig umsóknarferlið fer fram. Nokkuð var um það á árinu að fósturforeldrar leituðu ráðgjafar vegna fósturbarna sinna.

Foster Pride-námskeiðin hafa verið haldin á Barnaverndarstofu frá vorinu 2004 en námskeiðið er upprunnið frá Bandaríkjunum. Árið 2008 voru tvö Foster Pride-námskeið haldin í Reykjavík. Fyrri námskeiðið var haldið frá 2.2–28.3 og sóttu alls 15 þátttakendur námskeiðið. Seinna námskeiðið var haldið 30.8–17.10 og sóttu einnig 15 þátttakendur það námskeið. Einn starfsmaður sótti námskeiðin, frá Fljótshálsbá, og einn félagsráðgjafarnemi. Af þeim 28 fósturforeldrum sem sóttu námskeiðin tvö voru sjö sem höfðu fengið leyfi áður sem fósturforeldrar. Frekari upplýsingar um Foster Pride-námskeiðið eru á heimasíðu Barnaverndarstofu www.bvs.is

1.5 Ársskýrslur og sískráning barnaverndarnefnda

Ársskýrslur barnaverndarnefnda

Innheimta ársskýrslna barnaverndarnefnda landsins er umfangsmikið verkefni Barnaverndarstofu samkvæmt barnaverndarlögum og reglugerð um Barnaverndarstofu. Söfnun slíkra gagna og úrvinnsla tölfraðilegra upplýsinga á grundvelli þeirra gefur mikilvægar vísbendingar um stöðu barnaverndarmála á hverjum tíma og getur gefið tilefni til nánari skoðunar og viðbragða af hálfu Barnaverndarstofu.

Notast er við eyðublað sem hannað var af nefnd á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins sem hafði það hlutverk að skilgreina og samræma þau tölfraðilegu gögn sem þörf væri á að safna af þessu tilefni. Eyðublaðið var notað í fyrsta sinn árið 1995 en það hefur síðan verið endurskoðað reglulega í samræmi við ábendingar barnaverndarnefnda. Á eyðublaðinu er m.a. spurt um:

- Fjöldi og ástæður tilkynninga til barnaverndarnefnda.
- Fjöldi barnaverndarmála til umfjöllunar.
- Fjöldi barna og fjölskyldna sem var veitt aðstoð á grundvelli barnaverndarlaga.
- Fjöldi og tegund stuðningsúræða.
- Fjöldi úrskurða barnaverndarnefnda.
- Fjöldi og tegund fósturráðstafana.

Síðastliðin ár hafa allar barnaverndarnefndir landsins skilað inn ársskýrslum um störf sín. Gætt hefur meiri nákvæmni í svörum nefndanna en nokkrir byrjunarörðugleikar voru við notkun hins nýja skráningarforms í upphafi.

Sískráning

Sískráning tilkynninga hófst í byrjun janúar 2005 og hefur gengið vel. Barnaverndarstofa hefur lengi haft áhuga á því að fá yfirlit yfir umfang starfsins hjá nefndunum með því að hafa á hverjum tíma upplýsingar um fjölda þeirra tilkynninga sem berast. Fram til ársins 2004 safnaði Barnaverndarstofa aðeins saman heildartölum yfir störf nefndanna árlega. Treglega gekk að fá talnagögn frá nefndum og gátu þau því verið eins til veggja ára gömul þegar þau voru gefin út. Því var ákveðið að hefja sískráningu og safna saman upplýsingum um fjölda tilkynninga allra nefnda mánaðarlega. Tilgangurinn með sískráningunni er m.a. að geta svarað ýmsum fyrirspurnum, innlendum og erlendum, um fjölda tilkynninga, hvers eðlis þær eru og hvort algengt sé að grípa þurfi til neyðarráðstafana í kjölfar tilkynninga. Þá má einnig gera ráð fyrir að þessar upplýsingar geti verið gagnlegar fyrir nefndirnar sjálfar sem geta frekar gert áætlanir um störf sín og þörf á úrræðum þegar ávallt er hægt að skoða nýjar tölur um umfang starfsins.

Barnaverndarstofa hefur í kjölfar sískráningarinnar birt skýrslur um störf allra nefnda reglulega á heimasíðu Barnaverndarstofu www.bvs.is. Í þeim skýrslum hafa verið birtar ítarlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga, fjölda barna sem tilkynnt hefur verið um, fjölda barna þar sem ákveðið hefur verið að hefja könnun, fjölda tilkynninga til Neyðarlínunnar 112 og ástæður tilkynninga. Jafnframt eru birtar upplýsingar um fjölda umsókna um meðferð á stofnunum á vegum Barnaverndarstofu, fjölda umsókna um fóstur (bæði vegna fósturbarna og leyfa til að gerast fósturforeldar) og fjölda mála í Barnahúsi. Með þessu móti hefur tekist að birta upplýsingar um stöðu málaflokksins á hverjum tíma.

1.6 Samskipti Barnaverndarstofu við meðferðarheimilin

Barnaverndarstofa hefur yfirumsjón og eftirlit með heimilum og stofnunum fyrir börn sem ríkið rekur og styrkir og eru rekin á grundvelli barnaverndarlaga. Í því felst faglegt og fjárhagslegt eftirlit. Þá hefur Barnaverndarstofa yfirumsjón með vistun barna á heimilunum, ákvarðar m.ö.o. um vistun og fylgist með nýtingu stofnananna. Barnaverndarstofa veitir heimilunum faglega ráðgjöf um þeirra störf.

Meðferðarstöð ríkisins, Stuðlar, er ríkisstofnun og lítur rekstur stofnunarinnar lögum og reglum um rekstur ríkisstofnana, þ.á m. hvað varðar fjárhagslegt eftirlit. Önnur meðferðarheimili eru rekin á grundvelli þjónustusamninga við einstaklinga. Í þjónustusamningum er getið um hlutverk meðferðarheimila, skyldur þeirra og rekstrargrundvöll, þ.á m. fjárhagslegt eftirlit af hálfu Barnaverndarstofu.

Árið 2001 tóku gildi reglur Barnaverndarstofu um samstarf meðferðarheimila og barnaverndarnefnda. Þessar reglur, ásamt þjónustusamningum og öðrum gögnum sem Barnaverndarstofu berast, liggja til grundvallar ráðgjöf og eftirliti Barnaverndarstofu. Reglurnar fjalla m.a. um umsóknarferli og skilyrði umsókna, umgengni barna við nákomna, gerð

vistunarsamnings, kostnaðarþætti, útskriftarferli, vistun barna á lokaðri deild í neyðar- og bráðatilvikum o.fl. Á árinu 2008 gaf Barnaverndarstofa út staðla vegna ráðstöfunar barna í fóstur og vistunar barna á stofnunum svo sem síðar verður vikið að. Staðlarnir eru m.a. lagðir til grundvallar við eftirlit með starfsemi meðferðarheimila á vegum stofunnar.

Eftirlit Barnaverndarstofu með meðferðarheimilum sem starfrækt eru á hennar vegum má greina í tvennt. Annars vegar er um að ræða svonefnt *innra eftirlit*, þ.e. eftirlit með framkvæmd þjónustusamninga við heimilin svo og líðan barnanna og framvindu meðferðar. Hins vegar er um að ræða *ytra eftirlit*, sem sjálfstætt starfandi sérfræðingur, Jón Björnsson sálfræðingur, hefur haft með höndum frá árinu 2004. Eftirlitið felst m.a. í vettvangsheimsóknum með reglulegu millibili á öll heimilin tvisvar á ári ásamt mati á öllum gögnum sem berast Barnaverndarstofu vegna vistana barna og starfs heimilanna hvers um sig. Eftirlitsmaður skilar Barnaverndarstofu skýrslu í lok hverrar vettvangsskoðunar. Eftirlitsmaður á samstarf við Barnaverndarstofu vegna atriða sem þykja betur mega fara í starfi meðferðarheimilanna og hafa komið fram í eftirlitsheimsóknunum, ekki síst með hliðsjón af þeim gæðastöðlum sem fyrr er vikið að. Samningurinn gerir einnig ráð fyrir þeim möguleika að Barnaverndarstofa geti óskað eftir því að verktaki framkvæmi sérstaka úttekt eða mat á meðferðarheimilum þegar tilefni gefst til.

Í meginatriðum lýtur eftirlit með meðferðarheimilum að eftirfarandi þáttum:

- Að afla gagna til að gera Barnaverndarstofu fært að meta hvort starfsemi heimilanna uppfylli kröfur um viðurkennd gæði starfsins.
- Að stuðla að almennum umbótum í meðferðarstarfi og benda á það sem betur má fara í starfi meðferðarheimila.
- Að ganga úr skugga um að þjónustu- og vistunarsamningar séu uppfylltir.

Auk vettvangsheimsókna felst eftirlit Barnaverndarstofu í athugun og greiningu ýmissa gagna og upplýsinga sem berast frá meðferðarheimilum, svo sem skýrslna um stöðu barna, vistunarsamninga, rannsóknarskýrslna frá Stuðlum, yfirlits frá lokaðri deild Stuðla o.fl.

Meginmarkmið ráðgjafar Barnaverndarstofu er að:

- Stuðla að faglegum umbótum í meðferðarstarfi, t.d. með gerð fræðsluáætlauna fyrir starfsfólk.
- Efla gæði meðferðarstarfs.
- Tryggja velferð einstakra barna.

Ráðgjöfin er framkvæmd á þann hátt að starfsmaður fer í þrjár heimsóknir á ári á hvert meðferðarheimilanna auk þess að vera í reglubundnu símasambandi við heimilin. Í heimsóknunum er starfsemi heimilanna skoðuð og gengi einstakra barna metið. Þá er rætt við meðferðaraðila um innra starf, skóla- og starfsmannamál, inn- og útskriftir barna o.fl. Einnig er rætt við börnin og lögð fyrir þau viðhorfakönnun þar sem þeim gefst m.a. kostur á að tjá sig um eigin líðan, meta eigin framfarir og segja skoðun sína á því sem þeim finnst að betur mætti fara á heimilinu. Eftir hverja ferð er gerð skýrsla um heimsóknina.

Starfsmenn Barnaverndarstofu taka þátt í starfsdögum meðferðarheimilanna sem eru haldnir að jafnaði tvisvar ár hvert. Tilgangur þeirra er að efla starfsemi heimilanna, stuðla að faglegri umræðu og skapa vettvang þar sem deila má þekkingu og reynslu. Samstarfsfundina sækja forstöðumenn heimilanna, starfsmenn og sálfræðingar auk starfsmanna Barnaverndarstofu. Árið 2008 voru haldnir tveir starfsdagar, í maí og í október.

Umfjöllunarefnið á fyrri starfsdeginum vorið 2008 var m.a. skýrsla um starfsemi heimilisins í Breiðuvík og sú umræða sem hún vakti, kynning á MST-fjölkerfa meðferðinni og meðferðarfóstri sem er gagnreynd aðferð við fósturráðstafanir byggð á skyldum grunni og MST-aðferðin. Þá voru einnig kynntir staðlar um vistun eða fóstur á vegum barnaverndarnefnda. Einnig var fjallað um eftirlit með meðferðarheimilum, valdbeitingarskýrslur, kvörtunarferli og handbók meðferðarheimila. Á síðari starfsdeginum fóru fram umræður um börn af erlendum uppruna, samskipti milli meðferðarheimilanna og möguleg áhrif kreppunnar á meðferðarkerfið. Þá var einnig farið í heimsókn í Fjölsmiðjuna.

Í gildi er samningur milli Fangelsismálastofnunar ríkisins og Barnaverndarstofu sem miðar að því að gefa fongum undir 18 ára aldri kost á því að sækja meðferð á meðferðarheimili Barnaverndarstofu í stað afplánunar eða gæsluvarðhalds í fangelsi. Þessi ráðstöfun byggir á 1. mgr. 11. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist og 3. og 51. gr. barnaverndarlaga. Á árinu 2008 voru tveir vistaðir á þessum grundvelli.

1.7 Rannsóknir og þróunarstarf

Barnaverndarstofa skal eiga frumkvæði að þróunarstarfi og rannsóknum á sviði barnaverndar. Einnig skal stofan eiga samstarf við þá rannsóknaraðila sem sinna slíkum verkefnum innanlands. Hún skal hafa yfirlit yfir þær rannsóknir á sviði barnaverndarmála sem unnið er að hér á landi og þau verkefni sem unnin eru erlendis og Íslendingar taka þátt í. Barnaverndarstofa skal, eftir því sem unnt er, safna upplýsingum um erlendar rannsóknir á sviði barnaverndar.

Rannsóknir

Barnaverndarstofa vann að eftirfarandi rannsóknum á árinu:

Líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum

Á árunum 2007 og 2008 var unnið að athugunum á tilkynningum til barnaverndarnefnda vegna meints líkamlegs ofbeldis á börnum á Íslandi. Skoðaðar voru allar þær 329 tilkynningar um líkamlegt ofbeldi gagnvart barni sem bárust barnaverndarnefndum á Íslandi árið 2006. Markmið rannsóknarinnar var þríþætt eins og hér segir:

- Að skoða eðli og umfang líkamlegs ofbeldis sem tilkynnt er til barnaverndaryfirvalda á Íslandi.
- Að kanna hvernig barnaverndaryfirvöld bregðast við slíku ofbeldi.
- Að meta þörf á úrræðum fyrir börn sem verða fyrir líkamlegu ofbeldi.

Í rannsókninni var notuð lýsandi meginleg rannsóknaraðferð. Notuð var innihaldsgreining gagna til að greina úr þau mál þar sem grunur var um að foreldrar eða aðrir umönnunaraðilar beittu börn sín líkamlegu ofbeldi. Þau mál voru skoðuð sérstaklega til að kanna hvernig barnaverndaryfirvöld bregðast við slíku ofbeldi og meta þörf á úrræðum.

Könnun á viðhorfum foreldra og barna til meðferðarheimilanna

Í tengslum við eftirlit Barnaverndarstofu var sú tilraun gerð á árinu 2008 að fá tvö ungmenni til að fara, ásamt eftirlitsmanni Barnaverndarstofu, í heimsókn á meðferðarheimili Barnaverndarstofu. Þar ræddu þau við vistbörn bæði í hóp og einslega. Vel þótti takast til með þessa tilraun þó að hún hafi ekki beinlínis skilað nýrri sýn á starfsemi meðferðarheimilanna. Vistbörnin voru engu að síður ánægð með þessa heimsókn. Til að efla enn frekar eftirlitið ákvað Barnaverndarstofa að gera könnun á viðhorfum foreldra og barna til meðferðarheimilanna og varðandi eftirfylgd. Leitað var eftir þátttöku allra foreldra og barna sem luku meðferð á árinu 2008. Í þessari könnun voru þátttakendur inntir eftir álitu sínu á starfsemi þess meðferðarheimilis sem þeir þekktu til, hvernig útskrift eða brottför barnanna af meðferðarheimilinu var undirbúin og hvernig stuðningi eftir dvölina var háttað. Niðurstöður könnunarinnar má sjá í viðauka II.

Framburður barna í rannsóknarviðtali

Á árinu 2007 var áfram unnið að rannsókn á framburði barna í rannsóknarviðtali í tengslum við Barnahús sem samið var um árið 2002. Rannsóknin er framhaldsrannsókn á BA-verkefni Jóhönnu Kristínar Jónsdóttur og Þorbjargar Sveinsdóttur sem ber heitið „Börn og kynferðisbrot: Framburður barns í rannsóknarviðtali, orðalag ákæru og lyktir máls“. Sú rannsókn var einnig unnin í samvinnu við Barnaverndarstofu og Barnahús vorið 2001. Framhaldsrannsóknin er unnin af þeim Jóhönnu og Þorbjörgu ásamt dr. Jóni Friðriki Sigurðssyni sálfræðingi og prófessor Gísla Guðjónssyni réttarsálfræðingi. Rannsóknin var styrkt af Vísindasjóði og var verkinu lokið í árslok 2008. Skýrslan um niðurstöður rannsóknarinnar er birt í viðauka III.

Árangursmat af þjónustu Barnahúss

Á árunum 1996 og 1997 var gerð rannsókn á vegum Barnaverndarstofu á umfangi kynferðisbrota gegn börnum. Rannsóknin laut að málsmeðferð barnaverndarnefnda, lögreglu og ríkissaksóknara á meintum kynferðisafbrotum og niðurstöðu dómstóla þar að lútandi síðustu þrjú árin fyrir tíð Barnahúss. Segja má að niðurstöður hennar hafi leitt til stofnunar Barnahúss. Fyrirhugað hefur verið að rannsaka sömu þætti m.t.t. reynslu af starfsemi Barnahúss frá upphafi starfseminnar haustið 1998, m.a. í því skyni að leiða í ljós hvaða áhrif starfsemi hússins hefur haft á vinnslu þessara mála, og að samhliða verði gert árangursmat af þjónustu Barnahúss. Því miður hefur ekki tekist að koma þessu verki á reksþöl ennþá þar sem illa hefur gengið að fá fræðimenn til verksins. Áfram verður unnið að málinu.

Þróunarverkefni

Barnaverndarstofa hefur auk þess haft frumkvæði að ýmsum þróunarverkefnum. Eftirfarandi verkefni voru unnin á árinu:

Gæðastaðlar um vistun barna utan heimilis

Staðlar eru skilgreiningar á gæðakröfum eða lýsing á því hvernig vel sé staðið að einstökum verkþætti við vistun barns eða fósturs utan heimilis á vegum barnaverndaryfirvalda. Í september 2007 hófst vinna við að þróa íslenska gæðastaðla um vistun barna utan heimilis. Við þróun staðlanna var höfð hliðsjón af alþjóðlegum viðmiðum og gæðastöðlum, fyrst og fremst „Quality4Children Standards“ og tilmælum Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum sem

ráðherranefndin samþykkti 16. mars 2005. Vinnu við staðlana lauk í ágúst 2008 og voru þeir þá sendir til allra barnaverndarnefnda, stofnana barnaverndaryfirvalda og annarra aðila sem talið var að gætu haft gagn af. Í kjölfar þróunar hinna íslensku staðla var eftirlit með vistunarferlinu endurskoðað og er nú stuðst við staðlana við framkvæmd eftirlitsins.

Fjölkerfameðferð – MST

Barnaverndarstofa hefur um nokkurt skeið leitað leiða til að efla og auka fjölbreytni í meðferð barna sem stríða við alvarlegan hegðunarvanda. Undanfarin ár hefur svonefnd *fjölkerfameðferð (Multisystemic Therapy –MST)* verið innleidd í 12 þjóðlöndum að Íslandi meðtöldu. MST er rannsókuð og gagnreynd meðferð sem byggir á þekktum aðferðum eins og fjölskyldumeðferð, hugrænni atferlismeðferð og atferlismótun. Í nóvember 2008 tók til starfa á Barnaverndarstofu MST – meðferðarteymi. MST er í boði á suðvesturhorni landsins fyrir fjölskyldur barna á aldrinum 12–18 ára sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda svo að óbreyttu kæmi til vistunar barns utan heimilis vegna þess að önnur stuðningsúrræði samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga hafa ekki skilað árangri eða eru talin ófullnægjandi. Um er að ræða hegðunarvanda sem kemur m.a. fram í afskiptum lögreglu, afbrotum eða refsiverðri hegðun, skrópum í skóla eða verulegum skólaerfiðleikum, líkamlegu ofbeldi eða alvarlegum hótunum, vímuefnanotkun eða misnotkun áfengis. MST gerir þá kröfu að barnið búi heima og miðar að því að ekki þurfi að koma til vistunar utan heimilis. Meðferðin fer að mestu fram á heimili fjölskyldunnar en snýr að öllu nærumhverfi hennar, stórfjölskyldu og eftir atvikum fjölskylduvinum, félagahópi barns, skóla og tómstundum. Nánar er fjallað um MST í 2. kafla.

Þjálfun í félagsfærni, sjálfstjórn og félagsvænum viðhorfum – ART

ART (*Aggression Replacement Training*) er árangursrík þjálfunaraðferð sem er beitt á meðferðarstofnunum, í skólum og annars staðar til að auka félagsfærni og fyrirbyggja árekstra í samskiptum, bæði hjá börnum og fullorðnum. Aðferðin er sérstaklega viðeigandi þar sem skert félagsþæfni og hegðunarvandi einstaklinga stafar af neikvæðum fyrirmyndum og/eða öðrum sálfræðilegum og jafnvel líffræðilegum þáttum. Barnaverndarstofa og Stuðlar stofnuðu á árinu 2007 til samstarfs við norska sérfræðinga frá Rogaland – háskólanum sem héldu grunnnámskeið í ART fyrir alla starfsmenn Stuðla og nokkra starfsmenn meðferðarheimilanna að Hvítárþakka og Geldingalæk. Helmingur starfsmanna Stuðla og sömu starfsmenn frá Hvítárþakka og Geldingalæk hlutu síðan framhaldsþjálfun sem fór fram í september 2007. Árið 2008 var þjálfuninni haldið áfram fyrir starfsmenn á meðferðarheimilunum Háholti, Laugalandi og Árbót. Um þjálfunina sáu norskur sérfræðingur í ART, sálfræðingur frá Barnaverndarstofu og einn starfsmaður frá Stuðlum. Ávinningur af markvissri notkun ART í meðferð er m.a. að samræma starfsaðferðir og hugmyndafræði langtímameðferðarheimila. Rannsóknir benda til að slíkt auki árangur meðferðar fyrir börn og unglinga og að ART-aðferðin taki á áhættuþáttum sem séu mikilvægir í hegðunar- og vímuefnavanda.

Handbók fyrir meðferðarheimilin

Efni handbókarinnar hefur að hluta orðið til á undanförunum árum í góðu samstarfi Barnaverndarstofu við starfsmenn meðferðarheimilanna, meðferðarstöðina Stuðla, starfsmenn barnaverndarnefnda, starfsmenn barna- og unglíngageðdeildar LSH og Landlæknisembættið og eru þeim þakkir færðar fyrir framlagið. Efnið hefur síðan verið kynnt meðferðarheimilunum smám saman. Í ágúst 2008 hafði allt efni verið endurskoðað, því safnað saman í eina möppu og kynnt fyrir öllum starfsmönnum meðferðarheimilanna. Handbókin er ætluð til leiðbeiningar fyrir starfsmenn meðferðarheimila sem rekin eru undir yfirstjórn Barnaverndarstofu skv. 79. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Handbókinni er í fyrsta lagi ætlað vera leiðbeinandi um fagleg vinnubrögð á meðferðarheimilunum. Í öðru lagi er henni ætlað að auðvelda aðgengi starfsmanna að skriflegum gögnum og eyðublöðum er varða daglegt starf á meðferðarheimilunum. Í þriðja lagi er henni ætlað að efla öryggi starfsmanna sem um leið eflir öryggi barna sem eru vistuð til meðferðar á heimilunum. Í fjórða lagi má nota hana til að þjálfva nýliða í starfi. Forstöðumönnum er ætlað að viðhalda þekkingu á handbókinni og hafa veg og vanda af því að unnið sé samkvæmt henni. Gert er ráð fyrir breytingum á efni hennar og viðbótum með reglulegum hætti. Í handbókinni má finna efni sem varðar skipulag barnaverndarkerfisins, ýmsar leiðbeiningar um einstaka verkþætti, um æskilega og viðurkennda starfshætti er varða t.d. viðbrögð við vímuefnaneyslu, ofbeldi, stroki, sjálfsvígshæðun og ásökunum um kynferðislegt ofbeldi og áreitni. Í viðauka er svo að finna eyðublöð, barnaverndarlög, verklagsreglur, tilmæli Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum frá árinu 2005 og staðla um vistun eða fóstur barna utan heimilis frá 2008 sem vísað er til í texta handbókarinnar. Í viðauka er einnig listi yfir allar barnaverndarnefndir á Íslandi og minnislisti yfir þau gögn sem meðferðarheimilum er ætlað að skila af sér. Öll þessi gögn má einnig finna á heimasíðu Barnaverndarstofu (<http://www.bvs.is>) sem og handbókina í heild sinni.

1.8 Upplýsinga- og fræðslustarf

Eitt af verkefnum Barnaverndarstofu samkvæmt ákvæðum reglugerðar er að koma á framfæri upplýsingum og fræðslu til almennings og þeirra sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna og fjölskyldna þeirra, auk menntastofnana þar sem nám á sviði barnaverndar fer fram. Á árinu 2008 var gefin út ársskýrsla með tölulegum upplýsingum um barnavernd. Var þetta sjötta ársskýrsla Barnaverndarstofu.

Heimasíða

Til að sinna upplýsinga- og fræðsluhlutverki gagnvart almenningi, námsmönnum og starfsmönnum barnaverndarnefnda var heimasíða Barnaverndarstofu sett upp og opnuð á fimm ára afmælisdegi stofunnar, hinn 1. júní 2000. Slóð heimasíðunnar er www.bvs.is. Á heimasíðunni má finna upplýsingar um hlutverk Barnaverndarstofu, starfsmenn stofunnar, lög og reglugerðir sem starfað er eftir, yfirlit yfir fræðslu- og ráðgjafarverkefni og fóstmál. Þar er einnig að finna lista yfir allar barnaverndarnefndir landsins með nöfnum nefndarmanna og félagsmálastjóra þar sem það á við. Upplýsingar eru um meðferðarstöð ríkisins, Stuðla, og þau langtímameðferðarheimili sem rekin eru af einkaaðilum á vegum Barnaverndarstofu. Upplýsingar um starfsemi Barnahúss koma fram og fréttasíða þar sem greint er frá málstofum sem haldnar eru á Barnaverndarstofu, námskeiðum, ráðstefnum og öðru sem telst fréttæmt. Loks má nefna að almenningur getur beint fyrirspurnum til starfsmanna Barnaverndarstofu af heimasíðunni.

Myndfundabúnaður

Barnaverndarstofa keypti á árinu 2003 myndfundabúnað sem komið var fyrir í fundarsal stofunnar í Borgartúni 21. Með því voru samskipti við barnaverndarnefndir og aðra samstarfsaðila stofunnar úti á landi auðvelduð verulega. Stefnt var að því í upphafi að taka upp allar málstofur og vonast er til að fræðslustarf muni í framtíðinni að verulegu leyti færast í þennan farveg. Upptökur af málstofum hafa verið settar á heimasíðu Barnaverndarstofu frá árinu 2004. Þannig hafa þeir sem ekki hefur gefist kostur á að sækja málstofurnar fylgst með því sem þar fór fram. Einnig getur þessi myndfundabúnaður gagnast stofunni vel í erlendu samstarfi sem er sífellt að aukast.

Handbók barnaverndarnefnda

Barnaverndarstofa gefur út handbók fyrir barnaverndarnefndir sem ætluð er fagfólki og nefndarmönnum. Í handbókinni eru kynntar reglur og starfsaðferðir sem gilda um barnaverndarstarf, stofnanir barnaverndaryfirvalda, málsmeðferð, fósturráðstafanir og fleiri atriði. Handbókinni er ennfremur ætlað að leiðbeina um vinnslu barnaverndarmála. Hún er uppfærð reglulega, svo sem þegar breytingar verða á löggjöf eða skipulagi. Allar starfandi barnaverndarnefndir hafa handbókina undir höndum. Endurnýjuð útgáfa af bókinni var sett á heimasíðu Barnaverndarstofu í mars 2006 þar sem hún er nú aðgengileg. Á árinu 2008 var áfram unnið að endurbótum á handbókinni og hún uppfærð á heimasíðunni.

Bókasafn

Bækur, tímarit, myndbönd, hljóðsnældur og annað útgefið efni í eigu Barnaverndarstofu er tölvuskráð í sérstakt bókasafnsforrit og er bókasafnið einkum ætlað starfsmönnum og samstarfsmönnum. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að kaupa vandað og fjölbreytt efni á sem flestum sviðum barnaverndarmála. Í bókasafninu eru nú rúmlega 2.300 rit. Auk bóka hefur verið byggður upp safnkostur innlendra og erlendra tímarita á sviði barnaverndarmála. Stofunni berst fjöldi ársrita og ársskýrslna stofnana sem vinna að velferðarmálum. Barnaverndarstofa kaupir einnig reglulega sérunnið fjölmiðlaefni um barnavernd.

Skjalastjórnun

Á árinu 2002 samþykkti Þjóðskjalasafn Íslands skjalaáætlun fyrir Barnaverndarstofu og Barnahús. Vinnan hófst með skjalaúttekt en markmið hennar var að skýra þörfina fyrir innleiðingu skjalastjórnunar og málakerfis sem og að gera verkáætlun um skjalastjórnun á Barnaverndarstofu og í Barnahúsi. Gerðar voru verklagsreglur sem er ætlað að tryggja að meðferð, skráning og afgreiðsla erinda sé í samræmi við stjórnslu- og upplýsingalög og lög um persónuvernd. Þessum reglum hefur verið fylgt eftir og hefur skjalavistun verið samræmd innan stofunnar.

Útgefið efni

Staðlar fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda komu út á árinu 2008. Staðlarnir eru árangur samstarfsverkefnis yfir 30 Evrópuríkja og tók Barnaverndarstofa virkan þátt í því starfi. Athygli er vakin á því að staðlarnir byggja á frásögnum barna á stofnunum, barna í fóstri, kynforeldra, fósturforeldra og starfsfólks á stofnunum sem veittu ómetanlega innsýn í reynsluheim barna sem vistast utan heimilis. Staðlarnir sem Barnaverndarstofa gaf út eru ætlaðir til að skilgreina kröfur um verklag, bæta gæði umönnunar og meðferðar og treysta öryggi og rétt barna sem vistuð eru utan heimilis á Íslandi.

Málstofur

Samstarf Barnaverndarstofu við Barnavernd Reykjavíkur, félags- og tryggingamálaráðuneytið og félagsráðgjöf í Háskóla Íslands um málstofur hélt áfram árið 2008. Málstofurnar eru haldnar í hádeginu síðasta mánudag hvers mánaðar yfir vetrarmánuðina. Þátttakendur voru fyrst og fremst frá höfuðborgarsvæðinu og var fjöldi þátttakenda í kringum 20 á hverri málstofu. Fyrirlesarar komu víða að, m.a. frá Háskóla Íslands, Landspítala, Háskólanum í Álaborg, Miðstöð heilsuverndar barna, SÁÁ og Samhjálp/Hlaðgerðarkoti. Komíð var upp myndfundabúnaði svo hægt væri að taka upp málstofurnar og gera starfsmönnum utan af landi kleift að horfa á þær á heimasíðu Barnaverndarstofu.

Eftirfarandi málstofur voru haldnar á vegum Barnaverndarstofu á árinu 2008:

- *Samvinna í barnavernd*
Anni G. Haugen lektor í félagsráðgjöf við HÍ, 28.01. 2008
- *Fjölskyldubrúin – þegar foreldrar glíma við geðræna erfiðleika, forvarnastuðningur með áherslu á þarfir barnanna*
Anna Rós Jóhannesdóttir, félagsráðgjafi og Kristín Gyða Jónsdóttir, félagsráðgjafi, 25.02. 2008
- *Barnaverndarstarf með fjölskyldum af erlendum uppruna*
Marianne Skytte, félagsráðgjafi og lektor við Háskólann í Álaborg, 31.03. 2008
- *Upplifun kynforeldra barna sem voru í styrktu fóstri*
Jóhanna Vilborg Ingvarsdóttir, nemi á Barnaverndarstofu
Tilkynningar lögreglu til barnaverndar Reykjavíkur
Helena Gunnarsdóttir og Laufey Þorvaldsdóttir, nemar á Barnavernd Reykjavíkur, 28.04. 2008
- *Þroski barna á meðgöngu og fyrstu æviárin*
Geir Gunnlaugsson, læknir og forstöðumaður Miðstöðvar heilsuverndar barna, 29.09. 2008
- *Þjónusta SÁÁ við foreldra með fíkniefnavanda og samstarf við barnaverndarnefndir*
Þórarinn Tyrtingsson, yfirlæknir, 3.10. 2008
- *Þjónusta Landspítala við foreldra með fíkniefnavanda og samstarf við barnaverndarnefndir*
Andrés Magnússon, yfirlæknir og Gunnlaug Thorlacius, félagsráðgjafi, 10.10. 2008
- *Þjónusta Samhjalpar/Hlaðgerðarkots við foreldra með fíkniefnavanda og samstarf við barnaverndarnefndir*
Guðrún Ágústsdóttir og Vilhjálmur Svan Jóhannsson, 24.10. 2008
- *Meðferðarúræði fyrir foreldra og börn þeirra 1 – 5 ára*
Anna María Jónsdóttir, geðlæknir og Stefanía Arnardóttir, hjúkrunarfræðingur, 17.11. 2008
- *Meðvirkni í vinnu með foreldrum sem glíma við fíknisjúkdóma*
Hörður Oddfríðarson, dagskrárstjóri hjá SÁÁ, 24.11. 2008

Ráðstefnur, námskeið og fyrirlestrar á árinu 2008

Málþing um stefnumarkandi áætlun félagsmálaráðuneytis og Barnaverndarstofu um barnavernd

Þann 4. febrúar 2008 héldu félagsmálaráðuneytið og Barnaverndarstofa málþing um drög sem stofan gerði fyrir ráðuneytið að stefnumarkandi áætlun ríkisins um barnavernd. Til málþingsins voru boðaðar sveitarstjórnir, barnaverndarnefndir, auk félagasamtaka og annarra aðila er málefnið snertir. Félags- og tryggingamálaráðherra setti málþingið og flutti ávarp þar sem hún gerði grein fyrir meginatriðum áætlunarinnar. Þá gerðu Bragi Guðbrandsson og Hrefna Friðriksdóttir nánari grein fyrir uppbyggingu áætlunarinnar, meginmarkmiðum, starfsmarkmiðum og einstaka verkefnum. Formaður Samtaka félagsmálastjóra, Gunnar Sandholt, og formaður barnverndarnefndar Eyjafjarðar, Baldur Dýrfjörð, fluttu innlegg og komu með gagnlegar ábendingar. Síðan voru fyrirspurnir og almennar umræður. Málþingið var vel sótt og fram komu ýmis sjónarmið sem tekin verða til athugunar áður en gengið verður frá áætluninni hjá ráðuneytinu og Barnaverndarstofu. Þegar áætlunin liggur fyrir í endanlegri gerð innan skamms verður hún lögð fram á Alþingi og kynnt frekar.

Starfsdagur með félagsmálastjórum

Þann 7. mars 2008 hélt Barnaverndarstofa starfsdag með félagsmálastjórum og forsvarsmönnum barnaverndarnefnda í Bláa lóninu í Grindavík. Alls mættu 26 félagsmálastjórar og starfsmenn barnaverndarnefnda víðsvegar að af landinu. Markmið starfsdagsins var að fjalla um málaflökkinn og þau verkefni sem staðið er frammi fyrir. Á starfsdeginum var farið yfir stöðu barnaverndarmála, nýjar leiðir í starfi barnaverndarnefnda, fjölkerfameðferð (MST) sem er nýjung í meðferðarstarfi á vegum Barnaverndarstofu og gæðastaðlar vegna fósturs og vistana utan heimilis voru kynntir. Þá fóru fram umræður í fjórum hópum þar sem fjallað var um meðferðarúræði, barnaverndarlög, skilgreiningar og skráningu, auk starfsmannahalds og álags. Tókst starfsdagurinn mjög vel.

Ráðstefna um eflingu foreldrafærni

Í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar til að styrkja stöðu barna og ungmenna er kveðið á um fyrirhugaðar aðgerðir, meðal annars á grundvelli tilmæla Evrópuráðsins (2006) nr. 19 um aðgerðir til að efla foreldrahæfni. Í áætluninni er lögð áhersla á fræðslu og ráðgjöf fyrir foreldra fyrsta barns, foreldra barna á unglingsaldri og foreldra barna með sérþarfir. Af þessu tilefni efndi félags- og tryggingamálaráðuneytið og samráðsnefnd ráðuneytanna um framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar til ráðstefnu hinn 17. mars á Grand hótél Reykjavík. Tilgangurinn var sá að kynna ólíkar aðferðir til eflingar foreldrafærni, héraendis sem erlendis. Var Barnaverndarstofa aðili að ráðstefnunni ásamt FÍUM. Fyrirlesarar komu frá Ástralíu og Noregi, þeir voru: Alan Ralph, prófessor við University of Queensland, Brisbane, Ástralíu, en hann fjallaði um Triple P–aðferðina til eflingar foreldrafærni sem hefur öðlast útbreiðslu langt út fyrir Ástralíu, meðal annars í Evrópu og Kanada; og Björn Arnesen félagsráðgjafi, frá Kompetansesenter for Atferd, Brándheimi, Noregi, en hann greindi meðal annars frá reynslu Norðmanna af ólíkum aðferðum til eflingar foreldrahæfni, meðal annars Webster–Stratton–uppeldisaðferðinni, the Incredible Years, ásamt MST og PMT. Þá voru fluttir fyrirlestrar um starf á þessu sviði héraendis, meðal annars innleiðingu MST á Íslandi, PMT í Hafnarfirði, SOS-uppeldisfræðsluna í Reykjaneshæð ásamt öðrum aðferðum til eflingar foreldrahæfni á vegum Miðstöðvar heilsuverndar barna og ÓB Ráðgjafar ehf. Forstjóri Barnaverndarstofu var ráðstefnustjóri en hann gegndi jafnframt formennsku í samráðsnefnd ráðuneytanna um framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar.

Samstarf við Blátt áfram um ráðstefnu

Dagana 15. og 16. maí hélt Blátt áfram í samvinnu við Barnaverndarstofu og fleiri ráðstefnu í Háskólanum í Reykjavík. Markmið ráðstefnunnar var að benda á leiðir til að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Fyrirlesarar ráðstefnunnar voru Shirley Pacey, dr. Vincent Felitti, Justin Berry og Robert Geffner Ph.D., sem öll starfa á þessu sviði í Bandaríkjunum. Aðrir fyrirlesarar voru Þorbjörg Sveinsdóttir, sérhæfður rannsakandi í Barnahúsi, Sigrún Sigurðardóttir hjúkrunarforstjóri á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hornbrekku á Ólafsfirði og Svava Björnsdóttir, einn af stofnendum Blátt áfram. Forstjóri Barnaverndarstofu setti ráðstefnuna sem var vel sótt.

Ráðstefna Norræna félagsins gegn illri meðferð á börnum

Dagana 18.–21. maí var ráðstefna Norræna félagsins gegn illri meðferð á börnum haldin í Reykjavík, félagið var stofnað í Kaupmannahöfn 1998 og er aðili að ISPCAN. Þema ráðstefnunnar var „Börn og vanræksla: Þarfir –Skyldur–Ábyrgð“. Félagið stendur fyrir ráðstefnum á 3ja ára fresti og skipta Norðurlöndin með sér að hýsa þær. Ráðstefnan var skipulögð í samstarfi við Barnaverndarstofu og var afar vel sótt.

Fræðsludagar um fjölkerfameðferð

Barnaverndarstofa hélt tvenna vel sótta fræðsludaga um fjölkerfameðferð (MST) í tengslum við innleiðingu MST á Íslandi. Fræðslan var sérstaklega ætluð foreldrum, starfsfólki í barnavernd og félagsþjónustu, lögreglu sem og þeim sem koma að starfi með unglungum í vanda, svo sem í skólum, meðferðar- eða tólmundastarfi. Þann 2. júní 2008 var haldinn fræðsludagur þar sem norsku sálfræðingarnir Bernadette Christensen og Anne Cathrine Strütt kynntu innleiðingu MST í Noregi og innihald meðferðarinnar. Sú fyrrnefnda er verkefnisstjóri fyrir MST í Noregi og sú síðarnefnda er reyndur MST-handleiðari. Þann 2. október var fræðsludagur þar sem bandaríski félagsráðgjafinn Marshall Swenson frá höfuðstöðvum MST Services í Charleston kynnti MST-aðferðina fyrir fjölmönnum hópi áheyranda. Síðar sama dag var haldinn samráðsfundur með Marshall og hópi lykilaðila úr þeim kerfum sem MST á Íslandi á í mestum samskiptum við, svo sem félagsþjónustu, skólakerfi og barnavernd. Nánar er fjallað um MST í 2. kafla um meðferðarúræði.

Hátíð í tilefni 10 ára afmælis Barnahúss á Íslandi

Barnahús fagnaði 10 ára afmæli laugardaginn 1. nóvember 2008. Af því tilefni efndi Barnaverndarstofa til afmælishátíðar í Þjóðmenningarhúsinu þar sem forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, flutti opunarávarp. Auk hans fluttu ávörp Hrannar Björn Arnarsson aðstoðarmaður félags- og tryggingamálaráðherra, fyrir hönd Jóhönnu Sigurðardóttur félags- og tryggingamálaráðherra, Carl Göran Svedin barnageðlæknir og prófessor við Háskólann í Linköping og Chris Newlin framkvæmdastjóri The National Children's Advocacy Center í Bandaríkjunum. Bragi Guðbrandsson forstjóri Barnaverndarstofu lauk dagskrá afmælishátíðarinnar með því að þakka sérstaklega þremur einstaklingum fyrir sérstakt framlag á starfstíma Barnahúss, þeim Vigdís Erlendsdóttur fyrrv. forstöðumanni Barnahúss, Jóni Kristinssyni barnalækni og Ólöfu Pétursdóttur dómstjóra sem lést fyrir á árinu.

Málþing barnahúsa á Norðurlöndum

Í tilefni 10 ára afmælis Barnahúss á Íslandi efndi Barnaverndarstofa til málþings dagana 31. október og 1. nóvember 2008. Málþingið sóttu m.a. 14 fulltrúar barnahúsa í Svíþjóð og Noregi auk þeirra Carls Görans Svedin barnageðlæknis og prófessors við Háskólann í Linköping og Chris Newlin framkvæmdastjóra The National Children's Advocacy Center, USA. Á málþinginu fjallaði Bragi Guðbrandsson forstjóri Barnaverndarstofu m.a. um aðdragandann að stofnun barnahúss hér á landi og mikilvægi þess að barnahúsin á Norðurlöndum ættu með sér samstarf í framtíðinni, ekki síst á sviði rannsókna og fræðslu. Chris Newlin ræddi um mikilvægi þess að öll börn heimsins hefðu aðgang að barnahúsi og fór yfir þætti sem eru sameiginlegir fyrir barnahús þó löggjöf sé ólík milli landa. Hann benti á að til að takast á við ofbeldi gegn börnum sé nauðsynlegt að opna umræðuna. Alltaf er lítið á ofbeldi gegn börnum sem málefni barna en ekki má gleyma því að börn verða fullorðin og ofbeldi gegn börnum hefur áhrif á líf þeirra á fullorðinsárum. Benti hann á nauðsyn þess að setja þennan málaflokk í efnahagslegt samhengi en í dæmaskyni nefndi hann að í Bandaríkjunum er 16% hærri heilbrigðiskostnaður vegna kvenna sem urðu fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku og 36% hærri vegna þeirra sem urðu fyrir bæði kynferðis- og líkamlegu ofbeldi.

Fulltrúar barnahúsanna í Svíþjóð, Noregi og Íslandi kynntu starfsemina í hverri borg fyrir sig, þau starfa með ólíku sniði en það sem er sammerkt með þeim öllum er að barnið er sett í fókus og unnið samkvæmt þverfaglegri nálgun og þvert á stofnanir. Ólöf Ásta Farestveit forstöðumaður Barnahúss á Íslandi fór yfir starfsemi hússins en alls hefur 2001 barn notið þjónustu Barnahúss þessi 10 ár. Carl Göran Svedin fjallaði um mikilvægi samstarfs barnahúsa til framtíðar. Á málþinginu gafst starfsmönnum barnahúsanna tækifæri til þess að koma hugmyndum sínum og reynslu á framfæri og setja sér markmið til framtíðar. Niðurstaða umræðna var að öflugt samstarf væri til þess fallið að auka þekkingu og fagmennsku. Því bæri að stefna að því að fulltrúar frá öllum barnahúsum kæmu saman árlega til þess að bera saman bækur sínar. Var m.a. ákveðið að vinna að fyrirkomulagi á samstarfi á milli stofnananna í framtíðinni, samræmingu á gagnagrunni og gerð gæðastaðla sem lagðir yrðu til grundvallar þeim faglegu kröfum sem gera verður til barnahúsa.

Á árinu 2008 fór fram fræðsla á vegum Barnaverndarstofu um barnaverndarstarf á Íslandi. Fór fræðslan meðal annars fram í ýmsum menntastofnunum, m.a. fyrir nema í diplómanámi í HÍ í barnavernd, þroskaþjálfaraskor Kennaraháskóla Íslands, leikskólaskor Kennaraháskóla Íslands, sérkennslubraut framhaldsdeildar Kennaraháskóla Íslands, félagsráðgjöf Háskóla Íslands, uppeldis- og menntunarfræði Háskóla Íslands, námsráðgjöf við Háskóla Íslands, Endurmenntun Háskóla Íslands, starfskonur Stúgamóta, starfsmenn Sjónstöðvar Íslands og neyðarverði 112.

Á innlendum vettvangi voru eftirtalin erindi haldin á vegum Barnaverndarstofu/Barnahúss á árinu 2008:

- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti erindið „Foreldraábyrgð og barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna“, á ráðstefnu Siðfræðistofnunar og Kristnihátíðarsjóðs sem haldin var í Norræna húsinu þann 4. janúar.
- Forstöðumaður Barnahúss flutti erindið „Starfsemi Barnahúss og viðtalstækni“ á málþingi um ofbeldi gegn börnum, á vegum Fræðslu- og forvarnarfélags lækna- og hjúkrunarfræðinema sem haldið var þann 13. mars. Á sama málþingi flutti félagsráðgjafi Barnaverndarstofu erindið „Barnaverndarkerfið. Eðli og umfang ofbeldis tilkynnt til barnaverndarnefnda“.
- Sálfræðingur Barnaverndarstofu fyrir innleiðingu fjölkerfameðferðar hélt fyrirlestur á málstofu rannsóknarseturs í barna- og fjölskylduvernd í Háskóla Íslands þann 15. apríl um fjölkerfameðferðina MST.
- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti opunarávarp á alþjóðaráðstefnu Blátt áfram, „Prevention is the best way“, sem haldin var dagana 15. og 16. maí í Reykjavík. Á ráðstefnunni flutti sérhæfður rannsakandi í Barnahúsi erindið „The Children's House“ þar sem gerð var grein fyrir starfsemi Barnahúss.
- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti opunarávarp á 5. norrænu ráðstefnu norrænu barnaverndarsamtakanna Nordisk forening mod barnemishandling og omsorgssvikt, NFBO. Ráðstefnan var haldin í Reykjavík dagana 18.–21. maí í Reykjavík. Sérhæfður rannsakandi í Barnahúsi flutti erindi á ráðstefnunni sem bar heitið „Child sexual abuse in Iceland: The nature of the abuse according to children's testimony and their ability to give evidence. Findings from Children's House, a national child advocacy center“. Jafnframt flutti forstjóri stofunnar erindið: „Abuse in residential institutions: Lessons from past experience“.
- Forstjóri stofunnar flutti erindið: „Barnasáttmáli S.þ.: ábyrgð foreldra og samfélags“, á ráðstefnu Alþýðusambands Íslands, „Málefni barna –hvert viljum við stefna?“, sem haldin var í Norræna húsinu 23. september.
- Forstöðumaður Barnahúss flutti erindið „Barnehuset“ á ráðstefnunni „Voldforebyggende seminar på voksenåsen“, dagana 24.–25. nóvember í Reykjavík.

Starfsmenn Barnaverndarstofu og Barnahúss tóku margsinnis þátt í fjölmiðlaumfjöllun á árinu í ljósvakamiðlum sem og dagblöðum í tengslum við frétt aflutning af ýmsum þáttum er varða barnavernd svo og umræðuþáttum um málefni barna. Enda þótt Barnaverndarstofa geti ekki tjáð sig um einstaklingsmál er það stefna stofunnar að koma á framfæri almennum upplýsingum og fræðslu þegar tækifæri bjóðast í fjölmiðlaumræðu.

Á vettvangi erlends samstarfs fluttu starfsmenn Barnaverndarstofu/ Barnahúss eftirfarandi erindi á árinu 2008:

- Forstöðumaður Barnahúss flutti erindið „Barnahús í Island“ á samnorrænni ráðstefnu um ofbeldi og stuðning fyrir þolandur ofbeldis, sem haldin var í Helsinki dagana 3.–5. mars. Heiti ráðstefnunnar var „Váldets offer – vårt ansvar“ .
- Lögfræðingur stofunnar hélt erindi um skýrslutökur af börnum vegna kynferðislegs ofbeldis á Norræna lögfræðingafinginu í Kaupmannahöfn í ágúst.
- Forstöðumaður Barnahúss flutti erindi á ráðstefnunni „Building a Europe for and with children: Towards a strategy for 2009 –2011“ á vegum Evrópuráðs. Erindið bar heitið „Sharing experiences and examples of good practice: The Children’s House in Iceland“. Ráðstefnan var haldin í Stokkhólmi þann 8. september.
- Sérhæfður rannsakandi í Barnahúsi flutti erindi á ráðstefnunni „XVIIth ISPCAN International Congress on Child Abuse and Neglect: Towards a Caring and Non-Violent Community: A Child’s Perspective“ á vegum IPSCAN. Ráðstefnan var haldin dagana 7.–10. september í Hong Kong. Erindið bar heitið „Child sexual abuse in Iceland: The nature of the abuse according to children’s testimony and their ability to give evidence. Findings from Children’s House, a national child advocacy center“.
- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti erindið: „The implementation of CoE Rec. on Rights of Children Living in Residential Institutions among Member States“ á fundi nefndar Evrópuráðsins um börn og fjölskyldur, sem haldinn var í Strassborg dagana 3.–4. nóvember .
- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti ávarp Íslands á III. World Congress aganist Sexual Exploitation of Children and Adolescents, sem haldin var í Rio de Janeiro, Brasilíu, dagana 25.–28. nóvember. Jafnframt flutti hann ásamt Lars Löf, framkvæmdastjóra „Children at Risk“ - samstarfsins, erindið „Child – friendly forensic investigations“ á heimsþinginu.
- Forstöðumaður Barnahúss flutti þann 15. desember erindið „Barnahús: Children’s assessment Centre in Iceland and treatment resources for sexually abused children“ á ráðstefnunni „Child – victim of sexual violence“ á vegum umboðsmanns barna í Litháen og nefndar um mannréttindi í Litháen. Ráðstefnan var haldin í Vilmíus í Litháen.

1.9 Starfsleyfi heimila

Samkvæmt reglum nr. 401/1998 er starfsemi hvers konar vistheimila, meðferðarheimila, hjálparstöðva, neyðarathvarfa auk sumardvalarheimila og sumarbúða háð leyfisveitingu Barnaverndarstofu. Í reglunum segir að fyrir hverju heimili skuli vera rekstraraðili sem beri ábyrgð á öllu því starfi sem þar fer fram og að leyfisveiting sé m.a. háð ýmsum skilyrðum. Umsóknir eru metnar á grundvelli upplýsinga um hagi umsækjanda, svo sem menntun og starfsreynslu, fjölda starfsfólks og menntun þess, starfstíma heimilis, aldur dvalarbarna, fjölda þeirra og dvalartíma í senn. Einnig skulu liggja fyrir sakavottorð umsækjanda og þess sem veitir heimilinu forstöðu sé hann annar, meðmæli til handa hinum sömu, mat slökkviliðsstjóra á húsnæði, leyfi byggingarnefndar og starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Auk þess er leitað eftir umsögnum barnaverndarnefndar á þeim stað þar sem heimilinu er ætlað að starfa. Þeir aðilar sem ekki hafa haft leyfi áður fá leyfi til eins árs en geta síðan sótt um leyfi til 5 ára.

Í *töflu 1.9.1* er að finna yfirlit yfir sumarbúðir barna sem höfðu leyfi árin 2002–2008. Þrjú leyfi voru endurnýjuð á árinu 2008 og tvö ný leyfi gefin út. Rekstraraðilar eru annaðhvort félagasamtök eða einkaaðilar. Starfsemi sumarbúða miðast við aldurshópin 7 til 18 ára.

Í 84. grein barnaverndarlaga er kveðið á um að barnaverndarnefndir, ein eða fleiri saman, skuli hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila, sambýla, samningum við einkaheimili eða á annan hátt til að:

- a. veita börnum móttöku, þar með talið í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða til könnunar á aðstæðum þeirra, svo sem vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra.
- b. veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa.

Þegar úrræði á grundvelli þessarar greinar er komið á fót skal sækja um það til Barnaverndarstofu. Um getur verið að ræða leyfi til að reka viðvarandi úrræði, svo sem vistheimili eða einkaheimili sem er ráðið til að taka að sér börn fyrirvaralítið fyrir barnaverndarnefnd, eða leyfi til að vista barn hjá ákveðinni fjölskyldu í ákveðinn tíma. Í þeim tilvikum er oft um að ræða ættingja, svo sem foreldri sem ekki fer með forsjá barns eða afa og ömmu.

Árið 2008 veitti Barnaverndarstofa 57 aðilum leyfi til að vista börn á grundvelli 84. gr. en 78 aðilum árið 2007. Átta leyfum var sýnað eða þau dregin til baka á árinu 2008 en átján árið 2007.

Tafla 1.9.1 Sumarbúðir sem hlutu starfsleyfi Barnaverndarstofu á árunum 2002–2008 (fjöldi barna)

Nafn heimilis	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Arnbjarnarlækur	12	12	12	12	12	12	12
Ástjörn í Kelduhverfi	70	70	70	70	67	67	70
CISV Klébergsskóli	–	–	44	–	–	–	–
CISV Hjallaskóli	–	–	–	–	–	47	–
Draumasmiðjan í Borgarfirði	–	–	–	–	–	–	20
Dvöl í Dalvíkurbyggð	–	–	–	15	15	–	–
Fitjar í Skagafirði	4	–	–	–	–	–	–
Hallkelsstaðahlíð	9	–	–	–	–	–	–
Holt í Öndarfirði	–	–	–	–	–	–	20
Hraun í Grímsnesi	16	16	16	–	–	–	–
Húsey á Egilsstöðum	–	–	–	–	12	12	–
Ingólfshvöll í Ölfusi	8	–	–	–	–	–	–
Kaldársel við Hafnarfjörð	38	38	38	40	40	40	40
KFUM við Hólavattn í Eyjafirði	24	24	24	24	24	24	24
Kirkjumíðstöð við Eiðavatn	40	40	40	40	40	40	40
Kollafoss í Húnavatnssýslu	4	4	4	4	4	–	–
Landsbjörg, Gufuskálar	–	–	24	–	25	25	28
Minni – Mástunga	5	5	–	–	–	–	–
Skálholtsskóli, Ármessýslu	–	–	–	30	30	30	30
Úlfjótsvatn	55	55	55	55	60	60	60
Vatnaskógur	95	95	95	95	95	95	98
Vestmannsvatn	–	44	44	44	44	44	44
Vindáshlíð í Kjós	64	64	80	80	80	80	80
Ævintýraland, Reykjum í Hrutafirði	100	100	–	–	–	–	–
Ævintýraland, Hvanneyri í Borgarfirði	–	–	130	130	–	–	–
Ævintýraland, Grunnskóli Hellu	–	–	–	–	–	50	–
Ævintýraland, Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði	–	–	–	–	–	–	90
Ölver í Leirársveit	42	42	42	42	42	42	42

1.10 Umsagnir til Alþingis

Barnaverndarstofu berst árlega frumvörp frá Alþingi þar sem óskað er umsagnar stofunnar. Árið 2008 veitti stofan umsagnir um eftirtalin frumvörp:

- Frumvarp til laga um Norðurlandasamning um hjúskap, ættleiðingu og lögráð
- Frumvarp til laga um ættleiðingar

1.11 Samstarfsverkefni

Starfsmenn Barnaverndarstofu tóku þátt í innlendum og erlendum samstarfsverkefnum á árinu 2008.

Innlent samstarf fólst m.a. í þátttöku í eftirfarandi verkefnum:

- Samstarf er við Fangelsismálastofnun ríkisins vegna framkvæmdar á samningi um afplánun fanga yngri en 18 ára en stefnt er að því að þeir verði að jafnaði vistaðir á meðferðarheimilum. Samstarfssamningur var gerður í október 1998 og endurnýjaður í nóvember 1999. Samstarfið byggir á 1. mgr. 11. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist og 3. og 51. gr. barnaverndarlaga (sjá nánar í kafla 2).
- Samstarf við barna- og unglingsgeðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss og SÁÁ hófst árið 2001. Um er að ræða reglubundna fundi „fagteymis“ þessara stofnana (sjá nánar í kafla 2).
- Frá árinu 2004 hafa Barnaverndarstofa, barnaverndarnefndir og Neyðarlínan 112 átt samstarf um móttöku tilkynninga fyrir barnaverndarnefndir. Markmið samstarfsins er að hægt verði að hafa samband við allar barnaverndarnefndir landsins í gegnum Neyðarlínuna 112 á öllum tímum sólarhringsins og auðvelda þannig almenningi að rækja lagaskyldur sínar um að tilkynna til barnaverndarnefnda. Til Neyðarlínunnar hafa borist um 2.500 tilkynningar frá upphafi. Samstarf barnaverndarnefnda og Neyðarlínu hefur gengið vel en hér var um nýmæli að ræða sem ekki fannst fordæmi fyrir í Evrópu. Barnaverndarstofa er þátttakandi í undirbúningi og framkvæmd 112 dagsins sem var haldinn í fimmta sinn þann 11. febrúar 2008. Að þessu sinni var sjónum beint að neyðarnúmerinu sjálfu; hvað gerist þegar hringt er í 112, hvers getur hringjandinn vænst af 112 og hvers væntir 112 af hringjanda?
- „Náum áttum“ er opinn samstarfshópur um fræðslu- og forvarnir en að hópnum standa auk Barnaverndarstofu: Landlæknir, Lýðheilsustöð, Félag fagfólks í frítímaþjónustu (FFF), FRÆ- Fræðsla og forvarnir, Reykjavíkurborg, Vímulaus æska/Foreldrahús, IOGT á Íslandi, Heimili og skóli, Þjóðkirkjan, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Barnaheill og Umboðsmaður barna. Á árinu 2008 voru haldnir fimm opnir fræðslufundir á vegum „Náum áttum“- hópsins, en fundina hafa sótt að meðaltali 70–80 manns. Á fundunum var fjallað um forvarnir í sveitarfélögum, ávinning forvarna, fjölmenningu – stefnumótun og framkvæmd, framhaldsskólann – virka forvarnir í framhaldsskólum? Auk þess var fjallað um Barnasáttmálann – öryggi og vernd; hvar ábyrgðin liggur.
- Árið 2008 átti Barnaverndarstofa samstarf við félagasamtökin Blátt áfram um að halda alþjóðlega ráðstefnu þar sem virtir erlendir fyrirlesarar miðluðu af þekkingu sinni. Ráðstefnan var haldin í maí og var meginviðfangsefni hennar forvarnir á sviði kynferðisbrota. Um er að ræða árvissan viðburð en fyrsta ráðstefnan var haldin í maí 2006. Stefnt er að framhaldi á þessu samstarfi.
- Á árinu 2008 endurnýjaði Barnaverndarstofa samstarfssamning við Félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands um Rannsóknarsetur í barn- og fjölskylduvernd. Setrið sem stofnað var 12. maí 2006 er starfrækt af Félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands og heyrir undir Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Aðrir sem koma að samstarfinu eru heilbrigðisráðuneytið, félags- og tryggingamálaráðuneytið, velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Biskupsstofa, Umboðsmaður Barna, Reykjanesbær og Efling – stéttarfélag. Markmið Rannsóknarsetursins er að efla fjölskyldu- og barnavernd á grundvelli vísindalegra rannsókna og vera vettvangur rannsókna á sviði fjölskyldu- og barnaverndar. Með því að efla og auka rannsóknir á félags- og tilfinningalegum aðstæðum barna og fjölskyldna skapast grundvöllur fyrir því að öll stefnumörkun stjórnvalda og annarra í málefnum barna verði markvissari og þjóni hagsmunum þeirra betur. Barnaverndarstofa telur mikilvægt að efla rannsóknir á aðstæðum barna í víðum skilningi og sér sóknarfæri í samstarfi við Rannsóknarsetrið.
- Samstarfssamningur er við Félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands um nema í starfsnámi, bæði á stofunni og í Barnahúsi.

Barnaverndarstofa á jafnan samstarf við erlenda aðila sem vinna að barnavernd. Á árinu 2008 fólst erlent samstarf í eftirfarandi verkefnum:

- Á árinu 2008 var haldið áfram samstarfinu „Children at Risk“ á vettvangi Eyrstrasaltsráðsins með virkum hætti. Frá byrjun árs 2002 hefur samstarfið verið formlegur þáttur í starfsemi Eyrstrasaltsráðsins. Þá var sett á stofn sérstök deild í málefnum barna á skrifstofu Eyrstrasaltsráðsins sem lýtur stjórn fastanefndar sem hefur umsjón með þessu samstarfi ríkjanna og var forstjóri Barnaverndarstofu kjörinn fyrsti formaður nefndarinnar. Komið var á fót vefsíðu, eins konar gagnabanka á veraldarvefnum á sviði barnaverndar með sérstakri áherslu á kynferðisofbeldi gegn börnum (sjá slóðina www.childcentre.info). Á vefsíðunni er m.a. að finna upplýsingar um löggjöf, stefnumótun, rannsóknir, ráðstefnur, fréttir um málefni barna o.fl. Á árinu 2008 voru haldnir tveir stjórnarfundir, í Helsinki í apríl og Ósló í september. Á starfsárinu var einkum lögð áhersla á réttindi barna á stofnunum, mansal barna, kynferðisofbeldi á Netinu, afbrot barna og áframhaldandi þróun heimasíðu samstarfsins. Þá var unnið að undirbúningi námskeiða og þjálfunar fyrir þá sem sinna eftirliti með stofnunum, stuðningi við börn eftir að stofnanardvöl lýkur og um meðferð mála þar sem grunur leikur á mansali. Forstjóra Barnaverndarstofu og framkvæmdastjóra samstarfsins var falið að halda erindi á þriðja heimsþinginu gegn kynferðisofbeldi barna og ungmenna sem haldið var í Rio De Janeiro undir lok ársins.
- Á árinu 2008 sinnti forstjóri Barnaverndarstofu ráðgjafarstörfum á vettvangi Evrópuráðsins en hann var skipaður sérstakur ráðgjafi „Committee of Expert on Social Policy for Families and Children (CS – SPFC)“ árið á undan. Bygðist sú skipan á störfum hans fyrir Evrópuráðið undanfarin ár við samningu tilmæla um réttindi barna á stofnunum (2005), tilmæla ráðsins um eflingu foreldrahæfni (2006) og samningi ráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi (2007). Var forstjóranum m.a. falin gerð skýrslu um framkvæmd tilmælanna um réttindi barna á stofnunum hjá aðildarríkjunum og lauk hann því verkefni á árinu og verður hún gefin út á árinu 2009.
- Barnaverndarstofa tók virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd ráðstefnu Norræna félagsins gegn illri meðferð á börnum, sem haldið var dagana 18.–21.maí.
- Á árinu var unnið að undirbúningi Norræna barnaverndarþingsins, sem haldið er þriðja hvert ár. Einn undirbúningsfundur var haldinn á árinu í Bergen þar sem þingið verður næst haldið haustið 2009.
- Alþjóðlega barnaverndarþingið ISPCAN, the International Society for the Prevention of Child Abuse and Neglect, var haldið í Hong Kong í september og sóttu það fjórir fulltrúar Barnaverndarstofu og Barnahúss, en þar var haldin málstofa um starfsemi Barnahúss og áreiðanleika framburðar barna í kynferðisbrotamálum.

Heimsóknir erlendra og innlendra aðila

Ýmsir góðir gestir heimsóttu Barnaverndarstofu á árinu 2008. Í tengslum við ráðstefnu Norræna félagsins gegn illri meðferð á börnum, sem fyrr er vikið að, óskuðu fjölmargir eftir kynningu á starfi Barnaverndarstofu og undirstofnana. Meðal þeirra voru starfsmenn Barnaverndarstofu Færeyja og barnaverndarstarfsmenn þar í landi auk starfsmanna frá félagasamtökunum „Nobodies Children“ í Póllandi sem eru stærstu þjónustuaðilar í barnavernd þar í landi.

Hópur starfsmanna barnaverndar í Sogni í Noregi heimsótti Barnaverndarstofu á árinu og kynnti sér þær breytingar sem orðið hafa á barnaverndarstarfi undanfarin ár. Einnig komu fulltrúar frá Statens institutions styrelse í Svíþjóð og fengu kynningu á starfsemi Barnaverndarstofu.

Eins og undanfarin ár komu fjölmargir innlendir aðilar á Barnaverndarstofu. Má þar nefna heimsókn félagsráðgjafarnema, nema frá Fjölbrotaskóla Suðurlands auk skólahjúkrunarfræðinga úr Grafarvogi.

2 Meðferð á vegum Barnaverndarstofu

Í byrjun árs 2008 voru rekin sjö meðferðarheimili á grundvelli þjónustusamnings við Barnaverndarstofu. Öll voru þau staðsett á landsbyggðinni, þ.e. Árbót og Berg í Aðaldal í Þingeyjarsýslu sem eru rekin af einum og sama rekstraraðilanum, Laugaland í Eyjafjarðarsveit, Háholt í Skagafirði, Hvítárbakki í Borgarfirði, Geldingalækur á Rangárvöllum og Götusmiðjan Brúarholt í Grímsnesi

Þær breytingar urðu á árinu 2008 að meðferðarheimilið Hvítárbakki í Borgarfirði, Geldingalækur á Rangárvöllum og Berg í Aðaldal voru lögð niður vegna fækkunar umsókna. Sérúrræði var starfrækt fyrir einn einstakling frá miðju ári á meðferðarheimilinu Laugalandi. Meðferðarheimili Götusmiðjunnar hefur á að skipa 13 rýmum fyrir vímuefnaneytendur undir 18 ára aldri auk nokkurra rýma til viðbótar sem ætluð eru einstaklingum á aldrinum 18–21 árs. Í lok árs 2008 voru meðferðarrými á einkareknum heimilum alls 30. Að jafnaði er miðað við þennan fjölda, en ákveðinn sveigjanleiki er til staðar ef aðstæður kalla á.

Á árinu 2008 urðu þær breytingar á langtíma meðferðarheimili Barnaverndarstofu að nýir rekstraraðilar tóku við í Háholti. Sveinn Allan Morthens lét af störfum sem rekstraraðili í Háholti og við tóku Ari Jóhann Sigurðsson og Hinrik Már Jónsson.

Á meðferðarstöð ríkisins, Stuðlum að Fossaleyni 17 í Grafarvogi, fer fram greiningar- og meðferðarvistun fyrir átta unglinga á meðferðardeild. Að auki eru þar fimm neyðarvistunarrými á lokaðri deild þar sem fram fer gæsla á meðan lagt er mat á hvaða úrræða gripið skal til í máli barns. Heildarfjöldi meðferðarrýma sem Barnaverndarstofa hafði yfir að ráða í lok ársins 2008 var því alls 38, auk fimm neyðarvistunarrýma á lokaðri deild Stuðla.

MST

Frá því í nóvember 2008 hefur *fjölkerfameðferð* (Multisystemic Therapy, MST) verið í boði fyrir börn á aldrinum 12–18 ára sem búa á suðvesturhorni landsins. Svokölluð meðferðarteymi eru grunneiningar í MST og samanstandur eitt MST – teymi af 3–4 þerapistum og einum teymisstjóra sem gegnir veigamiklu hlutverki í að tryggja meðferðarfylgni, handleiðslu og starfsþróun þerapista og í samskiptum við barnaverndarnefndir. Ætla má að MST-teymi geti sinnt um 16–20 fjölskyldum í senn, eða 40–50 fjölskyldum á ári, á þjónustusvæði sem getur spannað 60 mínútna akstursfjarlægð. Af þessum sökum er ekki útlit fyrir næg verkefni fyrir MST-teymi á öðrum stöðum á landinu en suðvesturhorninu.

Undanfarin ár hefur MST-meðferðin verið innleidd í 12 þjóðlöndum að Íslandi meðtöldu. Við innleiðingu MST á Íslandi hefur verið horft sérstaklega til Noregs þar sem aðferðin var innleidd á landsvísi árið 1999. Fjölkerfameðferð er gagnreynd aðferð sem þýðir að sýnt hefur verið fram á góðan árangur með endurteknum samburðarrannsóknnum. Þeir sem innleiða meðferðina þurfa því að uppfylla ströng skilyrði og gæðakröfur við framkvæmd hennar til að tryggja meðferðarfylgni, þ.e. að meðferðin sé framkvæmd á sambærilegan hátt og í þeim rannsóknum sem sýndu fram á virkni hennar.

MST gerir þá kröfu að barnið búi heima og fer meðferðin að mestu fram á heimili fjölskyldunnar en snýr að öllu nærumhverfi barnsins: foreldrum, fjölskyldu, félagahópi, skóla og tómstundum. MST-þerapisti hittir fjölskylduna og er í sambandi við hana í síma nokkrum sinnum í hverri viku en smám saman getur dregið úr fundum þegar líður á meðferðina. Foreldrar hafa jafnframt aðgengi að þerapista í síma allan sólarhringinn og er það mikilvægt í meðferðinni. MST varir í 3–5 mánuði, unnið er út frá skilgreindum meðferðarmarkmiðum og staða þeirra metin vikulega. Reynt er að efla hæfni og bjargráð foreldra til að takast á við aðsteðjandi vandamál, auka samheldni innan fjölskyldunnar, tengsl og samráð foreldra og skóla og annarra lykilaðila í umhverfi barnsins. Með þessu er reynt að draga úr líkum á þyngri inngrípum eins og vistun barns utan heimilis.

Samkvæmt markmiðum og leiðbeiningum Barnaverndarstofu um fjölkerfameðferð hér á landi er markhópurinn börn á aldrinum 12–18 ára sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda og að óbreyttu kæmi til vistunar utan heimilis vegna þess að önnur stuðningsúrræði samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga hafa ekki skilað árangri eða eru talin ófullnægjandi. Um er að ræða hegðunarvanda sem kemur fram í flestu eða öllu sem hér er talið upp:

- Afskiptum lögreglu, afbrotum eða refsiverðri hegðun.
- Skrópi í skóla eða verulegum skólaerfiðleikum.
- Líkamlegu ofbeldi gegn öðrum á heimili, í nærumhverfi eða skóla.
- Ofbeldisfullum talsmáta eða hótunum um að skaða aðra.
- Vímuefnanotkun eða misnotkun áfengis.

2.1 Umsóknir um meðferðarheimili

Lögum samkvæmt tekur Barnaverndarstofa ákvörðun um hvort sérhæfð meðferð á meðferðarheimili sem rekið er á grundvelli barnaverndarlaga skuli veitt. Á það jafnt við um meðferðarstöð ríkisins, Stuðla, sem og langtímameðferðarheimili. Einungis barnaverndarnefndir geta sótt um meðferð að fengnu samþykki forsjáaraðila og barns sem náð hefur 15 ára aldri. Forsenda þess að langtímameðferð sé veitt er sú að mál barns hafi áður hlotið viðeigandi greiningu (svo sem á Stuðlum eða á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss) og einnig hvort farið hefur verið að ákvæðum barnaverndarlaga um að beita vægustu úrræðum, gæta meðalhófs o.s.frv. Fjallað er um umsóknir á Stuðla af sérstöku fagteymi.

Umsóknir um meðferð á Stuðlum og á langtímameðferðarheimili á árinu 2008 voru alls 132 eða 32 umsóknum færri en árið á undan. Fækkun umsókna og stytting á meðferðartíma hefur haft í för með sér að biðtími eftir meðferð hefur almennt styst. Þó getur bið eftir viðeigandi úrræði verið nokkur í sumum tilvikum. Bið eftir langtímameðferð er mismunandi eftir árstíma þar sem starfi langtímameðferðarheimila er þannig háttáð að móttaka skjólstæðinga og útskrift þeirra tekur nokkurt mið af skólagöngu. Engin raunveruleg bið var eftir vímuefnameðferð á meðferðarheimili Götusmiðjunnar árið 2008. Á meðferðardeild Stuðla var biðtími árið 2008 4–6 vikur.

Á árinu 2008 var 2 umsóknum synjað vegna ófullnægjandi gagna, röksemda eða upplýsinga, eða 1,5% allra umsókna. Þá voru 27 umsóknir eða rúmlega 20% dregnar til baka, 15 þeirra eftir að hafa hlotið samþykki Barnaverndarstofu.

Kyn, aldur og búseta

Svo sem sjá má í töflu 2.1.1 eru piltar í meirihluta þeirra sem sótt er um meðferð fyrir á því tímabili sem taflan sýnir. Í töflunni kemur fram að algengast hefur verið að sótt sé um meðferð fyrir 16 ára unglinga, en árið 2008 voru flestir 17 ára. Árið 2008 var 81% barnanna á aldrinum 15, 16 eða 17 ára. Meðalaldur var 15,6 ár.

Tafla 2.1.1 Umsóknir eftir kyni og aldri

		2005		2006		2007		2008	
		Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Kyn	Piltar	100	61,0	106	54,6	91	55,5	70	53,0
	Stúlkur	64	39,0	88	45,4	73	44,5	62	47,0
Aldur	17 ára	25	15,2	39	20,1	32	19,5	39	29,5
	16 ára	32	19,5	51	26,3	51	31,1	31	23,5
	15 ára	49	29,9	44	22,7	40	24,4	37	28,0
	14 ára	40	24,4	44	22,7	25	15,2	18	13,6
	13 ára	12	7,3	9	4,6	8	4,9	4	3,0
	12 ára	–	–	3	1,5	5	3,0	3	2,3
	11 ára	2	1,2	2	1,0	1	0,6	–	–
	10 ára	2	1,2	2	1,0	–	–	–	–
	9 ára	1	0,6	–	–	1	0,6	–	–
8 ára	1	0,6	–	–	1	0,6	–	–	
Samtals		164	100,0	194	100,0	164	100,0	132	100,0

Árið 2008 var hlutfall umsókna frá Reykjavík tæplega 41%, frá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu tæplega 26% og rúmlega 33% frá landsbyggðinni (tafla 2.1.2).

Tafla 2.1.2 Umsóknir eftir búsetu

	2005		2006		2007		2008	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Reykjavík	69	42,1	90	46,4	74	45,1	54	40,9
Nágrenni Reykjavíkur*	54	32,9	59	30,4	44	26,8	34	25,8
Landsbyggðin	41	25,0	45	23,2	46	28,0	44	33,3
Samtals	164	100,0	194	100,0	164	100,0	132	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarheppur.

Tilfni umsóknar og fjölskylduáðstæður

Tilfni þess að sótt er um greiningu eða meðferð á vegum Barnaverndarstofu er oftast fjölpætt, þar á meðal hegðunarerfiðleikar barns, afbrot, ofbeldi, útigangur, fjarvistir úr skóla og vímuefnaneysla, svo sem lesa má af *töflu 2.1.3*. Taflan sýnir fjöltalningu vandamála í hverju tilviki fyrir sig, allt eftir mati starfsmanna barnaverndarnefndar. Engan veginn ber að líta á flokkunina sem vísindalega skilgreiningu á vanda barna eða orsakaskýringu, heldur hvaða augum starfsmenn barnaverndarnefnda og hugsanlega aðstandendur barns líta aðstæður. Enda þótt hegðunarvandi barns sé oftast talinn höfuðástæða umsóknar leikur enginn vafi á því að í mörgum tilvikum er um djúpstæða bresti að ræða í uppeldisaðstæðum barns sem með réttu má telja höfuðorsök þess hvernig komið er.

Tafla 2.1.3 Tilfni umsókna (%)

Flokkun á vanda barnanna	2005	2006	2007	2008
Hegðunarvandi	72	53	45	80
Áfengisneysla	52	52	34	43
Önnur vímuefnaneysla	53	55	40	70
Heimilisvandi	23	22	16	14
Útigangur	38	41	32	45
Félagsleg einangrun	1	0	0	0
Námsörðugleikar	62	49	35	48
Fjarvist úr skóla	3	1	1	3
Afbrot	30	26	30	27
Ofbeldishegðun	32	24	24	27
Ofvirkni/misþroski	30	20	15	1
Þunglyndi/geðröskun	28	31	17	6
Þolandi kynferðisofbeldis	5	7	2	2
Beitti aðra kynferðisofbeldi	1	2	1	0
Annað, fötun, einelti	34	10	41	34
Fjöldi barna sem sótt er um fyrir	164	194	164	132

Hundraðshlutfall miðast við hve oft tiltekin flokkun er nefnd samanborið við fjölda umsókna en vandi hvers einstaklings getur verið fjölpættur eins og fram kemur víða í skýrslunni.

Yfirlit fjölskylduáðstæðna barna sem sótt er um meðferð fyrir kemur fram í *töflu 2.1.4*. Þar kemur m.a. fram að árið 2008 bjó hjá kynforeldrum rúmur fjórðungur barna, sem sótt var um meðferð fyrir, en var rúmur fimmtungur árið 2007. Annars staðar í skýrslunni (*tafla 4.1.5*) er fjallað um heimilisaðstæður barna sem barnaverndarnefndir höfðu afskipti af og þar kemur fram að hlutfall barna sem bjó hjá kynforeldrum er hærra eða rúmlega 36% árið 2007 og rúmlega 37% árið 2008.

Í byrjun árs 2008 var í fyrsta skipti óskað eftir upplýsingum um uppruna barna í umsóknum um vistun barns á meðferðarheimili. Skv. skilgreiningu eru börn af erlendum uppruna ef barn á a.m.k. annað foreldri af erlendum uppruna eða ef barn á annað fyrsta móðurmál en íslensku. Af 132 börnum sem sótt var um fyrir voru 10 börn af erlendum uppruna skv. skilgreiningunni hér að framan sem eru 7,6% en 92,4% voru börn af íslenskum uppruna.

Tafla 2.1.4 Fjölskylduaðstæður samkvæmt umsóknum

Fjölskyldugerð	2005		2006		2007		2008	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Kynforeldrar	38	23,2	43	22,2	33	20,1	35	26,5
Móðir/stjúpi	36	22,0	43	22,2	31	18,9	29	22,0
Einstæð móðir	64	39,0	63	32,5	51	31,1	45	34,1
Einstæður faðir	7	4,3	12	6,2	18	11,0	9	3,8
Forsjá hjá barnaverndarnefnd	–	–	–	–	1	0,6	–	–
Faðir/stjúpa	8	4,9	12	6,2	10	6,1	3	2,3
Móður – /föðurfórelrar	–	–	1	0,5	–	–	1	0,8
Fósturfórelrar	8	4,9	12	6,2	10	6,1	3	2,3
Annað	3	1,8	8	4,1	10	6,1	7	5,3
Alls	164	100,0	194	100,0	164	100,0	132	100,0

2.2 Umsóknir um MST

Kyn, aldur og búseta

Alls bárust 19 umsóknir frá hausti 2008 en MST-teymið hóf störf í nóvember. Allar umsóknirnar hlutu samþykki Barnaverndarstofu. Árið 2008 var hlutfall umsókna frá Reykjavík rúm 42% (*tafla 2.2.1*).

Tafla 2.2.1 Umsóknir eftir búsetu

	Fjöldi	%
Reykjavík	8	42,1
Aðrir	11	57,9
Samtals	19	100,0

Sjá má í *töflu 2.2.2* að piltar voru í meirihluta þeirra sem sótt var um meðferð fyrir. Aldur barnanna var frá 12 til 16 ára og var meðalaldur 14,2 ár.

Tafla 2.2.2 Umsóknir eftir kyni og aldri

Kyn	Fjöldi	%
Piltar	13	68,4
Stúlkur	6	31,6
Samtals	19	100,0

Yfirlit yfir fjölskylduaðstæður barna sem sótt er um meðferð fyrir kemur fram í *töflu 2.2.3*.

Tafla 2.2.3 Fjölskylduaðstæður samkvæmt umsóknum

Fjölskyldugerð	Fjöldi	%
Kynforeldrar	6	31,6
Móðir/stjúpi	5	26,3
Einstæð móðir	6	31,6
Einstæður faðir	2	10,5
Alls	19	100,0

2.3 Meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga

Almennt um starfsemi Stuðla

Tvenns konar starfsemi fer fram á Stuðlum. Annars vegar á meðferðardeild þar sem fram fer greining og meðferð. Hins vegar á lokaðri deild (neyðarvístun) sem notuð er í þeim tilgangi að stöðva óæskilega eða varhugaverða hegðun barns. Einungis barnaverndarnefnd vistar barn í neyðarvístun, þ. á m. að tilstuðlan lögreglu. Á neyðarvístun störfuðu fimm starfsmenn í rúmlega fjórum og hálfu stöðugildi. Hámarksvistunartími í neyðarvístun er einungis 14 dagar. Þar er ekki gert ráð fyrir eiginlegu meðferðarstarfi en grunnur lagður að meðferð annars staðar. Deildin er ekki refsíúrræði heldur staður til að kalla fram tilfinningalegt jafnvægi unglings með því að veita honum skjól, fæði, afþreyingu og samneyti við fullorðna og hvetja hann til að láta af áhættuhegðun, afbrotum o.s.frv. Forstöðumenn langtímameðferðarheimila geta vistað unglung á lokaðri deild ef þörf krefur.

Á meðferðardeild eru rými fyrir átta börn í senn, öll í sólarhringsvistun. Stuðst er við reglubundna dagskrá og atferlismótandi þrepa- og stigakerfi en meðferðin er löguð að þörfum hvers og eins. Greining og meðferð haldast í hendur í einstaklings- og fjölskylduviðtölum, sálfræðiathugunum og úrvinnslu upplýsinga frá barnaverndarnefndum, fyrri meðferðaraðilum, skóla o.s.frv. Á deildinni eru að jafnaði 25–26 starfsmenn auk lausráðinna, þ. á m. til afleysinga (sjá nánari lýsingu á starfi Stuðla í fyrri ársskýrslum Barnaverndarstofu og á heimasíðu Stuðla).

Lögð er áhersla á að „opna“ meðferðardeild eins og kostur er. Helgar- og dagleyfi eru mikilvægur hluti þess þar sem unglingurinn fær tækifæri til að láta reyna á það sem hann er að vinna með hverju sinni. Unglingur sækir sinn skóla eftir því sem kostur er, einnig vinnu og, ef áhugi er á, tómstundastarf utan Stuðla, svo sem æfingar með íþróttafélagi, tónlistarnám o.s.frv. Á Stuðlum fór m.a. fram starfsþjálfun tveggja sálfræðinema á árinu 2008. Sama ár fór fram gagnert endurmat á öryggisþáttum þar sem sérstök áhersla var lögð á brunavarnir.

Á árinu 2008 tóku Stuðlar þátt í verkefninu *Þjóð gegn þunglyndi*. Mikilvægt samstarf við Lýðheilsustöð fólst í því að aðlaga staðlaða vímuefnakönnun á Stuðlum spurningalista svonefndrar ESPAD- rannsóknar sem Lýðheilsustöð vinnur með fyrirtækinu Rannsóknir og greining. Með því skapaðist forsenda til að bera þessar upplýsingar saman. ESPAD er fjölþjóðleg könnun til að meta neyslu fíkniefna meðal grunnskólanema.

Breytingar á starfi lokaðrar deildar

Í lok ágúst 2007 varð alvarlegur bruni í húsnæðni lokaðrar deildar Stuðla. Húsnæði deildarinnar varð ónothæft allt það ár og fram eftir árinu 2008. Þessi röskun hafði óhjákvæmileg áhrif á gervalla starfsemina. Það var ekki fyrr en í maí 2008 að hægt var að taka húsnæði deildarinnar aftur í notkun.

ART (Agression Replacement Training)

Á árinu 2008 hefur ART-þjálfun verið fastur þáttur í starfsemi meðferðardeildar Stuðla. Haustið 2008 var starfsmönnum þeim sem höfðu komið til starfa eftir grunnþjálfunarnámskeið boðin þátttaka í þjálfun. Námskeiðið var haldið á Akureyri fyrir alla starfsmenn meðferðarheimila sem rekin eru á grundvelli barnaverndarlaga og skipulagt af Barnaverndarstofu.

Eftirmeðferð

Eftirmeðferð á Stuðlum var á árinu 2008 fest í sessi. Foreldrum voru t.a.m. boðin viðtöl við sálfræðing í allt að 5 skipti. Eftirmeðferðin hefur nú alfarið verið flutt yfir á verksvið meðferðardeildar og starfsmenn deildarinnar annast framkvæmd ásamt sálfræðingum Stuðla. Auk viðtala við starfsmenn og/eða sálfræðing er áhersla lögð á að fylgjast með hvort unglingur neytir fíkniefna, hvort hann sækir skóla eða vinnu o.s.frv. Í nokkrum tilfellum getur verið um vettvangsheimsókn starfsmanna Stuðla að ræða á vinnustað unglings eða heimili. Á árinu sóttu 45 börn eftirmeðferð, 23 piltar og 22 stúlkur. Flest þeirra eða 23 koma úr Reykjavík, 23 frá nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur, 6 af Suðurnesjum og 4 af Norður- og Austurlandi.

Foreldravinna og foreldrakvöld

Aukin áhersla hefur með árunum verið lögð á foreldravinna á Stuðlum. Foreldraviðtöl og dags- og helgarleyfi eru mikilvægir þættir í meðferð á Stuðlum. Á árinu 2008 hafa foreldrakvöld verið skipulögð. Þá er m.a. boðið upp á fræðslu, umræður og tækifæri til að hitta aðra foreldra. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir og er það von starfsmanna að hægt verði að efla þetta starf enn frekar. Starfsmenn af meðferðardeild sjá um foreldrakvöldin.

Lokuð deild (neyðarvistun)

Í töflu 2.3.1 er yfirlit um dvöl barna á lokaðri deild Stuðla á fimm ára tímabili. Komur eru töluvert fleiri en fjöldi einstaklinga þar sem hluti barnanna er vistaður oftast en einu sinni.

Tafla 2.3.1 Notkun á lokaðri deild Stuðla (neyðarvistun)

Ár	Komur	Fjöldi einstaklinga	Piltar	Stúlkur	Vistunardagar	Meðalfjöldi barna	Nýtingarhlutfall	Meðalvistunartími í dögum
2004	143	82	37	45	791	2,2	61,0%	5,5
2005	199	108	53	55	1.061	2,9	58,3%	5,3
2006	202	113	56	57	1.252	3,4	68,6%	6,3
2007	182	93	44	49	1.078	3,0	59,1%	5,9
2008	182	106	57	49	1.153	3,2	63,2%	6,3

Í töflu 2.3.2 er birt yfirlit yfir nýtingu lokaðrar deildar Stuðla eftir mánuðum. Starfsemi lokaðrar deildar raskaðist vegna bruna sem varð í ágúst 2007 og var deildin rekin í bráðabirgðahúsnæði þar til í maí 2008. Meðan á viðgerðum stóð var ekki hægt að vista fleiri en þrjú börn á deildinni. Þetta má sjá á tölum frá áramótum og fram í maí.

Tafla 2.3.2 Notkun á lokaðri deild Stuðla (neyðarvistun) eftir mánuðum

	Vistunardagar					Meðalfjöldi barna				
	2004	2005	2006	2007	2008	2004	2005	2006	2007	2008
Janúar	84	122	122	137	62	2,7	3,9	3,9	4,4	2,0
Febrúar	47	110	105	113	85	3,4	3,5	3,8	4,0	3,0
Mars	89	88	71	91	88	2,9	2,8	2,4	2,9	2,8
Apríl	78	112	72	94	69	2,6	3,6	2,3	3,1	2,3
Maí	74	117	115	120	117	2,4	3,8	3,7	3,9	3,8
Júní	67	68	90	123	88	2,2	2,2	3,0	4,1	2,9
Júlí	69	75	93	110	97	2,2	2,4	3,0	3,5	3,1
Ágúst	57	55	133	59	96	1,8	1,8	4,3	1,9	3,1
September	68	97	123	20	119	2,3	3,1	4,1	0,7	4,0
Október	41	73	134	71	117	1,3	2,4	4,3	2,3	3,8
Nóvember	57	68	100	87	119	1,8	2,2	3,3	2,9	4,0
Desember	60	76	94	53	96	1,9	2,5	3,0	1,7	3,1
Samtals	791	1.061	1.252	1.078	1.153	2,3	2,9	3,4	3,0	3,2

Meðferðardeild

Í töflu 2.3.3 er yfirlit yfir notkun á meðferðardeild Stuðla yfir fimm ára tímabil. Komur eru fleiri en fjöldi einstaklinga. Tölur í dálkunum piltar og stúlkur merkja fjölda einstaklinga en skáletraðar tölur í svigum merkja komur (fjöldi innskripta). Þannig komu 19 stúlkur til meðferðar árið 2008 í samtals 21 skipti o.s.frv. Eins og sjá má hefur oftast verið beðið um endurinnlögn fyrir stúlkur á umræddu tímabili. Möguleikar á endurinnlögn voru rýmkaðir í kjölfar breytinga á miðju ári 2002 þegar vistunartími var stytur til að vinna niður biðlista. Athygli vekur hins vegar að barnaverndarnefndir hafa takmarkað nýtt möguleika á endurinnlögn.

Tafla 2.3.3 Notkun á meðferðardeild Stuðla

Ár	Komur	Fjöldi einstaklinga	Piltar	Stúlkur	Vistunardagar	Meðalfjöldi barna	Nýtingarhlutfall	Meðalaldur í árum	Meðalvistunartími í vikum
2004	49	48	22	26 (27)	2.287	6,2	77,5%	15,9	6,7
2005	50	49	31	18 (19)	2.347	6,4	80,0%	14,8	6,7
2006	51	50	25	25 (26)	2.274	6,2	77,5%	14,9	6,2
2007	46	44	21 (22)	23 (24)	2.161	6,1	74,0%	15,0	6,7
2008	50	48	29	19 (21)	2.359	6,5	82,8%	15,6	6,7

Í *töflu 2.3.4* er yfirlit yfir fjölda vistunardaga og meðalfjölda barna skipt eftir mánuðum á fimm ára tímabili. Fækkun í júní, júlí og ágúst stafar vegna samdráttar á starfsemi sökum sumarleyfa. Á síðari hluta ársins 2007 var mannekla þess valdandi að full afköst náðust ekki í starfseminni. Þessi breyting hefur gengið að fullu til baka á árinu 2008 og gott betur.

Tafla 2.3.4 Notkun á meðferðardeild Stuðla eftir mánuðum

	Vistunardagar					Meðalfjöldi barna				
	2004	2005	2006	2007	2008	2004	2005	2006	2007	2008
Janúar	240	193	192	219	196	7,7	6,2	6,2	7,1	6,3
Febrúar	211	166	224	223	230	7,3	5,9	8,0	8,0	8,2
Mars	219	242	225	183	233	7,1	7,8	7,3	6,5	7,5
Apríl	240	238	223	199	229	8,0	7,9	7,4	6,6	7,6
Maí	243	234	179	228	236	7,8	7,5	5,8	7,4	7,6
Júní	172	150	145	135	154	5,7	5,0	4,8	4,4	5,1
Júlí	120	121	126	123	120	3,9	3,9	4,1	4,0	3,9
Ágúst	174	126	130	109	113	5,6	4,1	4,2	3,5	3,6
September	163	215	152	142	194	5,4	7,2	5,1	4,6	6,5
Október	175	230	214	172	217	5,6	7,4	6,9	5,5	7,0
Nóvember	176	202	235	195	218	5,9	6,7	7,8	6,3	7,3
Desember	154	230	229	233	219	5,0	7,4	7,4	7,5	7,1
Samtals	2.287	2.347	2.274	2.161	2.359	6,2	6,4	6,2	5,9	6,5

Í *töflu 2.3.5* er yfirlit yfir fjölda og aldursskiptingu barna á meðferðardeild á fimm ára tímabili. Þar kemur fram að flest börn sem vistast á Stuðlum eru 15 ára. Athygli vekur að á árinu 2008 dvöldu óvenjumörg 17 ára börn á Stuðlum, fjölgaði miðað við árin á undan.

Tafla 2.3.5 Fjöldi barna á meðferðardeild Stuðla, skipt eftir aldri

	2004		2005		2006		2007		2008	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
12 ára	0	0,0	1	2,0	0	0	2	4,3	0	0
13 ára	7	14,3	8	16,0	5	9,8	7	15,2	3	6,0
14 ára	18	36,7	19	38,0	23	45,1	11	23,9	14	28,0
15 ára	13	26,5	18	36,0	15	29,4	14	30,4	17	34,0
16 ára	11	22,4	3	6,0	8	15,7	11	23,9	8	16,0
17 ára	0	0,0	1	2,0	0	0	1	2,2	8	16,0
Samtals	49	100,0	50	100,0	51	100,0	46	100,0	50	100,0

Helsti vandi barna á meðferðardeild:

K-SADS-greiningarviðtal

Börn sem koma á Stuðla eiga við margvísleg vandamál að stríða, svo sem erfiðleika í námi, samskiptum og aðlögun, vímuefnavanda o.s.frv., mörg á fleiri en einu sviði. Greiningarniðurstöður eru ásamt öðrum upplýsingum notaðar til að greina alvarleika vandans með það að markmiði að gera sér grein fyrir hvaða aðstoð komi barni og fjölskyldu best.

Í *töflu 2.3.6* koma fram upplýsingar um helsta vanda barna á meðferðardeild skv. K-SADS-greiningarviðtali, sem er hálfstaðlað og ítarlegt viðtalsform sem vísar í DSM-IV-greiningarkerfið (sjá nánari lýsingu á framkvæmd greiningar og túlkun niðurstaðna í ársskýrslu Barnaverndarstofu sem út kom árið 2008 og var fyrir árin 2006–2007).

Tafla 2.3.6 Helstu niðurstöður greiningar samkvæmt K-SADS-greiningarviðtali

	Piltar				Stúlkur				Samtals			
	2007 (N=22)		2008 (N=29)		2007 (N=24)		2008 (N=21)		2007 (N=46)		2008 (N=50)	
	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%
Ofvirkni og/eða athyglisbrestur	9	40,9	12	41,4	12	50,0	4	19,0	21	45,7	16	32,0
Hegðunarröskun frá barnsaldri	6	27,3	6	20,7	3	12,5	3	14,3	9	19,6	9	18,0
Hegðunarröskun frá unglingsárum	7	31,8	11	37,9	10	41,7	8	38,1	17	37,0	19	38,0
Þunglyndi/óyndi	3	13,6	3	10,3	6	25,0	4	19,0	9	19,6	7	14,0
Kvíðaraskanir	3	13,6	2	6,9	3	12,5	1	4,8	6	13,0	3	6,0

Ekki kemur fram fjöldi þeirra barna sem ná ekki að uppfylla greiningarskilmerki á þeim þáttum sem fram koma í töflunni. Hvert barn getur uppfyllt greiningarskilmerki í fleiri en einum flokki.

Aðrar niðurstöður; skólaerfiðleikar og þolendur ofbeldis

Í *töflu 2.3.7* koma fram ýmsar aðrar niðurstöður greiningar sem fengnar eru úr aðsendum upplýsingum eða upplýsingum sem komu fram á Stuðlum.

Tafla 2.3.7 Aðrar niðurstöður 2006–2007

	Piltar				Stúlkur				Samtals			
	2007 (N=22)		2008 (N=29)		2007 (N=24)		2008 (N=21)		2007 (N=46)		2008 (N=50)	
	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%
Skólaerfiðleikar	17	77,3	25	83,3	19	79,2	14	66,7	36	78,3	40	80,0
Almennir eða sértækir námserfiðleikar	10	45,5	11	36,7	12	50,0	6	28,6	22	47,8	18	36,0
Polandi kynferðislegrar misnotkunar	1	4,5	3	10,0	6	25,0	9	42,9	7	15,2	12	24,0
Polandi líkamlegs/andlegs ofbeldis	5	22,7	3	10,0	4	16,7	2	9,5	9	19,6	5	10,0
Polandi eineltis	6	27,3	9	30,0	6	25,0	4	19,0	12	26,1	13	26,0

Ekki kemur fram fjöldi þeirra barna sem falla ekki í einhvern ofantalinna flokka. Hvert barn getur fallið í einn eða fleiri flokka.

2.4 Langtímameðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu

Í *töflum 2.4.1–2.4.3* koma fram tölulegar upplýsingar um starfsemi meðferðarheimila Barnaverndarstofu á árunum 2004–2008. Á tímabilinu sem taflan sýnir hefur rýmum fækkað úr 57 í 46. Á árinu 2008 var þremur heimilum lokað með samtals 17 rýmum og sérúrræði opnað með rými fyrir eitt barn. Í lok ársins 2008 voru því 30 rými á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu. Skv. samningum Barnaverndarstofu við meðferðarheimilin getur þó verið svigrúm til að vista fleiri börn undir ákveðnum kringumstæðum.

Heimilin voru sjö talsins í upphafi árs 2008. Á árinu 2008 voru heimilin með fjögur til þrettán rými og stöðugildi frá fjórum og upp í fimmtán. Börnum sem vistast á heimilunum hefur fækkað og árið 2008 voru alls 85 börn á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu. Vistunardögum hefur auk þess fækkað á þessu tímabili og voru 8.252 árið 2008. Árin 2004–2006 var nýtingarhlutfallið 79%–88% en lækkaði í 65% árið 2008. Við útreikninga á nýtingarhlutfalli var tekið tillit til lokunar meðferðarheimilanna Hvítárþakka, Geldingarlæks og Bergs og þess að nýir rekstraraðilar tóku við Háholti. Lágt nýtingarhlutfall árið 2008 skýrist af lokun þriggja meðferðarheimila, þar sem aðsókn dróst saman og ekki var vistað í stað þeirra sem útskrifuðust. Að lokum er ekki hægt að gera ráð fyrir að rými séu fullnýtt alla daga ársins. Óviðráðanlegar tafir geta orðið á innskrift barns og útskrift barns getur átt sér stað án fyrirvara.

Samkvæmt *töflu 2.3.3* er meðallengd dvalar 246 dagar árið 2008. Alls voru 68 börn útskrifuð árið 2008 en þeim hefur fækkað umtalsvert frá árinu 2004 þegar 105 börn útskrifuðust. Rétt er að vekja á því athygli að meðallengd dvalar er reiknuð miðað við inn- og útskrift á tiltekin heimili, en sama barn getur hugsanlega vistast á fleiri en einu heimili og raunverulegur dvalartími þess í meðferð er því lengri. Reikna má með að þetta hafi verið algengara þegar leið á tímabilið 2003–2007 í kjölfar aukinnar sérhæfingar heimilanna. Raunverulegur meðferðartími barna getur því verið nokkru lengri en tölur um meðallengd dvalar gefa til kynna.

Tafla 2.4.1 Fjöldi rýma, fjöldi vistaðra barna og stöðugildi á meðferðarheimilum 2004–2008

Heimili	Fjöldi rýma					Fjöldi vistaðra barna yfir árið					Fjöldi stöðugilda ¹				
	2004	2005	2006	2007	2008	2004	2005	2006	2007	2008	2004	2005	2006	2007	2008
Árbót/Berg ²	12	12	12	11	11	23	20	22	20	18	15,0	15,0	15,0	16,5	15,0
Geldingalækur ³	6	6	6	6	6	11	11	9	7	4	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0
Torfastaðir ⁴	6	–	–	–	–	6	–	–	–	–	8,0	–	–	–	–
Laugaland ⁵	8	8	7	6	6	18	12	10	13	11	5,0	5,0	5,0	6,0	6,0
Hvítárbakki ⁶	6	6	6	6	6	9	10	11	11	1	7,0	7,0	7,0	6,0	6,0
Háholt	6	4	4	4	4	11	8	9	12	12	10,0	10,0	10,0	13,0	10,0
Götusmiðjan Brúarholt ⁷	13	13	13	13	13	58	44	45	41	39	17,0	17,0	17,0	16,0	15,0
Alls/meðaltal	57	49	48	46	46 ⁸	136	105	106	104	85	66,0	58,0	58,0	61,5	56,0

¹Fjöldi stöðugilda miðast við þjónustusamning.

²Rýmum fækkaði á Bergi úr sex í fimm þann 1. júlí 2007. Bergi hætti starfsemi þann 1. sept. 2008.

³Geldingalækur hætti starfsemi 1. júní 2008

⁴Torfastaðir hættu starfsemi í lok september 2004.

⁵Á árinu 2007 var ákveðið að fækka rýmum á Laugalandi og voru þau alls 6 í lok árs.

⁶Hvítárbakki hætti starfsemi 15. feb. 2008.

⁷Ungmennni á aldrinum 18–21 árs vistast einnig í Brúarholti og erfitt er að leggja mat á vinnuframlag vegna rýma í samningi við Barnaverndarstofu sérstaklega. Fjöldi stöðugilda er hér meðalfjöldi stöðugilda skv. ársreikningum. Árið 2004 fluttist starfsemi Götusmiðjunnar frá Árvöllum að Akurhóli. Árið 2007 flutti starfsemin að Brúarholti í Grímsnesi.

⁸Auk þessara rýma var opnað sérúrræði 15. júní 2008 á Laugalandi með rými fyrir 1 barn.

Tafla 2.4.2 Vistunardagar, raunfjöldi og nýtingarhlutfall rýma 2004–2008

Heimili	Hámarksfjöldi vistunardaga					Raunfjöldi vistunardaga					Nýtingarhlutfall %				
	2004	2005	2006	2007	2008	2004	2005	2006	2007	2008	2004	2005	2006	2007	2008
Árbót/Berg ¹	4.380	4.380	4.380	4.198	3.405	3.857	4.150	4.249	4.016	2.433	88	95	97	96	72
Geldingalækur ²	2.190	2.190	2.190	2.190	906	1.901	2.082	1.916	1.635	563	87	95	88	75	62
Torfastaðir ³	1.638	–	–	–	–	864	–	–	–	–	53	–	–	–	–
Laugaland ⁴	2.920	2.920	2.555	2.190	2.190	2.378	2.228	2.145	1.969	1.653	81	76	84	90	76
Hvítárakki ⁵	2.190	2.190	2.190	1.818	276	2.144	2.497	1.996	625	76	98	100	91	34	28
Háholt ⁶	2.190	1.460	1.460	1.460	1.216	1.670	1.175	1.293	1.328	890	76	80	89	91	73
Götusmiðjan ⁷	4.745	4.745	4.745	3.510	4.745	3.255	3.638	2.971	2.365	2.637	69	77	63	67	56
Alls/meðaltal	20.253	17.885	17.520	15.366	12.738	16.069	15.770	14.570	11.938	8.252	79*	88*	83*	78	65 ⁸

¹Hinn 1. júlí 2007 var rýmum fækkað á Bergi úr sex í fimm og 1. sept. 2008 hætti Berg starfsemi, því er hámarksfjöldi vistunardaga miðaður við það.

²Geldingalækur hætti starfsemi þann 1. júní 2008, því er hámarksfjöldi vistunardaga miðaður við það.

³Torfastaðir hættu starfsemi í lok september 2004. Þar sem fyrir lá að Torfastaðir væru að hætta á árinu var ekki vistað í stað þeirra sem útskrifuðust. Það skýrir lágt nýtingarhlutfall árið 2004.

⁴Athugið að lágt nýtingarhlutfall á Laugalandi árið 2004 og 2005 stafar af því að færri börn voru vistuð þar hluta ársins og er nýtingarhlutfall því í raun hærra en taflan gefur til kynna. Á árinu 2007 var ákveðið að fækka rýmum og voru þau alls 6 í lok árs.

⁵Árið 2007 tóku nýir rekstraraðilar við Hvítárakka og vegna þess er hámarksfjöldi vistunardaga miðaður við 10 mánuði ársins. Hvítárakki hætti starfsemi þann 15. feb. 2008 og miðast hámarksfjöldi vistunardaga við það.

⁶Á árinu 2008 tóku nýir rekstraraðilar við Háholti og vegna þess er hámarksfjöldi vistunardaga miðaður við 10 mánuði ársins.

⁷Árið 2004 fluttist starfsemi Götusmiðjunnar frá Árvöllum að Akurhóli. Árið 2007 fluttist starfsemi að Brúarholti í Grímsnesi sem varð til þess að engin ný börn voru tekin inn í meðferð yfir sumartímann og er því hámarksfjöldi vistunardaga miðaður við 9 mánuði ársins. Þar eru rými einnig nýtt af ungmennum 18–21 árs en hér er einungis tekinn fram fjöldi vistunardaga barna yngri en 18 ára. Eins má nefna að í Götusmiðjunni er að auki eitt pláss til endurvistunar.

⁸Lágt nýtingarhlutfall árið 2008 skýrist af lokun þriggja meðferðarheimila, þar sem aðsókn dróst saman og ekki var vistað í stað þeirra sem útskrifuðust.

*Leiðrétting frá fyrri ársskýrslum

Tafla 2.4.3 Fjöldi útskrifta í langtímameðferð, meðallengd barna við lok dvalar og dvalartími 2004–2008

Heimili	Fjöldi útskrifaðra					Meðallengd dvalar í dögum					Meðalaldur við lok dvalar					Lengsta dvöl í dögum					Stysta dvöl í dögum				
	2004	2005	2006	2007	2008	2004	2005	2006	2007	2008	2004	2005	2006	2007	2008	2004	2005	2006	2007	2008	2004	2005	2006	2007	2008
Árbót/Berg ¹	14	8	12	10	12	355	393	395	381	292	15,9	16	15,7	15,9	15,8	631	732	616	689	501	162	182	98	178	37
Geldingalækur ²	6	6	4	3	4	345	430	357	458	511	13,4	12,8	12,3	10,3	12,3	438	707	559	666	655	168	269	89	91	227
Torfastaðir ³	6	–	–	–	–	505	–	–	–	–	15,6	–	–	–	–	813	–	–	–	–	263	–	–	–	–
Laugaland	13	8	4	8	8	333	246	404	320	247	15,8	15,9	16,4	15,9	16	708	446	520	541	360	127	155	326	7	154
Hvítárakki ⁴	3	3	7	10	1	570	539	458	142	76	17	16,7	16,6	16,1	15	825	740	861	480	76	140	345	21	3	76
Háholt	10	7	5	9	8	189	165	179	164	105	16,4	16	16,6	16,6	16,3	310	299	180	91	205	52	72	176	9	25
Götusmiðjan ⁵	53	37	38	40	35	-57	-88	-77	-56	-61	17,1	17,6	16,9	17	16,8	193	197	261	147	360	–	–	–	1	1
Alls/meðaltal	105	69	70	80	68	383	355	359	293	246	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–

¹ Berg hætti starfsemi 1. september 2008.

¹ Geldingalækur hætti starfsemi 1. júní 2008.

³ Torfastaðir hættu starfsemi í lok september 2004.

⁴ Hvítárakki hætti starfsemi 15. febrúar 2008.

⁵ Árið 2004 fluttist starfsemi Götusmiðjunnar frá Árvöllum að Akurhóli og árið 2007 að Brúarholti í Grímsnesi.

Dvalartími í meðferð hjá Götusmiðjunni er ekki sambærilegur við önnur heimili og er hann birtur til upplýsingar en er ekki reiknaður inn í meðallengd dvalar á meðferðarheimilum.

3 Barnahús

Barnahús hóf starfsemi 1. nóvember 1998. Frá upphafi var ákveðið að um 2ja ára tilraunaverkefni væri að ræða. Gert var ráð fyrir að í lok tilraunatímabilsins yrði tekin ákvörðun um framtíð hússins í ljósi þeirrar reynslu sem þá hefði fengist af starfsemi þess. Tilraunaverkefnið var framlengt um eitt ár og að því loknu, árið 2001, var ákveðið að starfsemi þess yrði fest í sessi.

Þann 1. nóvember 2008 voru því tíu ár liðin frá því að Barnahús tók til starfa. Eftir 10 ára starfsemi höfðu 2001 barn notið þjónustu hússins. Í tilefni 10 ára afmælis Barnahúss var öllum forstöðumönnum barnahúsa á Norðurlöndum, alls 15 manns, boðið á málþing á vegum Barnaverndarstofu, ásamt Chris Newlin framkvæmdastjóra (*Executive Director*) landssamtaka barnahúsa í Bandaríkjunum (*National Children's Advocacy Center*). Málþingið var haldið í Bláa lóninu 31. október og 1. nóvember þar sem farið var yfir tilgang og markmið starfsemi barnahúsanna og lagðar línur fyrir komandi samstarf. Fyrirhugað er að stofna samtök barnahúsa á Norðurlöndunum og efla þannig samstarf og þjónustu með hagsmuni barna að leiðarljósi. Afmælishátíð var einnig haldin í Þjóðmenningarhúsinu þann 1. nóvember þar sem öllum samstarfsaðilum hússins var boðið að samgledjast á þessum merku tímamótum. Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, var viðstaddur athöfnina. Barnahús hefur öðlast ýmsar viðurkenningar á þessu tímabili, m.a. frá Evrópusamtökunum *Save the Children* og fyrstu viðurkenningu Barnaheilla sem veitt var vegna sérstaks framlags í þágu réttinda barna á árinu 2002. Á árinu 2006 veitti ISPCAN (*International Society for the Prevention of Child Abuse and Neglect*) Barnahúsi svonefnd *Multidisciplinary Team Award*. Verðlaunin voru afhent á heimsráðstefnu samtakanna í York á Englandi í september 2006. Þessi verðlaun voru veitt í annað sinn en verðlaunahafi er valinn úr hópi tilnefninga sem berast samtökunum. Barnahús var tilnefnt til þessara verðlauna af dr. Patti Toth, lögfræðingi hjá Washington State Criminal Justice Commission, og fyrrum samstarfsmönnum hennar hjá Harbourview Medical Center í Seattle en þeir hafa fylgst með stofnun og starfsemi Barnahúss frá upphafi. Í tilnefningunni kom fram það álit að Barnahús hafi valdið þáttaskilum í meðferð kynferðisbrotamála á Íslandi, einkum með tilliti til þarfa og réttinda barna. Þá hafi framlag Íslands til að vinna að framgangi þverfaglegra vinnubragða varðandi kynferðisbrot gegn börnum í Evrópu verið einkar árangursríkt eins og opnum barnahúsa í Svíþjóð og Noregi beri ótvíræðan vitnisburð um.

Ýmsir heimsóttu Barnahús árið 2008, jafnt innlendir sem erlendir aðilar. Heimsóknir frá Norðurlöndunum, einkum Svíþjóð og Noregi, voru sérstaklega tíðar á þessu tímabili þar sem Svíar og Norðmenn hafa opnað fjölda barnahúsa að íslenski fyrirmynd, þau fyrstu í Svíþjóð árið 2005 og Norðmenn fylgdu í kjölfarið árið 2008. Árið 2008 fékk Barnahús meðal annars heimsókn frá starfsfólki Barna- og unglingsdeildar LSH, starfsfólki meðferðarheimilisins Laugalandis, fulltrúum frá Barnaverndarstofu Færeyja, fulltrúum frá norska Stórþinginu, ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn, félagsmálastjórn frá Slóveníu, þrjár heimsóknir frá Grænlandi og tvær frá Finnlandi auk fjölda gesta sem sóttu ráðstefnur sem varða börn og barnaverndarmál er haldnar voru á Íslandi á árinu. Þar að auki heimsótti fjöldi íslenskra framhaldsskóla- og háskólanema Barnahús til að kynna sér starfsemi þess.

Barnahús er staðsett í kyrrlátu og grónu íbúðahverfi borgarinnar. Það er hannað sérstaklega til að mæta þörfum barna. Mjög góð aðstaða er í húsinu bæði fyrir börnin og þá sem þeim fylgja. Í húsinu er sérútbúið viðtalsherbergi til að framkvæma rannsóknarviðtöl/skýrslutökur. Þar er barnið eitt með viðmælanda sínum. Viðtalinu er sjónvarpað beint í sérstakan fundarsal þar sem þeir sem þurfa að fylgjast með framburði barnsins eru staddir. Héraðsdómur Reykjaness hefur verið tengdur Barnahúsi með fjarfundabúnaði frá árinu 2001 og fer dómþing því fram í húsnæði Héraðsdóms í Hafnarfirði en barnið kemur ásamt foreldrum eða forráðamönnum í Barnahús. Dómari stjórnar skýrslutökum þaðan og getur ásamt öðrum sem eru viðstaddir komið spurningum sínum á framfæri við sérfræðinginn sem talar við börnin. Hefur þessi tækni nýst mjög vel. Þegar um könnunarviðtal er að ræða er það einungis starfsmaður barnaverndarnefndar sem fylgist með viðtalinu og ber formlega ábyrgð á framkvæmd þess. Ef viðtalið er liður í lögreglurannsókn fer það fram undir stjórn dómara að viðstöddum fulltrúa ákærvaldsins, verjanda sakbornings (sakborningi sjálfum, krefjist hann þess), réttargæslumanni barnsins, starfsmanni barnaverndarnefndar og fulltrúum lögreglu. Dómari getur stjórnað framvindu viðtalsins og komið að spurningum með hjálp sérstaks búnaðar án þess að barnið verði þess vart. Í Barnahúsi er einnig mjög góð aðstaða til læknisskoðana.

Verkefnum Barnahúss má skipta í fræðslu og ráðgjöf við upphaf máls, leiðbeiningar við könnun máls, könnunarviðtal fyrir barnaverndarnefndir eða skýrslutöku fyrir dómi, læknisskoðun, greiningu og meðferð. Þegar barnaverndarnefnd hefur borist tilkynning skv. ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002 vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi eða áreitni getur starfsmaður barnaverndarnefndar fengið leiðbeiningar um könnun málsins (22. gr. bvl.) í Barnahúsi. Ráðgert er hvernig vinnslu máls skuli hattað en barnaverndarnefnd ber jafnframt ábyrgð á að meta þörf fyrir lögreglurannsókn og læknisskoðun. Þegar grunur leikur á að barn hafi orðið fyrir refsiverðri háttsemi og meintur gerandi hefur náð sakhæfisaldri sem er 15 ár er mælt með að barnaverndarnefnd fari fram á opinbera rannsókn lögreglu. Barnalæknir og kvensjúkdómalæknir hafa fasta viðveru í Barnahúsi hálfan dag, að

jafnaði á 2ja til 3ja vikna fresti. Barnaverndarnefnd getur einnig óskað eftir þjónustu Barnahúss þótt ekki sé beðið um rannsóknarviðtal, t.d. ef einungis er óskað eftir að vísa barni í greiningu og meðferð eða í lækni skoðun.

Starfsmaður barnaverndarnefndar gerir frumathugun í máli, ræðir við tilkynnanda, aflar upplýsinga um barnið frá skóla/leikskóla og gagna um heilsufar þess. Starfsmaður nefndarinnar sendir niðurstöður athugunar til Barnahúss ásamt útfylltu tilvísunarblaði. Ef barnaverndarnefnd óskar ekki eftir lögreglurannsókn í málinu (á einkum við þegar gerandi hefur ekki náð sakhæfisaldri eða þegar grunsemdir um kynferðislegt ofbeldi eru mjög veikar), veita sérfræðingar Barnahúss barnaverndarnefnd aðstoð við athugun málsins með könnunarviðtali við barnið. Fyrirkomulag könnunarviðtals er hið sama og ef um skýrslutöku fyrir dómi er að ræða. Ef málið sætir lögreglurannsókn sendir lögreglan gögn til héraðsdómara að frumrannsókn lokinni. Héraðsdómari getur kvatt sér til aðstoðar kunnáttumann, t.d. frá Barnahúsi, og ákveður hvar skýrslutaka skuli fara fram. Ef dómari velur að láta sérfræðing Barnahúss taka skýrslu af barninu í Barnahúsi er dómþing háð þar. Aðstaða til skýrslutöku af börnum er einnig til staðar í Héraðsdómi Norðurlands eystra og í Héraðsdómi Reykjavíkur. Dómari við Héraðsdóm Norðurlands eystra óskar í flestum tilvikum eftir aðstoð sérfræðinga Barnahúss við skýrslutökur af börnum yngri en 14 ára en annast í flestum tilvikum sjálfur skýrslutökur af börnum eldri en 14 ára. Dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur nýtir undantekningarlaust aðstöðu í dómhúsi og óskar í flestum tilvikum eftir rannsóknarlögreglumanni til að annast skýrslutökur. Aðrir héraðsdómstólar hafa nær eingöngu nýtt þjónustu Barnahúss við skýrslutökur.

Óháð því hvort viðtal er liður í könnun máls hjá barnaverndarnefnd eða skýrslutaka, er markmið þess að afla eins nákvæmra upplýsinga frá barninu og unnt er. Viðtalið er tekið eftir ákveðinni aðferð (protokol) sem er alþjóðlega viðurkennd og liggja að baki aðferðinni miklar rannsóknir. Sérfræðingar Barnahúss hafa fengið sérstaka þjálfun til að taka viðtöl af þessu tagi. Viðtalið er tekið upp á myndband en það getur síðan orðið mikilvægt gagn við frekari vinnslu málsins, ekki síst við meðferð fyrir dómi. Rannsóknarviðtal er tekið í fyrstu heimsókn barnsins í Barnahúsi og sá sérfræðingur sem annast viðtalið hefur ekki frekari aðkomu að málinu. Sérfræðingar Barnahúss hafa einnig verið kallaðir til að aðstoða dómara við skýrslutöku í sérútbúinni aðstöðu Héraðsdóms Norðurlands eystra og í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Lækni skoðun er framkvæmd ef einn eða fleiri eftirtalinna; barnaverndarnefnd, lögregla, forsjáraðilar barnsins eða barnið sjálft óska eftir því. Góð aðstaða er fyrir lækni skoðanir í Barnahúsi og þar er meðal annars staðsett myndbandssjá (video coleoscope) sem gerir það kleift að framkvæma mjög nákvæma lækni skoðun. Skoðunin er framkvæmd af Jóni R. Kristinssyni barnalækni (eða Gesti Pálssyni barnalækni í fjarveru hans) og Ebbu Margréti Magnúsdóttur kvensjúkdómalækni en þau hafa mikla reynslu af rannsóknnum á börnum sem hafa sætt kynferðisofbeldi. Þeim til aðstoðar er Kristín Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur. Lækni skoðun fer að jafnaði fram nokkrum dögum eftir rannsóknarviðtalið. Í sumum tilvikum er barni vísað í lækni skoðun án þess að rannsóknarviðtal hafi verið tekið í Barnahúsi, t.d. ef skýrsla af barni hefur verið tekin í sérútbúinni aðstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur eða Héraðsdóms Norðurlands eystra.

Hafi barnaverndarnefnd óskað eftir greiningu og meðferð fyrir barnið og upplýsingar sem koma fram í rannsóknarviðtalinu gefa tilefni til að ætla að barnið hafi þörf fyrir meðferð eru forsjáraðilar barnsins upplýstir um þann þátt þjónustunnar. Áhersla er lögð á greiningu í fjórum fyrstu viðtölunum en venjulega eru veitt 10 meðferðarviðtöl auk greiningarviðtala. Þó geta meðferðarviðtöl orðið mun fleiri í sérstökum tilvikum. Meðferðin er veitt í heimahéraði barnsins ef þess er óskað. Foreldrum barnsins er veittur stuðningur og ráðgjöf eftir því sem við á enda er oft um að ræða atburði sem eru fjölskyldu barnsins mikið áfall.

Í *töflu 3.1.* má sjá fjölda mála í Barnahúsi frá stofnun hússins. Þar kemur fram að alls hafa 1.712 rannsóknarviðtöl verið tekin í Barnahúsi og 983 börn hafa fengið greiningar- og meðferðarviðtöl. Alls hefur verið framkvæmd 201 lækni skoðun í Barnahúsi.

Tafla 3.1. Fjöldi barna sem komu í Barnahús, skipt eftir þjónustubáttum

	1998*	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	Samtals
Rannsóknarviðtöl	21	118	107	120	167	210	168	186	182	189	244	1.712
Greiningar- og meðferðarviðtöl**	6	56	42	62	107	127	95	137	119	95	137	983
Læknisskoðanir	7	26	27	23	29	27	15	7	18	22	29	201

*Athugið að tölur árið 1998 eru einungis fyrir tvo mánuði þar sem Barnahús tók til starfa þann 1. nóvember 1998.

** Athugið að hér eru líka börn sem komu í Barnahús án þess að koma í rannsóknarviðtal en barnaverndarnefndir geta óskað eftir þjónustu hússins þótt börnin komi ekki í rannsóknarviðtal í Barnahús.

Á árinu 2008 voru tekin 244 rannsóknarviðtöl í Barnahúsi og hafa þau aldrei verið fleiri frá upphafi starfseminnar. Alls fóru fram 103 (42,2%) skýrslutökur undir stjórn dómara í Barnahúsi. Er það mun hærra hlutfall en verið hefur á síðastliðnum árum. Skýrslutökur árið 2008 voru 45,6% fleiri en árið 2007. Könnunarviðtöl voru 141 talsins (57,7%). Eins og sjá má í töflu 3.2 er mikil aukning á fjölda rannsóknarviðtala í Barnahúsi á milli ára eða 22,5% Hins vegar er mun meiri aukning í fjölda skýrslutaka fyrir dómi en í fjölda könnunarviðtala. Skýrslutökur hafa alveg frá upphafi verið í forgangi í vinnslu. Aðkoma Barnahúss í þeim málum þar sem um kynferðislegan leik á milli jafnaldra er að ræða (hjá yngri börnum) er nú fátíð miðað við það sem áður var.

Tafla 3.2. Skýrslutökur og könnunarviðtöl árin 2002–2008

Rannsóknarviðtöl	2002		2003		2004		2005		2006		2007		2008	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Skýrslutökur	60	35,9	70	33,3	37	22,0	40	21,5	55	30,2	56	29,6	103	42,3
Könnunarviðtöl	107	64,1	140	66,7	131	78,0	146	78,5	127	69,8	133	70,3	141	57,7
Samtals	167	100,0	210	100,0	168	100,0	186	100,0	182	100,0	189	100,0	244	100,0

Þegar litið er á skiptingu mála sem vísað er í Barnahús eftir landshlutum má sjá talsverða aukningu á málafjölda milli árána 2007 og 2008. Sérstaklega er aukningin áberandi í aldursflokknum 10–13 ára en einnig í aldursflokknum 14–18 ára. Minni breyting er í yngri aldursflokkum en þó er talsverð fækkun rannsóknarviðtala við börn 6–9 ára (sjá töflu 3.3). Líklegasta skýringin er að mikil aukning er á skýrslutökum fyrir dómi milli árána og er algengara að skýrslur séu teknar fyrir dómi af börnum eldri en 10 ára. Greiningar- og meðferðarviðtölum fjölga einnig umtalsvert milli ára hjá börnum 10 ára og eldri, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi.

Tafla 3.3 Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi 2007 og 2008

	Aldur	Reykjavík		Reykjanes		Landsbyggðin		Samtals	
		2007	2008	2007	2008	2007	2008	2007	2008
Rannsóknarviðtöl	14–18 ára	7	16	22	32	20	27	49	75
	10–13 ára	9	19	20	39	12	28	41	86
	6–9 ára	23	20	26	22	22	14	71	56
	3–5 ára	7	12	11	7	10	8	28	27
	Samtals	46	67	79	100	64	77	189	244
Greiningar- og meðferðarviðtöl	14–18 ára	13	20	13	29	13	18	39	67
	10–13 ára	9	17	10	17	7	12	26	46
	6–9 ára	8	6	6	4	8	2	22	12
	3–5 ára	4	5	1	6	3	1	8	12
	Samtals	34	48	30	56	31	33	95	137

Hér er miðað við umdæmi héraðsdómstóla. Þannig falla nágrannasveitarfélög Reykjavíkur, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær og Álftanes, undir Reykjanes. Með Reykjavík teljast mál frá Mosfellsbæ, Kjálarnesi og Seltjarnarnesi.

Eins og sjá má á *töflu 3.4* voru stúlkur í miklum meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtal í Barnahúsi á árinu 2008, eða um 74,5%. Sem fyrr er aukningin mest meðal stúlkna á aldrinum 10–18 ára. Hlutfall drengja er mjög svipað á milli ára en helst má greina að færri drengir í aldursflokknum 6–9 ára komu í rannsóknarviðtal í Barnahúsi á árinu 2008 en árinu 2007. Líklegasta skýringin á því er sú að færri könnunarviðtöl eru tekin í þessum aldursflokki vegna kynferðislega leikja meðal jafnaldra.

Árið 2008 sóttu 117 stúlkur greiningar- og meðferðarviðtöl og 20 drengir (sjá *töflu 3.4*). Er það talsverð aukning frá árinu 2007, eða 30,6%. Sem fyrr er aukningin mest meðal stúlkna 10 ára og eldri og er það í samræmi við gríðarlega aukningu á skýrslutökum fyrir dómi í þeirra hópi.

Tafla 3.4 Viðtöl í Barnahúsi, skipt eftir aldri og kyni barna

	Aldur	Stúlkur		Drengir		Samtals	
		2007	2008	2007	2008	2007	2008
Rannsóknarviðtöl	14–18 ára	42	66	7	9	49	75
	10–13 ára	26	67	15	19	41	86
	6–9 ára	34	32	37	24	71	56
	3–5 ára	17	17	11	10	28	27
	Samtals	119	182	70	62	189	244
Greiningar- og meðferðarviðtöl	14–18 ára	37	61	2	6	39	67
	10–13 ára	21	40	5	6	26	46
	6–9 ára	14	7	8	5	22	12
	3–5 ára	5	9	3	3	8	12
	Samtals	77	117	18	20	95	137

Á árinu 2008 fóru 29 (12%) börn í lækni skoðun í Barnahúsi, allt stúlkur. Sex þessara barna komu einungis í lækni skoðun í Barnahúsi og fengu enga aðra þjónustu þar. Ástæða þess er lágur aldur barnanna en börn yngri en þriggja og hálf hafa ekki forsendur til að koma í rannsóknarviðtöl eða sérhæfða greiningu og meðferð sökum æsku (sjá *töflu 3.5*).

Tafla 3.5 Læknisskoðanir í Barnahúsi 2007–2008

Aldur	Stúlkur		Drengir		Samtals	
	2007	2008	2007	2008	2007	2008
14–18 ára	6	1	0	0	6	1
10–13 ára	2	12	0	0	2	12
6–9 ára	7	4	0	0	7	4
2–5 ára	7	12	0	0	7	12
Samtals	22	29	0	0	22	29

Eins og áður segir sinnir Barnahúsi einnig málum þar sem barnaverndarnefnd eða héraðsdómstólar óska eftir þjónustu hússins þótt börnin hafi ekki komið í rannsóknarviðtal í Barnahúsi. Árið 2008 óskaði barnaverndarnefnd í 46 tilvikum eftir greiningu og meðferð í Barnahúsi. Í einu tilfelli árið 2008 tók sérfræðingur frá Barnahúsi auk þess skýrslu að beiðni dómara við héraðsdóm Norðurlands eystra.

Árið 2008 kom í ljós að helmingur þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtal í Barnahúsi greindu frá kynferðisofbeldi. Þar af greindu 69 (67%) börn frá kynferðislegu ofbeldi í skýrslutöku fyrir dómi en 53 (38%) börn í könnunarviðtali. Nokkur hluti þeirra barna sem ekki greina frá kynferðisofbeldi í könnunarviðtölum, greina frá þátttöku í kynferðislegum leikjum meðal jafnaldra. Árið 2008 greindu 33 börn, af þeim 88 börnum sem ekki greindu frá kynferðisofbeldi í könnunarviðtali, frá kynferðislegum leikjum meðal jafnaldra. Eins og áður sagði er oft erfitt að greina á milli hvort um er að ræða kynferðislegan leik meðal jafnaldra eða atvik þar sem barn eða unglingur er að áreita annað barn kynferðislega.

Ástæða þess að fleiri börn sem koma í skýrslutöku fyrir dómi greina frá kynferðisofbeldi en í könnunarviðtali er að þegar mál eru send lögreglu til rannsóknar eru oft meiri upplýsingar til staðar, barnið hefur jafnan sagt einhverjum frá og í þeim málum sem sæta lögglurannsókn eru því meiri líkur á að barnið hafi sætt kynferðislegu ofbeldi. Þegar um könnunarviðtöl er að ræða eru upplýsingar oft takmarkaðar og sjaldan liggur frásögn barns um kynferðisofbeldi fyrir, nema þá helst ef barn hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hendi ósakhæfs geranda.

Algengast er að verið sé að kanna kynferðislega hegðun barna vegna þess að börnin hafi orðið uppvís að þátttöku í kynferðislegum leikjum.

4 Barnaverndarnefndir

Í ársbyrjun 2005 tók Barnaverndarstofa upp sískráningu frá barnaverndarnefndum. Sískráningin gefur kost á því að svara ýmsum fyrirspurnum, innlendum og erlendum, um fjölda tilkynninga, hvers eðlis þær séu og hvort alengt sé að grípa þurfi til neyðarráðstafana í kjölfar tilkynninga. Þá má einnig gera ráð fyrir að þessar upplýsingar geti verið gagnlegar fyrir nefndirnar sjálfar, t.d. hvað varðar áætlanir um störf þeirra.

Samkvæmt barnaverndarlögum skulu barnaverndarnefndir fyrir 1. maí ár hvert senda Barnaverndarstofu skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Treglega hefur gengið að fá talnagögn frá nefndum og því hefur í ársskýrslum verið stuðst við sískráningu til að birta nýjustu upplýsingar um fjölda tilkynninga. Í þessari ársskýrslu eru birtar upplýsingar frá barnaverndarnefndum vegna árunna 2007 og 2008 og eru þær fengnar úr samtölublöðum frá nefndunum. Einnig eru upplýsingar um fjölda tilkynninga fyrir árið 2009 (*tafla 4.2.1*) en þær upplýsingar koma úr sískráningu frá nefndunum..

Barnaverndarnefndir sveitarfélaga bera ábyrgð á framkvæmd barnaverndarstarfs í eigin umdæmi og lúta eftirliti Barnaverndarstofu. Lög heimila sveitarstjórn í hverju sveitarfélagi að haga skipan barnaverndarmála með ýmsum hætti. Fyrir utan að skipa sérstaka barnaverndarnefnd er unnt að fela félagsmálanefnd framkvæmd barnaverndarlaga. Einnig er unnt að skipa sameiginlega barnaverndarnefnd með öðrum sveitarfélögum eða á héraðsgrundvelli. Árið 2007 sinntu 17 félagsmálanefndir verkefnum barnaverndarnefnda en alls voru nefndirnar 31 í lok árs 2007. Engar breytingar urðu á þessu árið 2008.

Í upphafi árs 2007 voru barnaverndarnefndir landsins 32. Á árinu sameinaðist barnaverndarnefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar barnaverndarnefnd Fljótaldalshéraðs og því voru barnaverndarnefndir landsins 31 í lok árs 2007. Nefndum hefur fækkað umtalsvert síðustu ár en árið 1996 voru þær 82. Samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga skal samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaga að baki hverri barnaverndarnefnd ekki vera undir 1500. Langflest minni sveitarfélög hafa sameinast öðrum um kosningu barnaverndarnefndar en félagsmálaráðuneytið fylgir því eftir að sveitarfélög uppfylli lagaskyldur sínar að þessu leyti. Ítarlegri upplýsingar um barnaverndarnefndir landsins árið 2007 og 2008 koma fram í viðauka I.

Í barnaverndarlögum er lögð áhersla á að barnaverndarnefndir hafi sérhæft starfslið í þjónustu sinni. Hinn mikli fjöldi nefnda og fámenn umdæmi þeirra hafa staðið þessu fyrir þrífum í langan tíma. Í kjölfar sameiningar nefnda og stækkunar umdæma hefur þeim nefndum fjölgað talsvert á undanförunum árum sem hafa ráðið einn eða fleiri starfsmenn til að sinna barnaverndarvinnu, oftar en ekki samhliða öðrum verkefnum. Á árinu 1996 var 41% nefndanna með starfslið. Árið 2008 var þetta hlutfall 97%. Eins og vænta má er þetta hlutfall breytilegt eftir stærð umdæmis (*tafla 4.1*). Rétt er að geta þess að sú nefnd sem ekki hefur ráðið starfsmann í þjónustu sína kaupir þjónustu frá nærliggjandi sveitarfélagi eða sjálfstætt starfandi sérfræðingum þegar á þarf að halda (sjá í viðauka I).

Fjöldi barnaverndarnefnda og starfsmanna eftir íbúafjölda í umdæmum

Ein barnaverndarnefnd hafði um 100 íbúa að baki sér og hafði hún ekki fast starfslið í þjónustu sinni (*tafla 4.1*). Leggja ber áherslu á að erfitt er að meta vinnuframlag til barnaverndar sérstaklega, þar sem umrætt starfslið sinnir að jafnaði öðrum verkefnum á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga, ef Reykjavík er undanskilin.

Tafla 4.1 Fjöldi barnaverndarnefnda og starfsmanna eftir íbúafjölda í umdæmum*

Íbúafjöldi	2005			2006			2007			2008		
	Starfsm.	Stöðug.	Fj. nefnda	Starfsm.	Stöðug.	Fj. nefnda	Starfsm.	Stöðug.	Fj. nefnda	Starfsm.	Stöðug.	Meðalfj. stöðug. á nefnd
Heildarfjöldi	103	78,2	32	103	79,6	31	110	80,9	31	114	77,15	2,5
0–999 íbúar	0	0,0	1	0	0,0	1	0	0,0	1	0	0	0,0
1000–1999 íbúar	10	5,3	5	9	3,7	4	6	2,8	4	6	2,4	0,6
2000–2999 íbúar	5	3,6	5	6	3,2	4	5	2,9	4	6	2,4	0,6
3000–3999 íbúar	4	2,4	1	2	2,0	2	3	2,0	2	3	1,5	0,8
4000–4999 íbúar	21	9,5	6	13	9,3	7	20	8,7	7	20	7,45	1,1
5.000 > íbúar	63	57,4	14	73	61,4	13	76	64,5	13	79	63,4	4,9

*Tölur yfir fjölda starfsmanna og stöðugilda eru ónákvæmar. Ástæðan er sú að erfitt er fyrir barnaverndarnefndir að áætla með öryggi það vinnumagn sem ráðstafað er til barnaverndar þar sem starfslið sinnir venjulega fleiri verkefnum en barnavernd. Hafa ber í huga að upplýsingar um stöðugildi byggjast stundum á áætlun félagsmálastjóra eða yfirmanna á hverjum tíma og byggjast því á huglægum forsendum frá ári til árs.

4.1 Yfirlit yfir barnaverndarmál árin 2005–2008

Yfirlit yfir tilkynningar og kannanir árin 2005–2008

Í *töflu 4.1.1* er yfirlit yfir tilkynningar og kannanir árin 2005–2008. Þar kemur fram að fjöldi tilkynninga hefur aukist frá árinu 2005 úr 5.952 tilkynningum í 8.417 tilkynningar árið 2007. Árið 2008 fækkaði tilkynningum hins vegar lítillega frá árinu á undan og voru 8.241. Tilkynningum fjölgað um rúmlega 38% frá 2005 til 2008 (sjá nánar í kafla 4.2). Fjöldi barna sem tilkynnt var um var 4.364 árið 2005 en 5.038 árið 2007 og 5.032 árið 2008. Aukningin er um 15%. Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun hefur auk þess aukist úr 2.187 börnum árið 2005 í 2.379 börn árið 2007 og 2.569 árið 2008 (sjá nánar í kafla 4.3). Aðeins hluti þessara barna þarf á ráðstöfunum að halda að mati barnaverndarnefnda.

Tafla 4.1.1 Yfirlit yfir tilkynningar og kannanir árin 2005–2008

	2005		2006		2007		2008	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Fjöldi tilkynninga	5.952	–	6.893	–	8.417	–	8.241	
Fjöldi barna sem tilkynnt er um	4.364	100,0	4.693	100,0	5.038	100,0	5.032	100,0
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun	2.187	50,1	2.122	45,2	2.379	47,2	2.569	51,1

Yfirlit yfir barnaverndarmál árin 2005–2008

Tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli þegar tekin er ákvörðun um könnun málsins (sjá *töflu 4.1.2*). Síðan árið 2005 hefur Barnaverndarstofa lagt áherslu á að samræma skráningu allra nefnda í þessum efnunum. Gefið hefur verið út nákvæmt leiðbeiningaeyðublað og hefur það verið endurskoðað reglulega hvert ár. Að auki er þess nú gætt að fullkomið samræmi sé í þeim ársskýrslueyðublöðum sem barnaverndarnefndir skila til Barnaverndarstofu. Mismunandi skráningarhefðir nefnda geta skýrt mun á tíðni barnaverndarmála að einhverju leyti en Barnaverndarstofa hefur lagt sig fram um að leiðbeina nefndum að þessu leyti.

Í *töflu 4.1.2* kemur fram að frá árinu 2005 hefur barnaverndarmálum farið fjölgandi og voru árið 2008 alls 4.265.

Tafla 4.1.2 Yfirlit yfir barnaverndarmál árin 2005–2008

Heildarfjöldi barnaverndarmála	2005		2006		2007		2008	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Fjöldi nýrra barnaverndarmála á árinu	1.846	50,7	1.888	51,6	1.936	49,9	2.072	48,6
Fjöldi eldri barnaverndarmála	1.797	49,3	1.768	48,4	1.916	50,1	2.193	51,4
Samtals barnaverndarmál	3.643	100,0	3.656	100,0	3.852	100,0	4.265	100,0

Fjöldi barnaverndarmála árið 2007 og 2008 eftir stærð umdæma barnaverndarnefnda

Fjöldunin frá árinu 2007 er tæplega 11%. Þetta jafngildir því að barnaverndarnefndir hafi haft afskipti af um 48 börnum af hverjum þúsund árið 2007 og um 53 börnum af hverjum þúsund árið 2008. Meðalfjöldi barnaverndarmála á hver þúsund börn er hæstur hjá sveitarfélögum með fleiri íbúa en 5.000, en lægstur hjá sveitarfélögum með færri en 1.000 íbúa, en í þeim var ekkert mál skráð á árinu 2007 og 2008.

Tafla 4.1.3 Fjöldi barnaverndarmála* árin 2007 og 2008 eftir stærð umdæma barnaverndarnefnda

Íbúafjöldi umdæmis	Fjöldi nefnda 2007	Fjöldi nefnda 2008	Heildar-fjöldi mála 2007	Heildar-fjöldi mála 2008	Meðal-fjöldi á nefnd 2007	Meðal-fjöldi á nefnd 2008	Meðal-fjöldi/ þús. börn 2007	Meðal-fjöldi/ þús. börn 2008
Innan við 1.000 íbúar	1	1	0	0	0,0	0,0	0,0	0,0
1.000–1.999 íbúar	4	4	54	54	13,5	13,5	29,6	29,8
2.000–2.999 íbúar	4	4	112	122	28,0	30,5	40,0	42,6
3.000–3.999 íbúar	2	2	48	64	24,0	32,0	25,0	34,0
4.000–4.999 íbúar	7	7	389	394	55,6	56,3	49,0	50,1
5.000> íbúar	13	13	3.249	3.631	250,0	279,3	49,5	54,7
Heildarfjöldi	31	31	3.852	4.265	124,3	137,6	48,0	52,8

*Hér er átt við fjölda barna. Eitt barn = eitt mál.

Aldur og kyn barna árin 2005–2008

Tafla 4.1.4 lýsir aldurs- og kynjaskiptingu í málum barna sem nefndirnar höfðu til meðferðar árin 2005–2008. Árin 2007 og 2008 voru piltar fleiri en stúlkur líkt og á árunum á undan. Árið 2007 bættist við aldurshópurinn 18–20 ára og voru 2,5% barnanna í þeim aldurshópi árið 2007 og 2,6% árið 2008. Aldurshópurinn 15–17 ára var fjölmennastur árið 2007, eða 27,2% allra barna. Árið 2008 var aldurshópurinn 15–17 ára algengastur hjá piltum, 14,7%, en algengasti aldurshópurinn hjá stúlkum var 11–14 ára, 12,4%.

Tafla 4.1.4 Aldur og kyn barna árin 2005–2008

	2005		2006		2007		2008	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Piltar 0–5 ára	370	10,2	363	9,9	440	11,4	458	10,7
Piltar 6–10 ára	469	12,9	462	12,6	530	13,8	583	13,7
Piltar 11–14 ára	528	14,5	491	13,4	520	13,5	597	14,0
Piltar 15–17 ára	579	15,9	646	17,7	539	14,0	628	14,7
Piltar 18–20 ára					42	1,1	63	1,5
Piltar alls	1.946	53,4	1.962	53,7	2.071	53,8	2.329	54,6
Stúlkur 0–5 ára	333	9,1	321	8,8	380	9,9	431	10,1
Stúlkur 6–10 ára.	412	11,3	388	10,6	398	10,3	436	10,2
Stúlkur 11–14 ára	419	11,5	436	11,9	439	11,4	528	12,4
Stúlkur 15–17 ára	515	14,1	549	15,0	510	13,2	493	11,6
Stúlkur 18–20 ára					54	1,4	47	1,1
Stúlkur alls	1.679	46,1	1.694	46,3	1.781	46,2	1.935	45,4
Upplýsingar vantar	18	0,5	0	0,0	0	0,0	1*	0,02
Samtals	3.643	100,0	3.656	100,0	3.852	100,0	4.265	100,0

*Mál ófæddis barns

Heimilisaðstæður barna árin 2005–2008

Upplýsingar um heimilisaðstæður umræddra barna koma fram í *töflu 4.1.5*. Á árinu 2007 bjuggu rúmlega 36% barnanna hjá báðum foreldrum, en árið 2008 var þetta hlutfall tæplega 37%.

Tafla 4.1.5. Heimilisaðstæður barna árin 2005–2008

	2005		2006		2007		2008	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hjá kynforeldrum	1.357	37,2	1.365	37,3	1.398	36,3	1565	36,7
Hjá móður	1.533	42,1	1.529	41,8	1.634	42,4	1.865	43,7
Hjá föður	207	5,7	226	6,2	222	5,8	235	5,5
Til skiptis hjá móður og föður	7	0,2	4	0,1	10	0,3	35	0,8
Hjá móður og stjúpfóreltri	276	7,6	276	7,5	293	7,6	285	6,7
Hjá föður og stjúpfóreltri	52	1,4	47	1,3	39	1,0	49	1,1
Hjá fósturfóreltri	181	5,0	164	4,5	201	5,2	173	4,1
Hjá kjörfóreltri	2	0,1	0	0,0	3	0,1	2	0,0
Hjá ættingjum	16	0,4	15	0,4	24	0,6	44	1,0
Á stofnun	1	0,0	2	0,1	2	0,1	1	0,0
Annars staðar	4	0,1	11	0,3	26	0,7	11	0,3
Fjöldi barna sem vantar upplýsingar um	7	0,2	17	0,5	0	0	0	0,0
Samtals fjöldi barna	3.643	100,0	3656	100,0	3.852	100,0	4.265	100,0

Þjóðerni barna árið 2008

Á árinu 2008 var fyrst spurt um þjóðerni barna sem fjallað var um á grundvelli barnaverndarlaga. Fram kemur í *töflu 4.1.6* að 7,8% barna sem fjallað var um á grundvelli barnaverndarlaga árið 2008 voru börn af erlendum uppruna, þá er átt við börn sem eiga a.m.k. annað foreldri af erlendum uppruna eða annað fyrsta móðurmál en íslensku.

Tafla 4.1.6. Þjóðerni barna árið 2008

	Fjöldi	%
Íslendingur	3.934	92,2
Barn af erlendum uppruna	331	7,8
Samtals	4.265	100,0

4.2 Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Í barnaverndarlögum er kveðið á um þá skyldu manna að tilkynna barnaverndarnefnd ef þeir verða þess vísir að barni sé misbætt, uppeldi þess vanrækt eða aðbúnaði þess sé svo áfátt að barninu geti stafað hættu af. Sérstakar skyldur hafa þeir, sem stöðu sinnar vegna eru líklegir til að þekkja til aðstæðna barna til að gera barnaverndarnefnd viðvart. Hér getur verið um að ræða kennara, presta, lækna, hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa og fleiri. Lögregla skal tilkynna til barnaverndarnefndar um tilvik þegar grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn, annaðhvort af barni eða gegn því. Ef barnaverndarnefnd fær tilkynningu eða vitneskju með öðrum hætti um að þunguð kona stofni heilsu eða lífi ófæddis barns í hættu með óviðunandi eða háskalegu lífern sínu, getur barnaverndarnefnd ákveðið að hefja könnun á málinu.

Fjöldi tilkynninga árin 2005–2009

Fjöldi tilkynninga má sjá í *töflu 4.2.1*. Upplýsingar um fjölda tilkynninga fyrir árið 2009 eru fengnar úr sískráningu barnaverndarnefndanna. Eins og sjá má hefur skráðum tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgað á árunum 2005 til 2009 úr 5.952 tilkynningum í 9.299. Aukningun er um 56%. Tilkynningum fækkaði hins vegar lítillega milli árunna 2007 og 2008. Tilkynningar frá lögreglu hafa verið yfir 50% allra tilkynninga undanfarin ár, en voru 49,7% árið 2009. Þegar tilkynningar frá lögreglu eru skoðaðar sérstaklega á árinu 2008 þá kemur í ljós að þeim fækkaði um 421 milli árunna 2007 og 2008. Þegar aðrar tilkynningar eru skoðaðar samanlagt þá sést að tilkynningum fjölgaði um 212 tilkynningar fyrir sama tímabil. Árið 2008 voru 46,3% tilkynninga vegna barna sem búsett voru í Reykjavík.

Tafla 4.2.1 Fjöldi tilkynninga árin 2005–2009

Skipting eftir landsvæði	2005		2006		2007		2008		2009*	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	2.682	45,1	3.411	49,5	3.762	44,7	3.814	46,3	4.326	46,5
Nágrenni Reykjavíkur*	1.660	27,9	1.595	23,1	2.113	25,1	1.750	21,3	2.142	23,0
Landsbyggð	1.610	27,0	1.887	27,4	2.542	30,2	2.677	32,5	2.831	30,4
Samtals	5.952	100,0	6.893	100,0	8.417	100,0	8.241	100,0	9.299	100,0

*Athugið að tölur fyrir árið 2009 eru fengnar með annarri aðferð en tölur fyrir árin 2005–2008. Árið 2009 eru tölur fengnar með samlagningu úr sískráningu sem nefndirnar skiluðu mánaðarlega til Barnaverndarstofu. Hinar tölurnar eru fengnar úr samtölublöðum/ársskýrslueyðublöðum sem nefndirnar skiluðu með heildartölum fyrir hvert ár. Hugsanlega munu upplýsingarnar fyrir árið 2009 breytast lítillega þegar ársskýrslueyðublöðin berast Barnaverndarstofu.

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Í *töflu 4.2.2* kemur fram að árin 2005 til 2009 bárust um þrjár af hverjum fjórum tilkynningum frá opinberum aðilum og vega tilkynningar frá lögreglu þyngst, en þær hafa verið rúmlega helmingur allra tilkynninga. Árið 2009 voru tilkynningar frá lögreglu 49,7% og hlutfall tilkynninga frá opinberum aðilum 72,6%.

Tafla 4.2.2 Tilkynningar* til barnaverndarnefnda skv. 16., 17. og 18. gr. barnaverndarlaga

	2005		2006		2007		2008		2009	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hver tilkynnir?										
Lögregla	3.240	54,4	3.896	56,5	4.959	58,9	4.537	55,1	4.617	49,7
Skóli, sérfræðipj.skóla, fræðslu- eða skólaskrifstofa	583	9,8	618	9,0	641	7,6	721	8,7	898	9,7
Leikskóli, gæsluforeldri	85	1,4	104	1,5	106	1,3	139	1,7	196	2,1
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	388	6,5	429	6,2	553	6,6	450	5,5	634	6,8
Önnur barnaverndarnefnd	149	2,5	132	1,9	181	2,2	183	2,2	215	2,3
Þjónustumiðstöð/starfsm. félagsþjónustu	125	2,1	154	2,2	157	1,9	182	2,2	195	2,1
Opinberir aðilar samtals	4.570	76,8	5.333	77,3	6.597	78,4	6.212	75,4	6.755	72,6
Foreldrar barns	494	8,3	497	7,2	605	7,2	683	8,3	837	9,0
Ættingjar aðrir en foreldrar	241	4,0	281	4,1	345	4,1	401	4,9	480	5,2
Barn leitaði sjálf til bvn.	38	0,6	28	0,4	33	0,4	39	0,5	47	0,5
Nágrannar	263	4,4	261	3,8	547	6,5	539	6,5	728	7,8
Aðrir ótilgreindir	346	5,8	493	7,2	290	3,4	367	4,5	452	4,9
Aðrir en opinberir aðilar samtals	1.382	23,2	1.560	22,6	1.820	21,6	2.029	24,6	2.544	27,4
Heildarfjöldi tilkynninga samtals	5.952	100,0	6.893	100,0	8.417	100,0	8.241	100,0	9.299	100,0

*Fleiri en ein tilkynning getur hafa borist um sama barn.

Tilkynningar sem bárust í gegnum Neyðarlínuna 112

Eins og kom fram hér að framan er Barnaverndarstofa í samstarfi við Neyðarlínuna 112 um móttöku tilkynninga til barnaverndarnefnda. Af þeim 527 tilkynningum sem bárust Neyðarlínunni 112 árið 2008 voru 409 flokkaðar sem barnaverndartilkynningar eða um 5% af heildarfjölda tilkynninga. Sumt af því sem tilkynnt er til Neyðarlínunnar (t.d. forsjármál) flokka nefndir ekki sem barnaverndartilkynningar (sjá *töflu 4.2.3*). Flestar tilkynningar sem bárust í gegnum Neyðarlínuna 112 voru vegna mála í Reykjavík, eða rúmlega 76% árið 2007 og rúmlega 73% árið 2008.

Tafla 4.2.3. Tilkynningar sem bárust í gegnum Neyðarlínuna 112

	2007	2008
Heildarfjöldi tilkynninga í gegnum 112	596	527
Flokkaðar barnaverndartilkynningar	481*	409

*Athugið að árið 2007 voru tilkynningar sem áttu að berast Kópavogi í gegnum Neyðarlínuna ekki skráðar hjá viðkomandi nefnd.

Á grundvelli barnaverndarlaga getur sá sem tilkynnir til barnaverndarverndar óskað nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni. Árið 2007 óskuðu 519 aðilar nafnleyndar, en þeir voru 866 árið 2008.

Ástæður tilkynninga

Ástæður tilkynninga má sjá í *töflu 4.2.4*. Ástæður tilkynninga skiptust þannig árið 2008 að 29,0% voru vegna vanrækslu, 18,5% vegna ofbeldis, 51,9% vegna áhættuhegðunar og 0,6% vegna þess að heilsa eða líf ófædd barns var í hættu. Árið 2009 voru 34,7% tilkynninga vegna vanrækslu, 18,6% vegna ofbeldis, 46,4% vegna áhættuhegðunar og 0,4% vegna þess að heilsa eða líf ófædd barns var í hættu. Árin 2006–2008 skiptust tilkynningar á mjög svipaðan hátt og hafa ekki verið stórvægilegar breytingar milli ára, en árið 2009 hækkar hlutfall tilkynninga sem varða vanrækslu, en hlutfall tilkynninga um áhættuhegðun lækkar miðað við árin á undan. Alls var talið að 90 börn hefðu verið í yfirvofandi hættu árið 2008 eða 1,8% allra barna sem tilkynnt var um.

Tafla 4.2.4 Ástæður tilkynninga*

Ástæður tilkynninga*	2006		2007		2008		2009	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	2.006	29,1	2.492	29,6	2.392	29,0	3.225	34,7
Líkamleg vanræksla	95	1,4	103	1,2	106	1,3	161	1,7
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	1.721	25,0	2.174	25,8	1.972	24,0	2.627	28,3
*þar af foreldrar í áfengis- og fíkniefnan							806	8,7
Vanræksla varðandi nám	42	0,6	46	0,5	97	1,2	110	1,2
Tilfinningaleg vanræksla	184	2,7	227	2,7	263	3,2	382	4,1
Ofbeldi	1.127	16,3	1.590	18,9	1.526	18,5	1.727	18,6
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	374	5,4	702	8,3	571	6,9	768	8,3
*þar af heimilisofbeldi							281	3,0
Líkamlegt ofbeldi	417	6,0	484	5,8	480	5,8	536	5,8
Kynferðislegt ofbeldi	340	4,9	438	5,2	479	5,8	438	4,7
Áhættu hegðun	3.725	54,0	4.306	51,2	4.276	51,9	4.311	46,4
Neysla barns á vímuefnum	790	11,5	820	9,7	603	7,3	660	7,1
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	1.048	15,2	1.116	13,3	1.037	12,6	1.086	11,7
Afbrot barns	1.496	21,7	1.902	22,6	2.043	24,8	1.965	21,1
Barn beitir ofbeldi	244	3,5	372	4,4	373	4,5	399	4,3
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	233	3,4	218	2,6	243	2,9	247	2,7
Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu	35	0,5	29	0,3	47	0,6	36	0,4
Heildarfjöldi tilkynninga samtals	6.893	100,0	8.417	100,0	8.241	100,0	9.299	100,0

* Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður, t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

* Fyrst var spurt um áfengis- og fíkniefnaneyslu foreldra og heimilisofbeldi í sískráningu 2009.

4.3 Fjöldi barna sem tilkynnt var um og könnun máls

Fái barnaverndarnefnd rökstuddan grun um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin sökum framferðis, vanrækslu eða vanhæfni foreldra eða að barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni, er nefndinni skylt að kanna málið án tafar. Nefndin skal hafa það að markmiði að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi þess barns sem í hlut á og getur í því skyni leitað aðstoðar sérfræðinga. Foreldrum eða forsjármönnum barns er skylt að veita liðsinni sitt svo að könnun máls geti gengið greiðlega fyrir sig.

Af þeim 5.038 börnum sem tilkynnt var um árið 2007 var ákveðið að hefja könnun í 47,2% tilvika (*tafla 4.3.1*). Hlutfallið er hæst hjá nefndum á landsbyggðinni. Árið 2008 var tilkynnt um 5.032 börn og ákveðið að hefja könnun í 51,1% tilvika. Hér er hlutfallið einnig hæst hjá nefndum á landsbyggðinni.

Tafla 4.3.1 Fjöldi barna sem tilkynnt var um og hlutfall barna þar sem ákveðið er að hefja könnun

	2005			2006			2007			2008		
	Fj.barna tilkynnt	Fj.barna könnun	Hlutfall könnun	Fj.barna tilkynnt	Fj.barna könnun	Hlutfall könnun	Fj.barna tilkynnt	Fj.barna könnun	Hlutfall könnun	Fj.barna tilkynnt	Fj.barna könnun	Hlutfall könnun
Reykjavík	1.629	697	42,8	1.722	638	37,0	1.719	725	42,2	1.858	753	40,5
Nágrenni Rvk*	1.088	525	48,3	1.209	607	50,2	1.425	600	42,1	1.219	666	54,6
Landsbyggð	1.647	965	58,6	1.762	877	49,8	1.894	1.054	55,6	1.955	1.150	58,8
Samtals	4.364	2.187	50,1	4.693	2.122	45,2	5.038	2.379	47,2	5.032	2.569	51,1

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Ekki var aflað upplýsinga um hvernig könnun máls var háttáð á þessu tímabili nema um hve oft var leitað til barnsins sjálfs. Það var gert í um 70% allra mála árið 2007, en rætt var við 1.659 börn. Árið 2008 var rætt við 1.756 börn eða 68%. Engar stórvægilegar breytingar hafa orðið á þessu milli ára en rætt var við barnið í 70% tilvika árið 2006 og 73% tilvika árið 2005.

4.4 Úrræði barnaverndarnefnda

Af þeim 2.379 börnum sem könnuð voru hjá barnaverndarnefndum árið 2007 fengu 1.295 börn eða foreldrar þeirra einhvers konar úrræði hjá barnaverndarnefndum eða 54,4%. Í málum 1.084 barna var ekki talin þörf á ráðstöfunum og úrræðum að könnun lokinni. Árið 2008 voru könnuð mál 2.569 barna, en í málum 1.213 barna var ekki talin þörf á ráðstöfunum og úrræðum að könnun lokinni. Það voru því 1.356 börn eða foreldrar þeirra sem fengu einhvers konar úrræði hjá barnaverndarnefndum eða 52,8%.

Helsu ástæður þess að þörf var talin á ráðstöfunum og úrræðum að könnun lokinni

Í töflu 4.4.1 má sjá helstu ástæður þess að þörf var talin á ráðstöfunum og úrræðum að könnun lokinni. Þar kemur fram að oftast er um að ræða vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit þegar þörf var talin á ráðstöfunum og úrræðum.

Tafla 4.4.1 Helstu ástæður þess að þörf var talin á ráðstöfunum og úrræðum að könnun lokinni (%)

Flokkun	2007	2008
Líkamleg vanræksla	2,3	3,5
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	28,6	26,2
Vanræksla varðandi nám	3,6	4,8
Tilfinningaleg vanræksla	6,5	6,9
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	5,8	6,5
Líkamlegt ofbeldi	4,7	4,2
Kynferðislegt ofbeldi	8,0	8,0
Neysla barns á vímuefnum	7,8	8,1
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	11,1	11,8
Afbrot barns	9,3	6,5
Barn beitir ofbeldi	3,4	3,2
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	6,9	7,9
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	0,7	0,6
Annað	1,2	1,8
Fjöldi barna þar sem talin var þörf á ráðstöfunum og úrræðum að könnun lokinni	1.295	1.356

*Hundraðshlutfall miðast við hve oft tiltekin ástæða er nefnd samanborið við fjölda barna, en hér geta fleiri en ein ástæða átt við um sama barn.

Samkvæmt barnaverndarlögum skal barnaverndarnefnd gera skriflega áætlun um meðferð máls ef niðurstaða könnunar hefur leitt í ljós að aðbúnaði, umönnun eða uppeldi barns er áfátt vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða ef barn stefnir eigin heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni. Árið 2007 voru gerðar 1.437 áætlanir um meðferð og árið 2008 1.581 áætlun um meðferð. Ljóst er að enn eru veruleg vanhöld á því að barnaverndarnefndir geri slíkar áætlanir. Gera á skriflega áætlun í máli hvers barns þegar þörf er talin fyrir afskipti (undantekning ef niðurstaða könnunar liggur ekki fyrir í lok árs).

Ástæður þess að gripið var til úrræða geta verið margvíslegar og vandi hvers barns er yfirleitt margþættur. Að jafnaði er ástæða afskipta að lokinni könnun lakar uppeldisaðstæður af einhverjum toga og þá fyrst og fremst vanræksla í einhverri mynd eða ofbeldi sem barnið hefur orðið fyrir. Ástæða þess að gripið er til úrræða getur einnig verið háttsemi barnsins sjálfs, svo sem vímuefnaneysla, afbrot og ofbeldi sem það hefur beitt aðra. Verkefni barnaverndarnefnda hafa breyst á síðustu árum þannig að starf þeirra beinist nú mun meira að hegðun barnanna sjálfra en áður var. Líklegasta skýringin á þessari breytingu er hækkun sjálfræðisaldurs.

Stuðningsúrræði barnaverndarnefnda án töku barns af heimili

Þegar könnun leiðir í ljós að aðgerða barnaverndarnefndar er þörf, skal nefndin leitast við að veita aðstoð í samvinnu við foreldra og eftir atvikum barn. Stuðningsúrræði barnaverndarnefnda við börn og fjölskyldur þeirra eru margvísleg og algengt er að fleiri en einu úrræði sé beitt. Stuðningsúrræðum án töku barns af heimili má sjá í töflu 4.4.2. Algengast er að gripið sé til þess úrræðis að leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns.

Tafla 4.4.2 Stuðningsúrræði barnaverndarnefnda án töku barns af heimili*

	2004	2005	2006	2007	2008
Barni og foreldrum leiðbeint	1.017	869	1.225	1.212	1.188
Tilsjónarmaður, persónulegur ráðgjafi eða stuðningsfjölskylda	406	427	474	482	453
Foreldrar (eða þunguð kona) aðstoðaðir við að leita sér meðferðar	130	61	102	102	194
Barni útvegaður viðeigandi stuðningur (t.d. sumardvöl)	416	436	424	388	403
Önnur aðstoð	239	211	210	340	247
Samtals	2.208	2.004	2.435	2.524	2.485

* Fleiri en eitt úrræði geta verið í máli sama barns.

Fjöldi ráðstafana utan heimilis

Þegar stuðningsúrræði án töku barns af heimili hafa ekki skilað árangri að mati nefnda eru börn oft vistuð utan heimilis. Ráðstafanir þessar skulu að jafnaði vera tímabundnar og sæta reglulegri endurskoðun. Nokkuð algengt er að fleiri en eitt úrræði sé veitt í máli sama barns. Þannig getur barn t.d. fyrst farið á lokaða deild Stuðla, síðan á greiningar- og meðferðardeild Stuðla og loks á langtímameðferðarheimili ef vandi barnsins er mikill. Vistun barna utan heimilis má sjá í *töflu 4.4.3*. Þar kemur fram að fósturráðstöfun er algengust.

Tafla 4.4.3 Fjöldi ráðstafana utan heimilis¹

	2004	2005	2006	2007	2008
Úrræði á ábyrgð sveitarfélaga					
Vistheimili	50	56	48	47	38
Sambyli	19	17	43	39	27
Einkaheimili	85	52	79	42	69
Fósturheimili ²	113	110	145	111	104
Önnur úrræði skv. 84. gr.	36	32	17	21	9
Samtals	303	267	332	354	247
Úrræði á ábyrgð ríkisins ³					
Stuðlar, lokuð deild (Neyðarvistun)	82	108	113	83	84
Stuðlar, greiningar – og meðferðardeild	48	49	50	42	50
Götusmiðjan	59	39	42	39	36
Langtímameðferðarheimili	38	36	33	47	24
Samtals	227	232	238	211	194

¹Athugið að hér er átt við ráðstafanir sem áttu sér stað tiltekið ár, ekki öll börn sem vistuð voru utan heimilis.

Hér er átt við fjölda barna en ekki komur (barn getur vistast oftast en einu sinni á sama stað, t.d. á lokaðri deild Stuðla). Fleiri en eitt úrræði geta verið í máli sama barns.

Hér ber einnig að hafa í huga að flestar vistanir utan heimilis eru gerðar með samþykki foreldra og barns eftir atvikum (eru stuðningsúrræði). Hér eru þó líka gerð grein fyrir vistunum þar sem þvingun var beitt, sjá nánar í *töflu 4.5.1*.

²Sjá nánar í *töflu 4.4.4*. Athugið að ekki er samræmi í tölum um fósturráðstafanir samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu (sjá kafla 1.4) og nefnda. Líklegasta skýringin á þessu misræmi er sú að nefndir hafa í einhverjum tilvikum ekki staðið við lagalegar skyldur sínar um að senda Barnaverndarstofu fóstursamning. Ef nefndir senda ekki inn fóstursamning er fósturráðstöfun ekki skráð í gagnagrunn Barnaverndarstofu. Einnig getur verið um að ræða mismunandi túlkun varðandi skráningu. Því eru fósturráðstafanir fleiri samkvæmt upplýsingum nefndanna en samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu. Barnaverndarstofa vinnur að því að bæta og samræma skráningu í fósturmálum.

³Athugið að ekki er alltaf samræmi í tölum um vistun barna í úrræðum á ábyrgð ríkisins samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu (sjá kafla 2) og nefnda. Skráning stofnana Barnaverndarstofu er mjög áreiðanleg og því er stuðst við þær tölur.

Börn sem fóru í fóstur skv. ársskýrslum barnaverndarnefnda

Barnaverndarnefnd ber að tilkynna allar fósturráðstafanir til Barnaverndarstofu og er nánara yfirlit yfir þær í *töflu 4.4.4*. Um er að ræða þrenns konar ráðstöfun, tímabundna og varanlega og svo styrkt fóstur. Nánari skilgreining á þeim hugtökum kemur fram í kafla um fósturmál. Nokkur munur hefur verið á þeim tölum sem koma fram í ársskýrslum barnaverndarnefnda og þeim sem eru í miðlægri skrá Barnaverndarstofu. Þessi munur bendir til að nefndir hafi ekki alltaf tilkynnt um fósturráðstafanir til Barnaverndarstofu eða að um mismunandi túlkun sé að ræða.

Tafla 4.4.4 Börn sem fóru í fóstur skv. ársskýrslum barnaverndarnefnda*

	2004	2005	2006	2007	2008
Varanlegt fóstur					
Barni ráðstafað <u>varanlega</u> til skyldmenna	10	9	8	4	8
Barni ráðstafað <u>varanlega</u> til vandalausra	12	9	22	10	12
Samtals	22	18	30	14	20
Tímabundið fóstur					
Barni ráðstafað <u>tímabundið</u> til skyldmenna	18	20	37	28	32
Barni ráðstafað <u>tímabundið</u> til vandalausra	64	63	69	55	41
Samtals	82	83	106	83	73
Styrkt fóstur					
Barni ráðstafað í <u>styrkt</u> fóstur til skyldmenna	0	1	1	1	1
Barni ráðstafað í <u>styrkt</u> fóstur til vandalausra	9	8	8	13	10
Samtals	9	9	9	14	11

* Athugið að ekki er samræmi í tölum um fósturráðstafanir samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu (sjá kafla 1.4) og nefnda. Líklegasta skýringin á þessu misræmi er sú að nefndir hafa í einhverjum tilvikum ekki staðið við lagalegar skyldur sínar um að senda Barnaverndarstofu fóstursamning. Ef nefndir senda ekki inn fóstursamning er fósturráðstöfun ekki skráð í gagnagrunn Barnaverndarstofu. Einnig getur verið um að ræða mismunandi túlkun varðandi skráningu. Því eru fósturráðstafanir fleiri samkvæmt upplýsingum nefndanna en samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu. Barnaverndarstofa vinnur að því að bæta og samræma skráningu í fósturmálum.

Árið 2007 úrskurðuðu barnaverndarnefndir (20 börn) og dómstólar (4 börn) að 24 börn skyldu fara í fóstur. Árið 2008 úrskurðuðu barnaverndarnefndir (15 börn) og dómstólar (9 börn) að 24 börn skyldu fara í fóstur.

Fjöldi barna sem er ráðstafað í fóstur er nokkuð breytilegur eftir árum. Í töflunni kemur fram að mun algengara er að börn fari í fóstur til vandalausra en skyldmenna.

Samkvæmt ákvæði 90. gr. bvl. geta foreldrar falið öðrum daglega umönnun og uppeldi barna sinna en þeim ber í vissum tilvikum að tilkynna barnaverndarnefnd um slíkar ráðstafanir. Barnaverndarnefnd skal gera sérstaka könnun á högum barns við þær aðstæður. Skal könnunin beinast að því hvort þörf er á stuðningi til að gera foreldrum kleift að hafa barn hjá sér sem og hvort hag og þörfum barns sé fullnægt á dvalarstað ef stuðningur við foreldra á ekki við. Árið 2007 var það gert í 13 tilfellum og árið 2008 í 16 tilfellum.

4.5 Úrskurðir og aðrar ákvarðanir barnaverndarnefnda

Í *töflu 4.5.1* koma fram upplýsingar um fjölda úrskurða sem kveðnir voru upp skv. 26. og 27. gr. bvl. 80/2002. Upplýsingar töflunnar sýna að úrskurðir eru fátíðir í hlutfalli við heildarfjölda mála enda fela þeir í sér afdrifaríkar ákvarðanir.

Samkvæmt 46. gr. bvl. skal barnaverndarnefnd eftir atvikum veita foreldrum fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannsaðstoð áður en nefnd kveður upp úrskurð í máli. Fram kemur að slíkur styrkur er veittur í 25–47 málum á tímabilinu 2004–2008. Árið 2007 var 43 börnum einnig veittur styrkur til að greiða fyrir lögmannsaðstoð og árið 2008 6 börnum. Samkvæmt töflunni reynir tiltölulega sjaldan á ákvæði þessarar lagagreinar.

Það nýmæli er í bvl. nr. 80/2002 að barnaverndarnefnd skuli taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann strax þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls. Að jafnaði skal skipa barni talsmann áður en gripið er til þvingunar. Barni var skipaður talsmaður í 56 tilvikum árið 2007 og 75 tilvikum árið 2008.

Foreldrum eða barni sem náð hefur 15 ára aldri er heimilt að bera úrskurð barnaverndarnefndar undir héraðsdómara. Málskot til dómstóla kemur ekki í veg fyrir að úrskurður barnaverndarnefndar komi til framkvæmda. Alls úrskurðuðu dómstólar um vistun 8 barna í allt að 12 mánuði árið 2007 og 12 barna árið 2008.

Tafla 4.5.1 Fjöldi úrskurða og ýmsar ákvarðanir barnaverndarnefnda

	2004	2005	2006	2007	2008
Úrskurðir bvn.					
Úrskurðir um eftirlit með heimili	11	2	9	8	0
Fyrirmæli um aðbúnað barns, meðferð o.fl.	4	1	2	3	0
Bann lagt við að farið væri með barn úr landi	0	0	0	0	0
Börn vistuð utan heimilis	24	19	42	35	36
Ýmsar ákvarðanir bvn.					
Bvn. leitaði brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns (37 gr. bvl.)	6	0	1	1	3
Bvn. óskaði lögreglurannsóknar (20gr. rglg. nr. 56/2004)	51	41	70	56	119
Foreldrum veittur fjárstuðningur til að greiða lögmannsaðstoð (46. gr. bvl.)	25	41	46	41	47
Barni veittur fjárstuðningur til að greiða lögmannsaðstoð (46. gr. bvl.)	28	50	37	43	6
Bvn. greip til neyðarráðstöfunar (31. gr. bvl.)	17	23	36	45	42
Bvn. gerði kröfu fyrir dómi um sviptingu forsjár (29. gr. bvl.)	7	13	12	17	14
Bvn. gerði kröfu fyrir dómi um vistun barns utan heimilis (27. gr. bvl.)	7	7	11	8	12

4.6 Umsagnir

1. nóvember 2003 leystu barnalög nr. 76/2003 af hólmi eldri lög frá 1992. Samkvæmt nýju lögnum leysa einungis dómstólar úr ágreiningi foreldra um forsjá og mjög hefur dregið úr því að leitað sé umsagnar barnaverndarnefnda í þessum málum. Hér er ekki um barnaverndarmál að ræða, heldur verkefni sem barnaverndarnefndum er falið skv. öðrum lögum. Fjöldi umsagna í forsjármálum hefur verið breytilegur á tímabilinu eða frá 1 og upp í 12 (*tafla 4.6.1*) og voru fæstar árið 2007. Sýslumaður leysir úr ágreiningi foreldra um umgengni barns við þá eftir skilnað eða sambúðarslit og leitar umsagnar barnaverndarnefndar þegar ástæða þykir til. Fjöldi slíkra beiðna var 98 árið 2007, en 116 árið 2008. Barnaverndarnefndir veita umsögn um hæfi þeirra sem óska leyfis frá dómsmálaráðuneyti til að ætteleiða börn samkvæmt ákvæðum ætteleiðingarlaga. Heildarfjöldi umsagna að beiðni dómsmálaráðuneytis vegna ætteleiðinga var á árinu 2007 56, en árið 2008 64 og vega umsagnir vegna barna erlendis frá þyngst. Þetta er fækkun frá árinu 2006 en þá voru umsagnir vegna ætteleiðingar 94.

Tafla 4.6.1 Umsagnir barnaverndarnefnda 2002–2006

	2004	2005	2006	2007	2008
Umsagnir í forsjármálum	12	10	3	1	7
Umsagnir vegna umgengni að beiðni sýslumanns	100	105	117	98	116
Umsagnir vegna ætteleiðingar frá dómsmálaráðuneyti	75	73	94	56	64
Vegna fósturbarna	7	5	8	4	7
Vegna barna erlendis frá	55	35	75	48	45
Vegna stjúpbarna	11	8	11	4	9
Vegna barna búsettra á Íslandi	2	25	0	0	3

4.7 Vistunarúrræði á vegum Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg rekur ýmis úrræði þar sem börn eru vistuð til lengri eða skemmri tíma á vegum Barnaverndar Reykjavíkur. Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar úr ársskýrslum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir árin 2007 og 2008.

Vistheimili barna við Laugarásveg 39 er úrræði í barnaverndarmálum og geta 7 börn dvalið á heimilinu í senn. Tilvísanir koma frá Barnavernd Reykjavíkur og má greina vistanir eftir orsök þeirra og tilgangi; bráðavistun, greiningar – og kennsluvistun, fósturaðlögun og önnur vistun skv. skilgreindum markmiðum, t.d. meðan beðið er eftir niðurstöðu barnaverndarnefndar eða viðeigandi úrræði. Helsta markmið vistheimilisins er að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki þeirra með þarfir barnsins í fyrirrúmi. 40 börn dvöldu á vistheimilinu árið 2007 og var meðalaldur 6 ár og meðaldvalartími 40 dagar. Árið 2008 dvöldu á vistheimilinu 38 börn, meðalaldur þeirra var 8 ár og meðaldvalartími 40 dagar.

Á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar starfar einkaheimili sem tekur að sér börn í tímabundna vistun með litlum eða engum fyrirvara. Heimilið er fyrir 6 börn á aldrinum 0–18 ára og starfa hjónin bæði við að taka á móti börnum í skammtímavistun. Vistun barna á einkaheimili getur verið æskilegur kostur í stað vistunar á vistheimili, t.d. þegar um mjög ung börn er að ræða og/eða þegar foreldrar geta ekki haft mikið samband við börnin, t.d. vegna veikinda, fjarveru eða af öðrum ástæðum. Gert er ráð fyrir því að einkaheimili taki frekar við börnum sem vistast í samráði við foreldra en á heimilinu eru ekki vistaðir unglingar í neyslu eða með alvarlega hegðunarerfiðleika. Á árinu 2007 dvöldu 14 börn á heimilinu, meðalaldur þeirra var 8 ár og meðaldvalartími 57 dagar. 15 börn dvöldu á heimilinu árið 2008, meðalaldur þeirra var 11 ár og meðaldvalartími 29 dagar.

Skammtímaheimilið Hraunbergi 15 er úrræði fyrir þrjú börn á aldrinum 13–18 ára sem þurfa tímabundna vistun vegna sérstakra aðstæðna. Bæði er um að ræða bráðavistun og skammtímavistun meðan beðið er eftir úrræðum á vegum Barnaverndarstofu, Barnaverndar Reykjavíkur, Þjónustumiðstöðva eða unnið er að því að þau fari aftur heim. Markmið skammtímaheimilisins að Hraunbergi 15 er að tryggja börnum, sem af einhverjum ástæðum geta ekki dvalið í heimahúsum, traust og örugg uppeldisskilyrði meðan á dvöl stendur. Þau börn sem vistuð eru í skammtímaúrræði þurfa að fylgja þeirri daglegu rútnu sem þau hafa verið í áður, s.s. skóla, vinnu, tómstundum og öðru félagsstarfi. Ef börn eru ekki í skólaúrræði eða vinnu þegar þau eru vistuð, er það hlutverk vistunaraðila að koma þeim í viðunandi skólaúrræði eða vinnu sem fyrst. Á árinu 2007 dvöldu 25 börn á heimilinu og meðalaldur þeirra var 16,1 ár. 16 börn dvöldu á heimilinu árið 2008 og var meðalaldur þeirra 16,1 ár.

Fjölskylduheimilið Ásvallagötu 14 er faglegt sérúrræði Barnaverndar Reykjavíkur ætlað fjórum börnum á aldrinum 13–18 ára til búsetu til lengri eða skemmri tíma. Börnin lúta forsjá kynforeldra sinna eða Barnaverndarnefndar Reykjavíkur og búa yfirleitt á heimilinu í eitt til fjögur ár. Heimilið er ætlað börnum sem þurfa á varanlegu fóstri að halda en ekki hefur fundist viðeigandi fósturheimili. Þá er heimilið einnig ætlað börnum sem koma úr fóstri þar sem erfiðleikar hafa verið miklir og börnum sem eru í fóstri en þurfa á sértækri hjálp að halda í skamman tíma, s.s. vegna örorkumats eða umgengni við upprunafjölskyldu. Markmið heimilisins er m.a. að aðstoða börnin við að takast á við félagsleg og persónuleg mál, skapa börnum hlýlegt heimili, veita þeim umönnun og uppeldi sem hæfir hverju og einu og stuðla að jákvæðum samskiptum barnanna við jafnaldra og heimilisfólk. Á árinu 2007 dvöldu 7 börn á heimilinu og meðalaldur þeirra var 16,4 ár. 5 börn dvöldu á heimilinu árið 2008 og var meðalaldur þeirra 16,2 ár.

Fjölskylduheimilið Búðagerði 9 er ætlað fjórum börnum á aldrinum 13–18 ára og er æskilegur dvalartími 1–4 ár. Skilyrði fyrir búsetu á heimilinu er að börnin séu annaðhvort í skóla eða í vinnu og hafi vilja til að standa sig og neyti ekki áfengis eða annarra vímuefna. Markmið heimilisins er að vera faglegt sérúrræði fyrir börn og fjölskyldur þeirra og veita börnum traust og örugg uppeldisskilyrði meðan þau geta ekki búið hjá foreldrum. Markmið og áætlun varðandi dvöl barns er gerð í samráði við það, vistunaraðila, forsjáraðila og starfsmenn heimilisins. Foreldrar barnanna hafa náði samstarf við starfsfólk heimilisins, mæta m.a. á reglulega fundi og börnin dvelja hjá foreldrum eina helgi í mánuði. Á árinu 2007 dvöldu 8 börn á heimilinu og meðalaldur þeirra var 15 ár. 5 börn dvöldu á heimilinu árið 2008 og var meðalaldur þeirra 15 ár.

Viðauki I

Yfirlit barnaverndarnefnda árið 2007 og 2008

Barnaverndarnefndir á Íslandi árið 2007¹

Nafn bvn.	Heiti sveitarfélags	Félagsmálastjóri ²	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi ³ stöðugilda	Fjöldi mála	Fjöldi barna í umdæmi	Fjöldi í umdæmi alls	Hlutfall barna í umdæmi	Fjöldi mála/1.000 börn
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	Reykjavík	Stella K. Víðisdóttir er sviðsstjóri, Halldóra Gunnarsdóttir er framkvæmdastjóri	29	27,3	1.460	27.628	118.827	23,3	52,8
Félagsmálaráð Seltjarnarness	Seltjarnarneskaupstaður	Snorri Aðalsteinnsson	3	3	66	1.107	4.454	24,9	60,0
Félagsmálaráð Kópavogis	Kópavogur	Aðalsteinn Sigfússon	6	6	232	7.499	28.885	26,0	30,9
Fjölskylduráð Garðabæjar	Garðabær	Bergljót Sigurbjörnsdóttir	3	3	88	2.585	9.982	25,9	34,0
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	Hafnarfjörður	Sæmundur Hafsteinnsson	8	7,75	338	7.080	25.036	28,3	47,7
Félagsmálanefnd Álftaness	Álftanes	Skarphéðinn Jónsson	2	1	41	772	2.378	32,5	53,1
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	Reykjanesbær	Hjördís Árnadóttir	4	4	256	3.591	13.440	26,7	71,3
Félagsmálaráð Grindavíkur	Grindavík	Nökkvi Már Jónsson	1	0,5	30	861	2.779	31,0	34,8
Barnaverndarnefnd Sandgerðis, Garðs og Vogar	Sandgerði, Garður og Vogar	Gyða Hjartardóttir	2	1	68	1.298	4.440	29,2	52,4
Félagsmálaráð Mosfellsbæjar	Mosfellsbær og Kjósarhreppur	Unnur V. Ingólfssdóttir	2	2	178	2.436	8.383	29,1	73,1
Félagsmálaráð Akraness	Akranes	Sveinborg L. Kristjánsdóttir	1	1	86	1.774	6.401	27,7	48,5
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala	Borgarbyggð, Skorradalshreppur, Dalabyggð og Hvalfjarðarsveit	Hjördís Hjartardóttir Karl Marinósson	2	0,4	17	1.419	5.237	27,1	12,0
Félagsmálanefnd Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga	Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmur, Eyja- og Miklaholtshreppur	Albert Eymundsson	2	1	14	1.030	3.931	26,2	13,6
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Reykhólahreppur	Margrét Geirsdóttir	6	3	87	1.395	5.365	26,0	62,4
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	Vesturbyggð og Tálknafjörður	Lára Kristín Sturludóttir	1	0,4	4	300	1.223	24,5	13,3

¹ Upplýsingar sem koma fram í töflunni eru byggðar á ársskýrslum barnaverndarnefndanna svo og mannfjöldatölum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2007.

² Einhverjar breytingar urðu á árinu en miðað er við stöðuna við árslok 2007.

³ Tölur yfir fjölda starfsmanna og stöðugildi eru ónákvæmar. Oft er erfitt fyrir nefndirnar að áætla þá vinnu sem fer í barnavernd eingöngu þar sem starfsmenn eru yfirleitt starfsmenn félagsþjónustunnar á staðnum. Ef enginn starfsmaður er fyrir hendi þá er hafður sá háttur á að ráða sérfræðinga til að sjá um þau mál sem kunna að koma upp.

Barnaverndarnefndir á Íslandi árið 2007 (framhald)

Nafn bvn.	Heiti sveitarfélags	Félagsmálastjórar	Fjöldi starfs- manna	Fjöldi stöðu- gilda	Fjöldi mála	Fjöldi barna í umdæmi	Fjöldi í umdæmi alls	Hlutfall barna í umdæmi	Fjöldi mála/ 1.000 börn
Félagsmálaráð Húnaþings vestra og Stranda	Húnaþing vestra, Strandabyggð, Bæjarhreppur, Árneshreppur og Kaldrananeshreppur	Oddur Gíslason	2	1	18	477	1.903	25,1	37,7
Félagsmálaráð Austur- Húnavatnssýslu	Blönduós, Húnavatnshreppur, Skagabyggð og Höfðahreppur	Auður Herdís Sigurðardóttir	2	1	21	524	1.988	26,4	40,1
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur	Gunnar Sandholt	2	0,7	27	1.095	4.241	25,8	24,7
Barnaverndarnefnd ÚtEy	Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð	Svana Rún Símonardóttir (Dalvík) og Hjörtur Hjartarson (Fjallabyggð)	3	1	37	1.021	4.154	24,6	36,2
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	Akureyri, Arnarneshreppur, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandarhreppur	Guðrún Sigurðardóttir	5	4,8	262	5.470	19.662	27,8	47,9
Barnaverndarnefnd Grímseyjar	Grímseyjarhreppur	Ragnhildur Hjaltadóttir formaður barnaverndarnefndar	0	0	0	31	103	30,1	0,0
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	Norðurþing, Skútustaðahreppur, Þingeyjarsveit, Aðaldælahreppur, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð	Freydís J. Freysteinsdóttir	4	1	66	1.239	4.983	24,9	53,3
Barnaverndarnefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Borgarfjörður eystri, Djúpvogshreppur, Vopnafjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður	Kristín Þyri Þorsteinsdóttir	4	3	78	1.420	6.509	21,8	54,9
Félagsmálanefnd Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps	Fjarðabyggð og Breiðdalshreppur	Sigríður Stefánsdóttir	3	0,25	36	1.210	5.368	22,5	44,6

Barnaverndarnefndir á Íslandi árið 2007 (framhald)

Nafn bvn.	Heiti sveitarfélags	Félagsmálastjórar	Fjöldi starfs- manna	Fjöldi stöðu- gilda	Fjöldi mála	Fjöldi barna í umdæmi	Fjöldi í umdæmi alls	Hlutfall barna í umdæmi	Fjöldi mála/ 1.000 börn
Félagsmálaráð Hornafjarðar	Sveitarfélagið Hornafjörður	Jón Kristján Rögnvaldsson	1	1	10	581	2.125	27,3	17,2
Félagsmálanefnd Árborgar	Sveitarfélagið Árborg	Ragnheiður Thorlacius	3	2	131	2.151	7.635	28,2	60,9
Félagsmálanefnd uppsveita Árnessýslu, Bláskógabyggð	Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð	Nanna Mjöll Atladóttir	1	1	34	894	3.286	27,2	38,0
Félagsmálanefnd Hveragerðis	Hveragerðisbær	María Kristjánsdóttir	1	0,4	31	587	2.289	25,6	52,8
Barnaverndarnefnd Ölfushrepps	Ölfushreppur	Kristinn Kristinsson	1	0,4	11	525	1.957	26,8	30,0
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V- Skaftafellssýslu	Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur	Marta Bergmann	2	1	53	1.091	4.440	24,6	48,6
Félagsmálaráð Vestmannaeyjabæjar	Vestmannaeyjabær	Jón Pétursson	4	1	72	1.097	4.055	27,1	65,6
Samtals/meðaltal			110	80,9	3.852	80.188	315.459	26,6	48,0

Barnaverndarnefndir á Íslandi árið 2008¹

Nafn bvn.	Heiti sveitarfélags	Félagsmálastjórar ²	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi ³ stöðugilda	Fjöldi mála	Fjöldi barna í umdæmi	Fjöldi í umdæmi alls	Hlutfall barna í umdæmi	Fjöldi mála/1.000 börn
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	Reykjavík	Stella K. Víðisdóttir er sviðsstjóri, Halldóra Gunnarsdóttir er framkvæmdastjóri	30	27,3	1512	27.499	119.547	23,0	55,0
Félagsmálaráð Seltjarnarness	Seltjarnarneskaupstaður	Snorri Aðalsteinsson	3	1	53	1.056	4.403	24,0	50,2
Félagsmálaráð Kópavogs	Kópavogur	Aðalsteinn Sigfússon	7	6	356	7.747	29.976	25,8	46,0
Fjölskylduráð Garðabæjar	Garðabær	Bergljót Sigurbjörnsdóttir	3	3	77	2.618	10.358	25,3	29,4
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	Hafnarfjörður	Sæmundur Hafsteinsson	9	7,75	359	7.178	25.850	27,8	50,0
Félagsmálanefnd Álftaness	Álftanes	Skarphéðinn Jónsson	1	1	30	824	2.518	32,7	36,4
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	Reykjanesbær	Hjördís Árnadóttir	5	5	313	3.857	14.172	27,2	81,2
Félagsmálaráð Grindavíkur	Grindavík	Nökkvi Már Jónsson	3	0,5	43	880	2.850	30,9	48,9
Barnaverndarnefnd Sandgerðis, Garðs og Vogar	Sandgerði, Garður og Vogar	Gyða Hjartardóttir	3	2	105	1.345	4.522	29,7	78,1
Félagsmálaráð Mosfellsbæjar	Mosfellsbær og Kjósarhreppur	Unnur V. Ingólfssdóttir	2	2	170	2.547	8.599	29,6	66,7
Félagsmálaráð Akraness	Akranes	Sveinborg L. Kristjánsdóttir	2	1	93	1.844	6.609	27,9	50,4
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala	Borgarbyggð, Skorradalshreppur, Dalabyggð og Hvalfjarðarsveit	Hjördís Hjartardóttir Karl Marinósson	2	0,45	13	1.362	5.156	26,4	9,5
Félagsmálanefnd Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga	Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmur, Eyja- og Miklaholtshreppur	Albert Eymundsson	2	1	5	1.010	3.942	25,6	5,0
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Reykhólahreppur	Margrét Geirsdóttir	6	2,35	101	1.408	5.430	25,9	72,0
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	Vesturbyggð og Tálknafjörður	Elsa Reimarsdóttir	1	0,4	5	305	1.208	25,2	16,4

¹ Upplýsingar sem koma fram í töflunni eru byggðar á ársskýrslum barnaverndarnefndanna svo og mannfjöldatölum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2008.

² Einhverjar breytingar urðu á árinu en miðað er við stöðuna við árslok 2008.

³ Tölur yfir fjölda starfsmanna og stöðugildi eru ónákvæmar. Oft er erfitt fyrir nefndirnar að áætla þá vinnu sem fer í barnavernd eingöngu þar sem starfsmenn eru yfirleitt starfsmenn félagsþjónustunnar á staðnum. Ef enginn starfsmaður er fyrir hendi þá er hafður sá háttur á að ráða sérfræðinga til að sjá um þau mál sem kunna að koma upp.

Barnaverndarnefndir á Íslandi árið 2008 (framhald)

Nafn bvn.	Heiti sveitarfélags	Félagsmálastjórar	Fjöldi starfs- manna	Fjöldi stöðu- gilda	Fjöldi mála	Fjöldi barna í umdæmi	Fjöldi í umdæmi alls	Hlutfall barna í umdæmi	Fjöldi mála/ 1.000 börn
Félagsmálaráð Húnaþings vestra og Stranda	Húnaþing vestra, Strandabyggð, Bæjarhreppur, Árneshreppur og Kaldrananeshreppur	Oddur Gíslason	2	0,6	22	467	1.894	24,7	47,1
Félagsmálaráð Austur- Húnavatnssýslu	Blönduós, Húnavatnshreppur, Skagabyggð og Höfðahreppur	Auður Herdís Sigurðardóttir	2	1	16	511	1.958	26,1	31,3
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur	Gunnar Sandholt	2	1	19	1.090	4.296	25,4	17,4
Barnaverndarnefnd ÚtEy	Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð	Eyrún Rafnsdóttir (Dalvík) og Hjörtur Hjartarson (Fjallabyggð)	3	1	52	983	4.074	24,1	52,9
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	Akureyri, Arnarneshreppur, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandarhreppur	Guðrún Sigurðardóttir	5	4,8	329	5.464	19.904	27,5	60,2
Barnaverndarnefnd Grímseyjar	Grímseyjarhreppur	Ragnhildur Hjaltadóttir formaður barnaverndarnefndar	0	0	0	24	92	26,1	0
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	Norðurþing, Skútustaðahreppur, Þingeyjarsveit, Aðaldælahreppur, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð	Freydís J. Freysteinsdóttir	3	1	87	1.206	5.011	24,1	72,1
Barnaverndarnefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Borgarfjörður eystri, Djúpvogshreppur, Vopnafjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður	Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir	2	0,75	88	1.395	5.817	24,0	63,1
Félagsmálanefnd Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps	Fjarðabyggð og Breiðdalshreppur	Sigríður Stefánsdóttir	3	0,5	48	1.203	4.920	24,5	39,9

Barnaverndarnefndir á Íslandi árið 2008 (framhald)

Nafn bvn.	Heiti sveitarfélags	Félagsmálastjórar	Fjöldi starfs- manna	Fjöldi stöðu- gilda	Fjöldi mála	Fjöldi barna í umdæmi	Fjöldi í umdæmi alls	Hlutfall barna í umdæmi	Fjöldi mála/ 1.000 börn
Félagsmálaráð Hornafjarðar	Sveitarfélagið Hornafjörður	Jón Kristján Rögnvaldsson	1	0,5	20	557	2.112	26,4	36,0
Félagsmálanefnd Árborgar	Sveitarfélagið Árborg	Ragnheiður Thorlacius	3	2	133	2.239	7.922	28,3	59,4
Félagsmálanefnd uppsveita Árnessýslu, Bláskógabyggð	Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð	Nanna Mjöll Atladóttir	1	0,5	59	874	3.332	26,2	67,5
Félagsmálanefnd Hveragerðis	Hveragerðisbær	María Kristjánsdóttir	1	0,4	29	602	2.315	26,0	48,2
Barnaverndarnefnd Ölfushrepps	Ölfushreppur	Kristinn Kristinsson	1	0,4	11	528	1.997	26,4	20,8
Barnaverndarnefnd Rangárvalla og V- Skaftafellssýslu	Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur	Marta Bergmann	2	0,75	45	1.080	4.498	24,0	41,7
Félagsmálaráð Vestmannaeyjabæjar	Vestmannaeyjabær	Jón Pétursson	4	1,2	72	1.078	4.086	26,4	66,8
Samtals/meðaltal			114	77,15	4.265	80.781	319.368	25,3	52,8

Viðauki II

Könnun á viðhorfum foreldra og barna til meðferðarheimila Barnaverndarstofu og varðandi stuðning eftir meðferð 2008

Bryndís S. Guðmundsdóttir
uppeldisfræðingur á Barnaverndarstofu

Á undanförunum árum hefur Barnaverndarstofa sífellt verið að leita leiða til að efla eftirlit með vistun barna utan heimilis og auka gæði meðferðarstarfs. Í þeim tilgangi var á árinu 2008 leitað eftir samstarfi við foreldra fyrrum vistbarna og til barnanna sjálfra.

Allir foreldrar barna sem útskrifuðust úr langtímameðferð á árinu 2008 voru beðnir um að svara spurningalista er varðaði dvöl barna þeirra á viðkomandi meðferðarheimili. Börnin voru einnig beðin um að taka þátt með því að svara spurningalista. Í þessari könnun voru þátttakendur inntir eftir álitinu sínu á starfsemi þess meðferðarheimilis sem þeir þekktu til, hvernig útskrift eða brottför barnanna af meðferðarheimilinu var undirbúin og hvernig stuðningi eftir dvölinu hefði verið háttað. Börnin höfðu verið vistuð á meðferðarheimilunum Árbót/Bergi, Laugalandi, Háholti og Geldingalæk. Samtals var um að ræða 31 barn í úrtakinu og þar af svöruðu 18 börn og foreldrar 19 barna. Því liggja fyrir upplýsingar um 19 börn eða 61% barnanna. Börnin voru á aldrinum, 12–18 ára þegar könnunin fór fram.

Haft var samband símleiðis við alla foreldra u.þ.b. 8 vikum eftir útskrift barnanna og þeir spurðir hvort að þeir vildu taka þátt, annaðhvort með því að hitta starfsmann Barnaverndarstofu til að svara spurningalistunum eða með því að fá hann sendan í pósti. Foreldrar þeirra 27 barna sem náðist í voru, að einum undanskildum, mjög jákvæðir í símann og vildu taka þátt. Þrátt fyrir jákvæðar undirtektir í síma og endurtekin símtöl bárust ekki svör frá 8 af þessum foreldrum. Þessir foreldrar virtust ekki aðeins vera jákvæðir gagnvart því að svara slíkri könnun heldur kom í ljós í símtölunum að þeir vildu svara vegna þess að þeir voru jákvæðir gagnvart meðferðarheimilunum og sögðust vilja koma því á framfæri. Þannig að ekki virtist vera um að ræða að þessir foreldrar svöruðu ekki vegna óánægju með þjónustuna.

Samantekt

Í þessari könnun voru þátttakendur inntir eftir álitinu sínu á starfsemi þess meðferðarheimilis sem þeir þekktu til, hvernig útskrift eða brottför barnanna af meðferðarheimilinu var undirbúin og hvernig stuðningi eftir dvölinu hefði verið háttað.

Þegar á heildina er lítið virðast fleiri þátttakendur hafa jákvætt viðhorf til dvalarinnar á meðferðarheimilunum heldur en þeir sem eru neikvæðir. Þetta á bæði við um börnin og foreldrana. Foreldrar eru síðan enn jákvæðari heldur en börnin og má segja að nær engir þeirra séu mjög neikvæðir í viðhorfum sínum. Sem dæmi um þetta segja allir foreldrar að starfsmenn meðferðarheimilanna hafi sýnt þeim virðingu. Örfá börn voru mjög neikvæð í viðhorfi sínu og það ber ekki að gera lítið úr því þó að þau séu fá. Markmiðið með dvöl allra barnanna hlýtur alltaf að vera að skila einhverjum árangri. Það er því brýnt að kanna hvað gerir það að verkum að sum börn hafi fátt gott að segja um dvöl á meðferðarheimili.

Varðandi árangur meðferðar sögðu 66,7% barna að þau hefðu náð tókum á vanda sínum og 74% foreldra sögðu að barnið sitt hefði náð markmiðum með vistuninni. Foreldrar gátu verið jákvæðir í viðhorfum sínum til meðferðarheimilisins þrátt fyrir að ekki hefði náðst tilætlaður árangur.

Svo virðist sem að útskrift flestra hafi verið undirbúin nokkuð vel og með þátttöku meðferðarheimilis, foreldra, barna og barnaverndarnefnda. Fleiri voru þó óánægðir með stuðninginn sem þeir fengu eftir meðferðina eða 9 foreldrar á móti 6 ánægðum foreldrum.

Langflestir foreldrar vildu stuðning en aðeins 4 foreldrar vildu ekki stuðning. Hins vegar vildu 9 börn ekki stuðning og aðeins 5 vildu stuðning. Þetta mismunandi viðhorf foreldra og barna vekur upp vangaveltur um hvort að stuðningurinn eftir meðferðina ætti ekki fyrst og fremst að beinast að því að styrkja foreldrana í sínu hlutverki. Börnin eru kannski líklegri til að telja sig tilbúin til að takast á við lífið eftir útskrift og eru því mótfallin áframhaldandi afskiptum. Enda hefur meðferðin fyrst og fremst beinst að þeim en ekki í eins miklum mæli að foreldrum.

Foreldrar töldu að sálfræðingur, fósturforeldrar, forsjármenn viðkomandi meðferðarheimilis væru best til þess fallin að styðja þau eftir útskrift. Þetta er eftirtektarvert af því að starfsmönnum meðferðarheimilanna er ekki ætlað að styðja við útskrifuð börn og foreldra þeirra. Þetta ætti kannski að taka til skoðunar og gefa meðferðarheimilunum svigrúm til að veita stuðning eftir meðferð.

Hér á eftir má sjá nánari niðurstöður úr könnuninni.

Niðurstöður úr svörum 18 barna varðandi meðferðarheimilið

Vandamálin

Aðspurð hversu lítil eða mikil vandamálin voru að mati barnanna sjálfra, þegar dvöl hófst, fannst rúmum helmingi þeirra vandinn vera mjög mikill. En sjálf sögðu þau erfiðleika sína hafa einkennst af hegðunarerfiðleikum, neyslu, útigangi, erfiðleikum á heimili og félagslegum erfiðleikum.

Árangur

Tólf börn (66,7%) sögðust hafa náð miklum eða mjög miklum tökum á vandamálum sínum við útskrift, fjögur sögðust hafa náð litlum eða mjög litlum tókum. Níu ungmennum fannst þau fá góða til mjög góða aðstoð frá meðferðarheimilinu til að ná tókum á vandamálum sínum en þremur fannst þau fá mjög slæma aðstoð. Þegar spurt var um hversu vel þeim tókst að ná markmiðunum sem stefnt var að í meðferðinni sögðu fjórtán að þeim hefði tekist miðlungi vel til mjög vel að ná settum markmiðum.

Samskipti við starfsmenn meðferðarheimilisins

Spurt var hvernig samskipti börnin hefðu haft við starfsfólk meðferðarheimilisins og svöruðu 14 því að þau hefðu haft góð eða mjög góð samskipti, einn sagði mjög slæm samskipti.

Áhrif á eigin meðferð

Spurt var hversu mikil áhrif þau gætu haft á meðferðina. Tíu sögðust hafa getað haft mikil til mjög mikil áhrif á meðferð sína.

Samskipti við foreldra meðan á dvölinni stóð

Níu sögðust hafa haft mikil eða mjög mikil samskipti við foreldra sína á meðan á dvöl stóð, sex sögðust hafa haft miðlungi mikil samskipti. Tíu ungmennanna fannst samskiptin við foreldra sína hafa verið mátulega mikil en sex hefðu vilja hafa meiri samskipti.

Kvartanir

Spurt var hvort þeim fannst þau geta komið kvörtunum á framfæri ef þeim fannst þau beitt órétti og sögðu níu að þau hefðu ekki getað það, fimm sögðust ekki hafa haft þörf fyrir að kvarta og fjögur sögðust hafa getað komið kvörtunum á framfæri. Nánar var spurt um kvartanir og sögðust þá tólf hafa getað koma kvörtunum á framfæri til foreldra, tólf getað komið kvörtunum til starfsmanna meðferðarheimilis, níu getað komið kvörtunum til félagsráðgjafa og átta til eftirlitsmanna Barnaverndarstofu. Einnig var spurt hvort þau hefðu getað komið kvörtunum á framfæri við einhverja aðra aðila og þá var svarað, til BUGL, engra sérstakra og svo var einn sem sagði að enginn hefði hlustað ef hann hefði kvartað.

Spurt var hvernig viðmót börnin hefðu fengið frá starfsmönnum meðferðarheimilanna

- Átta börn sögðust hafa fundið fyrir miklum skilningi frá starfsmönnum, þrjár fundu fyrir litlum til mjög litlum skilningi.
- Rúmur helmingur barnanna fann fyrir hlýju frá starfsmönnum.
- Ellefu fengu mikla til mjög mikla viðurkenningu frá starfsmönnum.
- Ellefu fannst þau fá mikla eða mjög mikla virðingu en þrjár fundu fyrir lítilli eða mjög lítilli virðingu frá starfsmönnum.
- Flestum fannst vera skýrar reglur á meðferðarheimilinu.
- Helmingi barnanna fannst meðferðarheimilið hafa uppeldislegt gildi.
- Níu ungmennanna fannst starfsmenn sinna meðferðinni.
- Ellefu fundu fyrir miklum eða mjög miklum áhuga frá starfsmönnum og tíu fundu fyrir trúverðugleika.
- Rétt rúmum helmingi fannst hann geta leitað til starfsmanna og tíu fannst þau geta verið heiðarleg við starfsmenn.

Börnin voru spurð hvernig þeim fannst ákveðnir þættir í starfsemi meðferðarheimilisins nýtast sér

- Ellefu börnum fannst *skólinn* nýtast þeim mikið eða mjög mikið.
- Fjórtán fannst *samvera með fullorðna fólkinu* á meðferðarheimilinu nýtast þeim mikið eða mjög mikið, tveimur fannst samveran nýtast sér mjög lítið.
- Rúmum helmingi fannst *einstaklingsviðtölin* nýtast sér miðlungi vel til mikið, einn sagði að þau hefðu ekki verið fyrir hendi.
- Sjö ungmennanna fannst *hópfundir* nýtast sér mikið til mjög mikið en fjórir sögðu að hópfundir hefðu ekki verið fyrir hendi.
- Sjö fannst *fjölskylduvinnan* nýtast mikið eða mjög mikið en fjórir sögðu að fjölskylduvinna hafi ekki verið fyrir hendi.
- Tólf börnum fannst *tómstundir* á meðferðarheimilinu nýtast þeim miðlungi vel til mjög mikið.
- Tíu fannst *meðferðarfélagarnir* hjálpa sér.

Undirbúningur fyrir brottför og eftirfylgd að mati barnanna

- Ellefu börnum fannst þau vera vel eða mjög vel *undirbúin* fyrir brottför/útskrift, þremur fannst þau mjög illa undirbúin og fjögur sögðu að þau hefðu ekkert verið undirbúin.
- Átta sögðust ekki vita hvort það hefði verið gerð *skrifleg áætlun* um það hvernig skyldi staðið að útskriftinni.
- Níu sögðu að *meðferðarheimilið hafi lagt fram tillögur* um það hvernig stuðning þau ættu að fá eftir útskrift og átta sögðu að það hefði verið farið eftir þeim tillögum, einnig sögðu átta að þau hefðu getað haft áhrif á hvernig stuðningur þeim var boðinn.
- Tíu ungmennanna sögðu að áætlunin um útskrift *hefði gengið eftir*, fimm sögðu hana hafa gengið eftir að sumu leyti.
- Níu sögðust *ekki hafa viljað* fá stuðning eftir útskrift en fimm vildu hann.

Niðurstöður úr svörum foreldra 19 barna

Vandamál

- Þrettán foreldrar sögðu að vandamál barna sinna hefðu verið mjög mikil þegar dvöl hófst, einn sagði að vandamálin hefðu verið mjög lítil.

Árangur

- Tíu foreldrar sögðu að barnið hefði náð góðum til mjög góðum tókum á vandamáli sínu við útskrift.
- Tólf sögðust hafa fengið góða til mjög góða aðstoð frá meðferðarheimilinu til að ná tókum á hegðun barns síns.
- Fjórtán foreldrar sögðu að það hefði tekist vel til eða mjög vel að ná þeim markmiðum sem stefnt var að með vistuninni. Fjórir sögðu að illa hefði gengið að ná markmiðum.

Meðferðarheimilið

- Fimmtán foreldrar sögðust hafa átt mjög gott samstarf við starfsmenn meðferðarheimilisins, aðeins einn sagði að samstarfið hefði verið í meðallagi.
- Meirihlutinn sagðist hafa getað haft mikil til mjög mikil áhrif á meðferð barnsins síns.
- Rúmur helmingur sagði að samskipti við barnið á meðan á meðferð stóð hefðu verið mikil til mjög mikil. Fimmtán foreldrar sögðu að samskiptin hefðu verið mátulega mikil, aðeins einn hefði viljað hafa meiri samskipti.
- Allir sögðu að starfsmenn meðferðarheimilisins hefðu komið fram við sig af virðingu.

Undirbúningur fyrir brottför og eftirfylgd

- Þrettán foreldrar sögðu að þau hefðu verið vel til mjög vel undirbúin og tólf sögðu að fjölskyldan hafi verið vel eða mjög vel undirbúin fyrir útskriftina.
- Tólf foreldrar sögðu að undirbúningur fyrir útskriftina hefði hafist einum mánuði eða meira fyrir hana.
- Nánar var spurt út í undirbúning útskriftarinnar og hver hefði tekið þátt í að undirbúa hana. Þrettán sögðust sjálf hafa tekið þátt í undirbúningnum, níu sögðu að barnið hefði tekið þátt, sautján sögðu að starfsmenn meðferðarheimilisins hefðu undirbúið útskriftina og þrettán sögðu að starfsmaður barnaverndarnefndar hefði tekið þátt í undirbúningi fyrir útskrift barnsins. Átta foreldrar sögðu að barnaverndarnefnd/félagsþjónustan hefði gert það. Tekið skal fram að í flestum tilvikum voru það fleiri en einn aðili sem stóðu að undirbúningi útskriftar.
- Þrettán sögðu að meðferðarheimilið hefði lagt fram tillögu um það hvernig stuðning barnið skyldi fá, og sögðu níu að farið hefði verið eftir þeim tillögum sem meðferðarheimilið setti fram.
- Ellefu sögðu að þau hefðu getað haft áhrif á stuðninginn sem barnið fékk að lokinni meðferð, fjórir sögðu að þau hefðu ekki getað það.
- Í ellefu tilvikum gekk áætlunin um útskrift eftir, í fjórum tilvikum gekk hún eftir að einhverju leyti.
- Sex voru frekar eða mjög ánægð með stuðninginn sem þau og barnið fengu eftir meðferð en níu voru frekar eða mjög óánægð með stuðninginn.
- Foreldrar voru spurðir hver væri að þeirra mati best fallinn til að styðja við sig og barnið eftir útskrift og komu þá svör eins og: sálfræðingur, fósturforeldrar, forsjármenn meðferðarheimilisins sem barnið var á og svo voru tveir sem sögðu að ekki væri til nóg þekking á Íslandi til að sinna vandamáli barns síns.
- Fjórtán foreldrar sögðust hafa viljað stuðning barnaverndar eftir útskrift en fjórir vildu ekki stuðning. Aðspurð hvort að barnið hefði viljað stuðning sögðu níu foreldrar já.
- Spurt var hvort sami starfsmaður barnaverndar hefði sinnt máli þeirra frá upphafi til útskriftar og voru þrettán sem sögðu já, að sami hefði séð um málið, sex sögðu nei, að ekki hefði sami aðili komið að málinu allan tímann. Nánar var spurt út í fjölda starfsmanna ef svarað var nei og voru fjórir sem sögðu að þrjú starfsmenn hefðu komið að málinu, tveir sögðu að tveir hefðu komið að málinu og einn sagði að margir starfsmenn hefðu komið að máli barns síns.

Viðauki III

Rannsókn á viðtölum við börn sem komu til rannsóknar í Barnahús á tímabilinu frá 1. nóvember 1998 til 31. desember 2004

**Rannsókn á viðtölum við börn sem komu til rannsóknar í Barnahús á tímabilinu
frá 1. nóvember 1998 til 31. desember 2004**

Þorbjörg Sveinsdóttir
Jóhanna Kristín Jónsdóttir
Gísli H. Guðjónsson
og
Jón Friðrik Sigurðsson



Þorbjörg Sveinsdóttir er sérfræðingur í Barnahúsi og meistaranemi í sálfræði við Háskóla Íslands.

Jóhanna Kristín Jónsdóttir er sálfræðingur á barna- og unglíngageðdeild Landspítala og ráðgefandi sálfræðingur á Barnaspítala Hringisins.

Gísli H. Guðjónsson er prófessor í réttarsálfræði við Institute of Psychiatry, King's College í London og prófessor við Kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík. Hann er sérfræðingur í klínískri sálfræði og réttarsálfræði og gegnir einnig starfi yfirsálfræðings við Lambeth Forensic Mental Health Service í Englandi.

Jón Friðrik Sigurðsson er prófessor í sálfræði við Læknadeild Háskóla Íslands og við Kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík. Hann er sérfræðingur í klínískri sálfræði og réttarsálfræði og gegnir einnig starfi yfirsálfræðings á geðsviði Landspítala.

Inngangur

Árlega berast barnaverndaryfirvöldum á Íslandi hundruð tilkynninga vegna gruns um að barn hafi sætt kynferðisofbeldi. Allar tilkynningar af þessu tagi eru teknar alvarlega og er það skylda barnaverndarnefnda að setja af stað frumkönnun í hverju máli fyrir sig. Í þeim tilvikum þar sem frumkönnun styður grunsemdir frekar er barn sent í könnunarviðtal eða skýrslutöku sem þá er liður í lögreglurannsókn málsins. Á þeim tíma sem rannsókn þessi nær yfir fóru þessi viðtöl að mestu leyti fram í Barnahúsi sem var stofnað 1. nóvember 1998. Þegar lögreglurannsókn er lokið og efni þykir til frekari aðgerða er mál sent ríkissaksóknara sem tekur ákvörðun um hvort ákært verði í málinu eða ekki. Í þeim tilvikum þar sem sakargiftir þykja ekki nægilegar er mál fellt niður og ákæra ekki gefin út. Erlendar rannsóknir sýna að í helmingi tilfella eru mál sem send hafa verið ríkissaksóknara felld niður vegna ofangreindra ástæðna (Ceci og Bruck, 1999). Í þeim tilvikum þar sem gerandi er undir sakhæfisaldri (sem er 15 ár á Íslandi) eru mál ekki send í lögreglurannsókn heldur unnin á annan hátt til dæmis með könnunarviðtölum í Barnahúsi. Málefni barna sem sætt hafa kynferðisofbeldi hefur fengið aukna umfjöllun á síðustu árum, bæði hér á landi og erlendis. Erlendar rannsóknir sýna að einungis 3-10 % slíkra mála enda með sakfellingu ákærða (Gray, 1993 sjá í Ceci og Bruck, 1999).

Vegna eðli þessara brota hefur framburður barna mikið vægi en í flestum tilvikum eru börnin ein til frásagnar um hvað gerst hefur. Umræða hefur því mikið snúist um getu barna til að bera vitni og hvort treysta megí að þau greini satt og rétt frá. Hæfni barna til að koma fyrir dómstóla hefur verið dregin í efa en rannsóknir beinast nú í miklum mæli að atriðum sem stuðla að áreiðanleika framburðar þeirra. Þær hafa sýnt fram á getu barna til að bera vitni að ákveðnum forsendum uppfylltum. Verður að huga að þörfum þeirra og gæta þess að rétt sé staðið að yfirheyrslum þar sem þau eiga í hlut (McDermott-Steinmetz, 1998). Myers (1995) bendir á að efasemdir um hæfni barna til að bera vitni hafi aukist á árunum 1980-1990 og nefnir hann þrjár meginástæður fyrir þessu viðhorfi: (1) neikvæðar fréttir í fjölmiðlum um vitnisburði barna, (2) viðhorf sumra sérfræðinga um að börn segi ekki ósatt til um kynferðislegt ofbeldi og (3) þá hættu sem stafar af því að reiða á leiðandi spurningar. Segir Myers (1995) að þessar ástæður hafi orðið til þess að draga úr trúnni á dómskerfið með tilliti til getu barna til að bera vitni. Til að vinna bug á þessum efasemdum byrjuðu sérfræðingar upp úr 1990 að leggja fram vel rannsakaðar og staðlaðar leiðbeiningar um heppilegar viðtalsaðferðir til að yfirheyra börn (t.d. American Professional Society on the Abuse of Children, 1990; Bull, 1995; Aldridge og Wood, 1998; Bruck, Ceci og Hembrooke, 1998; Lamb, Sternberg og Esplin, 1994, 1995; Lamb, Hershkowitz, Orbach og Esplin, 2008; Pool og Lamb, 1998). Sameiginlegt með þessum fræðimönnum er að upplýsingum skyldi vera aflað í frjálstri frásögn, beinar og leiðandi spurningar skyldi nota sparlega og að gerð formlegrar og áreiðanlegrar viðtalsaðferðar (*interview protocol*) væri besta leiðin til að auka trúverðugleika vitnisburðar hjá börnum.

Goodman og Belinder (2007) bentu nýlega á mikilvægi þess að gæta jafnvægis í viðhorfum á getu barna til að bera vitni og forðast því bæði ofur jákvæð og ofurneikvæð viðhorf í þeim efnum. Lamb og félagar (2008) fjalla ítarlega um þá þætti sem hafa áhrif á getu barna til að bera vitni. Nefna þeir þroskastig barnsins, eðli þess atburðar sem verið er að spyrja barnið um og viðtalstæknina sem notuð er.

Á undanförunum árum hefur athygli beinst í auknum mæli að börnum sem kunna að vera þolendur í kynferðisbrotamálum og stöðu þeirra í réttarvörslukerfinu. Á síðustu tíu til fimmtán árum hefur fagleg umræða um áreiðanleika vitnisburðar barna í Bandaríkjunum skipst í tvennt. Annars vegar eru fagaðilar sem halda því fram að börn ljúgi ekki og þeim beri að trúá og hins vegar eru þeir sem segja að börn séu mjög sefnæm og taka beri vitnisburði þeirra með fyrirvara (Pool og Lamb, 1998). Taka má mið af báðum þessum fylkingum að einhverju leyti því rannsóknir hafa sýnt misvísandi niðurstöður þegar kemur að áreiðanleika vitnisburðar barna (Ceci og Bruck, 1993).

Í ljósi rannsókna sem á síðustu árum hafa aukið við þekkingu á mati á áreiðanleika vitnisburða barna beinist athygli nú í ríkara mæli að þeirri viðtalstækni sem styðjast skal við þegar tekin eru viðtöl við börn sem mæta í skýrslutöku fyrir dómstólum. Rannsóknarviðtal við barn sem orðið hefur fyrir kynferðisofbeldi hefur hlotið sífellt meiri athygli og nýlegar rannsóknir sýna að hér getur verið um vandmeðfarnasta og viðkvæmasta hluta málsins að ræða. Ekki síst vegna þess að framburður barna er oftast en ekki það eina sem unnt er að byggja framhald máls og lyktir á. Rannsóknarviðtal ætti ávallt að

vera fyrsta viðtal við barn (Barnaverndarstofa, 2006). Mikilvægt er að sá aðili sem tekur rannsóknarviðtal við barn búi yfir sérhæfðri þekkingu og reynslu á því sviði. Talið er að fá megi skýrari frásögn frá barni í viðtölum sem sérfræðingar annast við aðstæður sem mæta þörfum barnsins að fullu (Barnaverndarstofa, 2006).

Þegar viðtöl eru tekin við börn er algengast að gera greinarmun á hefðbundnum meðferðarviðtölum þar sem megináhersla er lögð á þjónustu við barnið og rannsóknarviðtölum sem hafa að markmiði að fá fram staðreyndir um þá atburði sem gerst hafa (Pool og Lamb, 1998). Rannsóknir sýna að aðferðir sem gagnast vel við að tala við börn í meðferð eru ekki alltaf viðeigandi í rannsóknarviðtölum. Af þessum sökum er ekki mælt með að sami aðili annist rannsóknarviðtal við barn og þá meðferð sem það hlýtur að viðtali loknu (Pool og Lamb, 1998). Markmið rannsóknarviðtala er að afla áreiðanlegra og nákvæmra upplýsinga frá barninu um staðreyndir málsins. Spyrjandinn á að vera hlutlaus og aðferðirnar sem notaðar eru byggja á fjölda rannsókna sem gerðar hafa verið á hugsanlegum áhrifum spyrjenda á börn. Er þá aðallega átt við þóknunaráhrif og áhrif leiðandi spurninga. Einnig er gert ráð fyrir að ekki þurfi að leggja huglægt mat á þær upplýsingar sem fram koma í viðtalinu. Rannsóknarviðtöl eru sérstaklega hönnuð með það í huga að koma í veg fyrir sefnæmi og þörf barna til að þóknast fullorðnum (Steller og félagar, 1991 sjá í Pool og Lamb, 1998).

Áður en rannsóknarviðtal hefst er eðlilegt að spyrjandi hafi aflað sér ákveðinna bakgrunnsupplýsinga um barnið og atburðinn sem grunur leikur á að hafi átt sér stað (Pool og Lamb, 1998). Vænlegast er að rannsóknarviðtal fari fram við aðstæður sem skapaðar eru sérstaklega með slíkt í huga. Viðtalsherbergið þarf að vera vinalegt og stílhreint. Myndbandsupptökutæki þarf að koma fyrir á lítt áberandi stað sem og öðrum búnaði sem nauðsynlegur er svo hægt sé að hafa samskipti milli þeirra sem fylgjast með viðtalinu og þess sem viðtalið tekur (Pool og Lamb, 1998). Rannsóknarviðtöl eru í flestum tilfellum tekin upp á mynddisk enda er slíkt nauðsynlegt svo framburður barns sé varðveittur eins og hann kemur fyrir. Með þessu er einnig komið í veg fyrir að barn þurfi að segja sögu sína endurtekið við marga aðila en það getur valdið barninu miklu álagi (Pool og Lamb, 1998).

Í lok ársins 1996 var Barnaverndarstofu falið að veita upplýsingar vegna fyrirspurnar á Alþingi um kynferðislegt ofbeldi og áreitni gagnvart börnum. Í kjölfarið var gerð könnun á því hve oft á fimm ára tímabili, árin 1992-1996, opinberir aðilar, barnaverndarnefndir, lögregla og saksóknari hefðu haft afskipti af málefnum barna sem grunað er að hafi sætt kynferðisofbeldi. Einnig var leitast við að fá upplýsingar um afdrif þessara mála og hvaða meðferð þessum börnum og fjölskyldum þeirra hefði boðist. Niðurstöður þessarar könnunar bentu meðal annars til að þótt umfang mála virtist umtalsvert væri brottfall þeirra mikið á hverjum viðkomustað, hjá barnaverndarnefndum, lögreglu, saksóknara og hjá dómstólum (Barnaverndarstofa, 2006). Barnaverndarstofu var falið að setja fram tillögur um bætt vinnubrögð og þótti ástæða til að afla sérstaklega upplýsinga um „Childrens Advocacy Centers“ í Bandaríkjunum þar sem grunsemdir um kynferðisofbeldi eru rannsakaðar. Sú starfsemi hefur þótt fela í sér mikla framför, einkum sú áhersla sem lögð er á samhæfingu ólíkra stofnana (Barnaverndarstofa, 2006). Fallist var á tillögur Barnaverndarstofu um stofnun Barnahúss í ágúst árið 1997 og hófst þá vinna við undirbúning starfseminnar en húsið hóf starfsemi í nóvember 1998. Leitað var til erlendra sérfræðinga hjá „Children’s Assessment Center“ í Houston, Texas eftir tæknilegri aðstoð og ráðgjöf. Ráðnir voru tveir sérfræðingar til starfa í Barnahúsi, en nú starfa þar fjórir sérfræðingar ásamt ritara. Hafa sérfræðingar hússins sótt þjálfun í viðtalstækni (forensic interviewing) til Bandaríkjanna á vegum Harborview Center for Sexual Abused Children.

Þjónusta Barnahúss við úrlausn einstakra barnaverndarmála felur einkum í sér könnunarviðtöl, rannsóknarviðtöl, læknisskoðun, greiningu og meðferð. Sérfræðingar Barnahúss veita einnig ráðgjöf hverjum þeim sem hafa afskipti af börnum í starfi sínu auk annarra sem til hússins leita eftir upplýsingum um mál er varða kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Samkvæmt 74. gr. laga um meðferð opinberra mála ber lögreglu að leita atbeina dómara sem sér um að taka skýrslu af börnum ef rannsókn beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot. Sérstök ákvæði eru um framkvæmd skýrslutökunnar en samkvæmt 59 gr. oml getur dómari kvatt kunnáttumann, til dæmis sérþjálfaðan sérfræðing eða lögreglumann sér til aðstoðar við skýrslutökuna. Það er alfarið ákvörðun dómara hvar skýrslutaka fer fram og hvort hann kalli sér til aðstoðar kunnáttumann. Þegar dómari ákveður að taka skýrslu af barni í Barnahúsi er dómþing háð þar en viðstaddir eru fulltrúi ákærvalds, verjandi sakbornings, sakborningur sjálfur, réttargæslumaður meints brotþola og fulltrúi barnaverndarnefndar. Dómari getur með hjálp sérstaks búnaðar stjórnað

framvindu viðtalsins og beint spurningum til spyrjanda án þess að barnið verði þess vart. Óháð því hvort viðtal er liður í könnun máls hjá barnverndarnefnd eða skýrslutaka fyrir dómi er markmið þess að leitast við að fá fram eins nákvæma og sjálfstæða frásögn barns og unnt er af meintum atburði eða atburðum (Barnaverndarstofa, 2006).

Aðstöðu fyrir lækni skoðun var komið á fót í Barnahúsi árið 1999 og var ætlunin að börn yrðu í flestum tilfellum skoðuð þar. Undantekningar eru þó ef þörf á skoðun er bráð eða nauðsynlegt reynist að svæfa barnið fyrir skoðun. Í þeim tilfellum fer skoðun fram á Landspítalanum (Jón R. Kristinsson og Þóra Fischer, 1999).

Hafi barnaverndarnefnd óskað eftir greiningu og meðferð fyrir barnið og upplýsingar sem fram koma í rannsóknarviðtali benda til að barn hafi þörf fyrir slíkt eru forsjáraðilar þess upplýstir um þá þjónustu hússins. Sérfræðingur Barnahúss sem ekki annaðist rannsóknarviðtal við barnið ber ábyrgð á greiningu og meðferð. Fyrsta greiningarviðtal er að jafnaði bókað þegar að loknu rannsóknarviðtali. Meðferð getur því hafist um leið og barn hefur greint frá meintri misnotkun án þess að hætta sé á að meðferðin spilli framgangi málsins í réttarvörslukerfinu. Greining og meðferð fer fram í heimabyggð barnsins búi það utan höfuðborgarsvæðisins (Barnaverndarstofa, 2006).

Í rannsókn þessari er ætlunin að kanna ferli mála þar sem grunur leikur á að barn hafi sætt kynferðisofbeldi og komu í rannsóknarviðtal í Barnahús frá 1. nóvember 1998 – 31. desember 2003. Ýmis atriði er varða getu barna til að bera vitni fyrir dómi, framburð þeirra og eðli brotanna gegn þeim verða skoðuð og hugað verður að þeim þáttum sem taldir eru styrkja framburð þeirra fyrir dómi.

Aðferð

Rannsóknargögn/Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókn þessari voru 285 börn sem grunur lék á að hefðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Börnin mættu í rannsóknarviðtal í Barnahús frá 1. nóvember 1998 til 31. desember 2003 og var það liður í lögreglurannsókn á málum þeirra. Á þessum árum bárust Barnahúsi 728 mál til skoðunar og var málum 285 (39%) barna vísað í lögreglurannsókn og höfðu 14 börn (5%) komið í könnunarviðtal í Barnahúsi á vegum barnaverndarnefnda áður en þau fóru í skýrslutöku fyrir dómi. Í þessum hópi voru 241 (85%) stúlkur og 44 (15%) drengir og voru börnin á aldrinum 3½ árs til 17 ára. Í samræmi við ráðleggingar Poole og Lamb (1998) eru ekki tekin rannsóknarviðtöl við börn yngri en 3½ árs. Meðalaldur barnanna þegar viðtal fór fram var 11,4 ár hjá stúlkum ($sf=3,9$, spönn 3½ - 17 ára) en 9,6 ár ($sf=4,0$, spönn 3½ - 15 ára) hjá drengjum. Meðalaldur barnanna þegar brot áttu sér stað var 10,7 ár hjá stúlkum ($sf= 3,9$, spönn 3½ - 17 ára) en 8,6 ár ($sf= 3,9$, spönn 3½ - 15 ára) hjá drengjum. Lögregla stjórnaði skýrslutöku í málum 29 barna en dómari í málum 256 barna eftir að lög um meðferð opinberra mála 36/1999 tóku gildi 1. maí 1999. Lagabreytingin fól í sér að framkvæmd skýrslutöku var í höndum dómara í stað lögreglu eins og hafði tíðkast fyrir þann tíma.

Til aðgreiningar var þátttakendum skipt í fimm aldursflokka; 3 ½-5 ára, 6-8 ára, 9-11 ára, 12-14 ára og 15-17 ára þegar viðtal fór fram í Barnahúsi. Eru þessir aldursflokkar sambærilegir þeim sem notaðir hafa verið í erlendum rannsóknum (t.d. Lamb og félagar, 2008, bls. 226).

Rannsakendur gerðu samning við Barnaverndarstofu um framkvæmd rannsókna og alla meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga og tilkynnti Barnaverndarstofa um rannsóknina til Persónuverndar. Þau gögn Barnahúss sem rannsakendur notuðu voru myndbandsupptökur af framburði barna í rannsóknarviðtali, skýrslur sérfræðinga Barnahúss um viðtölin og tilvísunarblað barnaverndarnefnda í Barnahús. Rannsóknin hlaut styrkt (nr. 0213402/3) frá Rannsóknarsjóði Íslands (RANNÍS).

Mælitæki

Sérstakur gátlisti var útbúinn af rannsakendum vegna rannsóknarinnar í samráði við Vigdís Erlendsdóttur og Rögnu Guðbrandsdóttur þáverandi sérfræðinga Barnahúss. Þar voru skráðar upplýsingar sem komu fram í rannsóknarviðtali við barn auk upplýsinga af tilvísunarblaði barnaverndarnefndar í Barnahús. Innri áreiðanleiki skráningar var skoðaður með því að rannsakendur (Jóhanna K. Jónsdóttir og Þorbjörg Sveinsdóttir) horfðu í sitt hvoru lagi á 20 viðtöl og skráðu upplýsingar á gátlista. Kappa áreiðanleikastuðull reyndist vera 0.92-1.0 sem gefur til kynna mjög háan áreiðanleika milli rannsakendanna tveggja.

Við hönnun gátlistans var stuðst við rannsóknir á uppbyggingu rannsóknarviðtals (*forensic interview*) og allar breytur skilgreindar nákvæmlega. Gátlistinn skiptist í fjóra flokka:

- Flokkur 1: Almennar upplýsingar um hvert mál fyrir sig, aldur og kyn barns, aldur og kyn geranda, tengsl geranda við þolanda og hvort um nýlegt eða eldra brot var að ræða. Eldri brot voru skilgreind sem þau brot sem áttu sér stað einu ári eða meira frá því að barn greindi frá því.
- Flokkur 2: Upplýsingar úr forkönnun rannsóknarviðtals, úr reglum viðtals og mati á þroska og hugtakaskilningi barns.
- Flokkur 3: Helstu atriði úr framburði barns, hvers eðlis brot var og á hvaða alvarleikastigi það var. Einnig hvort um eitt brot var að ræða eða endurtekin, hvar atvik áttu sér stað, á hvaða tíma sólarhrings þau gerðust og hvort gerandi hafi umbunað barni, hótad því eða bannað því að segja frá. Ennfremur atriði sem snúa að getu barna til að greina frá, eins og hvort barn hafi gefið greinargóða lýsingu á atburði, hversu skýr og nákvæm frásögn var og hvort hún hafi verið samhangandi.
- Flokkur 4: Aðrar upplýsingar um málið, hvort barn hafi farið í lækni skoðun, fengið greiningu eða meðferð í Barnahúsi og hvort barnaverndarnefnd hafi haft afskipti af málum fjölskyldunnar áður en grunsemdir um kynferðislegt ofbeldi vöknudu.

Framkvæmd

Áhorf myndbanda fór fram í Barnahúsi og var hvert viðtal um 30- 40 mínútur að lengd (spönn 15-90 mín). Rannsakendur horfðu í sameiningu á hvert myndband einu sinni til tvisvar. Upplýsingar úr

viðtölum ásamt öðrum viðkomandi upplýsingum voru merktar inn á gátlista. Rannsakendur lögðu mikið upp úr nákvæmni skráningar og höfðu samráð sín á milli ef misræmis gætti milli þeirra. Leitað var álits sérfræðinga Barnahúss í þeim tilvikum sem vafaatriði komu upp í því skyni að auka áreiðanleika skráningar.

Við úrvinnslu gagna voru tengsl geranda og þolanda flokkuð í þrjá flokka, nán tengsl, kunnugir og ókunnugir.

- Nán tengsl: Þeir sem tengjast barni fjölskylduböndum; foreldri, stjúforeldri, systkini, afi/amma, stjúpafi/amma, frændfólk og annar skyldleiki.
- Kunnugir: Þeir sem þekkja til barns; fjölskylduvinur, gæsluaðili, nágrenni og vinur/kunningi.
- Ókunnugir: Þeir sem ekki þekkja til barns.

Við skráningu var gerður greinarmunur á brotum sem fela í sér beina snertingu (*contact*) og þeim sem einkennast af annars konar kynferðislegri áreitni (*non-contact*).

- Bein snerting: Kossar, þukl og káf, öll snerting utan sem innan klæða, munnmök við barn, tilraun til innþrengingar í líkama barns, tilvik þar sem slík innþrenging tekst og fullt samræði við barn.
- Önnur kynferðisleg áreitni: Kynferðislegt tal, klámeftni sýnt barni, myndir teknar af barni í kynferðislegum tilgangi, að sýna kynfæri sín börnum, að horfa á börn án klæða, sjálfsfróun í návist barns.

Við skráningu gagna voru kynferðisbrot flokkuð í fimm alvarleikastig (sjá viðauka 1). Rannsakendur studdust við grófleikaflokka kynferðisbrota úr rannsókn á afdrifum kynferðisbrotamála gegn börnum á Íslandi árin 1995-1997 sem unnin var á vegum Barnaverndarstofu (Barnaverndarstofa, 2000)

Flokkun var nokkuð ítarlegri en í þeirri rannsókn og nýjum flokki bætt við. Tekið var mið af skiptingu brota í þau sem innihalda líkamlega snertingu og þau sem einkennast af öðru. Grófleiki brota eykst með hækkandi alvarleikastigi, vægustu brotin eru flokkuð á alvarleikastig 1 en þau grófustu á alvarleikastig 5. Hér fyrir neðan má sjá dæmi um athæfi sem tilheyra hverjum flokki fyrir sig:

Alvarleikastig 1: Kynferðislegur talsmáti, þukl á líkama barns utan klæða og tilraun til kossa.

- Alvarleikastig 2: Sýna barni kynfæri sín, horfa á barn án klæða, snerting á kynfærum barns utan klæða og sjálfsfróun í návist barns.
- Alvarleikastig 3: Snerting á kynfærum barns eða brjóstum innan klæða, gerandi fróar barni eða lætur barn fróa sér.
- Alvarleikastig 4: Tilraun til innþrengingar í kynfæri eða endaparm barns hvort sem það er með fingri, hlutum eða getnaðarlími, tilraun til innþrengingar getnaðarlíms í munn barns, innþrenging framkvæmd í kynfæri eða endaparm með fingri eða hlutum, munnmök við barn, barn látið setja getnaðarlím í munn sinn eða látið sleikja kynfæri kvenna.
- Alvarleikastig 5: Fullt samræði við barn í leggöng eða endaparm.


Við úrvinnslu voru brot á alvarleikastigi 1 og 2 flokkuð saman sem væg brot, brot á alvarleikastigi 3 eru flokkuð sem gróf brot og brot á alvarleikastigi 4 og 5 flokkuð sem mjög gróf brot.

Gögn voru skráð í Microsoft Access en tölvutækt skráningarform var hannað sérstaklega fyrir rannsóknina af Ásgeiri Haukssyni tölvunarfræðingi. Hönnun tók mið af gátlista. Gögn voru flutt í Microsoft Excel og þaðan í SPSS fyrir tölfræðilega úrvinnslu.

Niðurstöður

Aldur barnanna

Á mynd 1 má sjá aldur barnanna þegar viðtal fór fram. Meiri hluti barnanna er tólf ára og eldri, eða um tveir þriðju hlutar þeirra.



Mynd 1. Aldurskipting barnanna 285 þegar viðtal fór fram í Barnahúsi.

Mat á þroska og hugtakaskilningi

Í töflu 1 má sjá hvernig börnin stóðu sig í forkönnun viðtals. Eins og sjá má standa yngstu börnin sig ekki verr en eldri börnin miðað við þær kröfur sem eru gerðar til þeirra en ætla má að meiri kröfur séu gerðar til eldri barna en þeirra yngri. Engu að síður er hugtakaskilningur barnanna í langflestum tilfellum mjög góður og þroski þeirra í samræmi við aldur. Börnin skilja veflest þær reglur sem eru settar í viðtalinu og þau svara almennum spurningum vel t.d. um skóla, fjölskyldu og áhugamál. Börnin hafa einnig gott minni á almenn atriði í forkönnun viðtals svo sem heimilisfang, afmælisdag og þess háttar.

Tafla 1. Frammistaða barnanna í forkönnun viðtals.

	3½-5 ára (N=38)	6-8 ára (N=37)	9-11 ára (N=51)	12-14 ára (N=94)	15-17 ára (N=65)
Hugtakaskilningur góður	28 (82%)	35 (95%)	49 (98%)	89 (95%)	61 (94%)
Þroski í samræmi við aldur	33 (97%)	34 (92%)	49 (98%)	90 (96%)	64 (98%)
Gerir greinarmun á satt/ósatt	29 (91%)	37 (100%)	50 (100%)	90 (99%)	60 (100%)
Skilur grundvallar reglur viðtals	30 (97%)	36 (97%)	50 (100%)	90 (99%)	60 (100%)
Svarar vel almennum spurningum	31 (94%)	35 (95%)	50 (100%)	90 (99%)	60 (97%)
Gott minni á almennum atriðum	30 (94%)	36 (97%)	50 (100%)	89 (97%)	60 (98%)

Eins og sjá má í töflu 2 er talsverður aldursmunur á því hvort börn vissu ástæðu komu sinnar í Barnahús. Þannig sögðust einungis 49% barna í yngsta aldursflokknum vita hvers vegna þau voru komin í Barnahús að ræða við viðmælanda sinn en öll börnin í elsta aldursflokknum vissu það. Einnig er mikill aldursmunur á því hvort börnin héldu athygli meðan viðtal fór fram. Aðeins 57% barna í


yngsta aldursflokkki voru fær um að halda athyglinni meðan viðtal fór fram en strax við 6 ára aldur gekk það mun betur. Nánast öll börn 9 ára og eldri voru fær um að halda athygli meðan viðtal fór fram.

Tafla 2: Ástæða komu í Barnahús og athygli í viðtali.

	3½-5 ára (N=38)	6-8 ára (N=37)	9-11 ára (N=51)	12-14 ára (N=94)	15-17 ára (N=65)
Veit ástæðu komu í Barnahús	17 (49%)	24 (65%)	41 (80%)	93 (99%)	65 (100%)
Heldur athygli í viðtali	20 (57%)	33 (89%)	49 (96%)	92 (99%)	65 (100%)

Eðli brota

Af þeim 285 börnum sem komu í rannsóknarviðtal greindu 215 (75,4 %) frá því að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi (KOF), 185 (77%) stúlkur og 30 (68%) drengir. Á mynd 3 má sjá hvernig framburður barna skiptist eftir aldri. Eins og sjá má er mikill aldursmunur á því hvort börn greini frá KOF í rannsóknarviðtali en einungis 40% barna í yngsta aldursflokknum greindu frá KOF á meðan 92% elstu barnanna gera það.



Mynd 2. Framburður Barna í barnahúsi eftir aldri.

Aldur barnanna þegar brot áttu sér stað var ekki í öllum tilfellum sá sami og aldur þeirra þegar þau komu í viðtal í Barnahús. Ástæðan er sú að 53 (25%) börn greindu frá eldri brotum, það er brotum sem áttu sér stað einu ári eða meira áður en þeim var vísað í Barnahús. Þrjár meginástæður voru fyrir því að börn greindu frá eldri brotum: (1) í málum 20 (38%) barna höfðu ýmis vandamál tengd því að komast á kynþroskaaldurinn leitt til þess að aðrir (t.d. foreldrar, vinir, starfsfólk skóla) spurðu spurninga sem leiddu til þess að þau greindu frá ofbeldinu, (2) í málum 12 (23%) barna greindu aðrir þolendur sama geranda frá kynferðisofbeldi og (3) í málum 8 (15%) barna greindu börn sérfræðingum (s.s. námsráðgjöfum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum) frá tengdum vandamálum sem leiddu til

spurninga um KOF. Í færri tilvikum voru aðrar ástæður svo sem frásagnir í kjölfar umfjöllunar um KOF í fjölmiðlum, áhyggjur af yngri systkinum eða meintur gerandi flutti af heimilinu.

Þegar verið er að fjalla um eðli brotanna, svo sem alvarleika, tíðni, staðsetningar og fleira er tekið mið af aldri barnanna þegar brot átti sér stað en ekki af aldri barnanna þegar þau greindu frá ofbeldinu.


Af þeim 215 börnum sem greindu frá kynferðisofbeldi sögðu 104 (48%) börn frá því að hafa verið beitt kynferðisofbeldi einu sinni, 43 (20%) greindu frá tveimur til fjórum tilfellum, 18 (8%) greindu frá fimm til tíu tilfellum og 35 (17%) greindu frá fleiri en tíu tilvikum. Ekki voru upplýsingar um fjölda tilvika hjá 15 (7%) börnum.

Í 96 málum þar sem kynferðisofbeldi átti sér stað oftast en einu sinni, greindu 11 (11%) börn frá því að ofbeldið hafi staðið yfir í allt að einn mánuð, 38 (39%) stóðu yfir í allt frá einum mánuði upp í eitt ár og 40 (41%) stóðu yfir í meira en eitt ár. Í sjö (8%) málum voru ekki upplýsingar um hversu lengi ofbeldið stóð yfir.

Af börnunum 215 sem greindu frá kynferðisofbeldi voru 18 (8%) brot framín á alvarleikastigi eitt, 37 (17%) á stigi tvö, 48 (23%) á stigi þrjú, 61 (29%) á stigi fjögur og 49 (23%) á stigi fimm. Ekki er vitað um alvarleikastig brots/brota gegn tveimur (1%) börnum. Þetta þýðir að 52% brota sem framín eru gegn börnum eru á alvarleikastigi fjögur og fimm og flokkast því sem mjög gróf brot.

Á mynd 3 má sjá alvarleika brota með tilliti til aldurs barnanna þegar brot áttu sér stað. Niðurstöðurnar sýna að börn í tveimur yngstu aldursflokkunum greindu ekki frá brotum á alvarleikastigi eitt, þ.e. vægust brotunum. Ekkert barn í yngsta aldursflokknum greindi frá broti á alvarleikastigi fimm og aðeins 6 börn yngri en 12 ára gerðu slíkt.

Flest brotin í tveimur yngstu aldursflokkunum eru á alvarleikastigi fjögur, þ.e. tilraun til innþrengingar eða munnmök við barn. Þetta átti sér stað í 13 (65%) tilvikum þar sem börn urðu fyrir kynferðisbroti á aldrinum 3½ til 5 ára og í 18 (45%) tilvikum hjá börnum á aldrinum 6-8 ára. Brot á alvarleikastigi fimm, fullframín kynferðismök eru algengust í eldri aldursflokkum 12-14 ára barna þar sem 23 (30%) börn urðu fyrir svo grófu kynferðisofbeldi og 15-17 ára þar sem 19 (45%) börn urðu fyrir slíku. Einungis sjö börn (1%) yngri en 12 ára urðu fyrir svo grófu kynferðisofbeldi.



Mynd 3. Alvarleikastig brota og aldur barna þegar brot áttu sér stað.

Af þeim 215 börnum sem greindu frá kynferðisofbeldi sögðu 67 (31%) frá því að einn eða fleiri aðilar hefðu verið viðstaddir þegar atburðurinn átti sér stað. Í sex (9%) af þessum málum tók viðstaddur aðili þátt í ofbeldinu með einum eða öðrum hætti. Þar af var viðstaddur þátttakandi í tveimur tilfellum kona sem tók þátt í athöfninni ásamt karlkyns geranda sem í báðum tilvikum var unnusti konunnar. Í 12 (18%) tilvikum var viðstaddur aðili sofandi nálægt, 4 (6%) voru viðstaddir en ekki endilega vitni af sjálfum atburðinum og í 44 (67%) tilfella var viðstaddur aðili vitni að ofbeldinu (yfirleitt systkini eða vinir þolandans sem í sumum tilfellum voru einnig þolendur meints geranda). Í 81 (38%) tilfelli átti atviki sér stað á heimili geranda, í 32 (15%) tilfella á heimili þolanda, í 30 (14%) tilvika á sameiginlegu heimili geranda og þolanda, 26 (12%) tilvika í bíl og 90 (42%) tilvika annars staðar (t.d. utan dyra, á almenningsstöðum, í partíum, hótelum, tjaldi, sumarhúsum, heimilum vina eða ættingja). Tvö börn greindu ekki frá staðsetningu brota en prósentutala fer yfir 100% þar sem sum börn greindu frá fleiri en einu atviki sem gátu því átt sér stað á fleiri en einum stað.

Meintir gerendur

Meintir gerendur voru á aldrinum 12-72 ára þegar brot áttu sér stað. Ekki eru upplýsingar um aldur níu meintra gerenda. Meðalaldur gerenda þegar brot áttu sér stað er 32 ár. Alls voru 42 (20%) gerenda 18 ára eða yngri, þar af voru fimm gerendur ósakhæfir þegar brot átti sér stað, það er yngri en 15 ára. Ástæða þess að lögreglurannsókn fór fram í málum þeirra er að þeir voru sakhæfir þegar þolendur greindu frá kynferðisofbeldi og ekki lágu fyrir nákvæmar upplýsingar um aldur þeirra þegar brot áttu sér stað. Einungis 38 (18%) gerenda voru 50 ára eða eldri þegar brot átti sér stað. Langflest börnin gátu greint frá nafni geranda (190; 88%) og 18 (8%) til viðbótar gátu gefið góða lýsingu á meintum geranda.

Af þeim 215 börnum sem greindu frá kynferðisofbeldi greindu 213 (99%) börn frá því að gerandi hafi verið karlkyns en tvö (1%) að gerandi hafi verið kvenkyns. Tengsl milli geranda og þolanda skiptist þannig að í 70 (32%) tilvikum var gerandi tengdur barninu fjölskylduböndum, í 113 (53%) tilvikum var gerandi kunnugur barninu á annan hátt, t.d. fjölskylduvinur, nágrenni, vinur/kunningi eða gæsluaðili og í 32 (15%) tilvikum var gerandi að öllu leyti ókunnugur barninu. Algengustu fjölskyldutengslin voru frændi (25; 35%), stjúpaðir (17; 8%), blóðfaðir (16; 7%), afi eða stjúpaafi (10; 5%) og systkini (2; 3%).

Tæpur fjórðungur barnanna sem greindu frá kynferðisofbeldi (46; 21%) sögðu að meintur gerandi hefði hótað þeim og 47 (22%) börn sögðu að meintur gerandi hefði lofað umbunum (t.d. sælgæti, peningum, áfengi, sígarettum). Í 78 (36%) tilvikum bað meintur gerandi börnin um að segja engum frá ofbeldinu. Sú beiðni var algengari í málum þar sem börnum hafði auk þess verið umbunað. Í málum þar sem umbun var lofað, voru 35 (75%) börn beðin um að segja ekki frá ofbeldinu en aðeins í 43 (23%) málum þar sem engri umbun hafði verið lofað.

Framburður barnanna

Í töflu 3 má sjá getu þeirra barna sem greindu frá kynferðisofbeldi til að lýsa ofbeldinu á skýran og greinargóðan hátt og hversu fær þau voru um að greina frá ýmsum þáttum sem tengdust meintu ofbeldi. Yngstu börnin áttu erfiðast með að gefa greinargóða lýsingu á því kynferðisofbeldi sem þau greindu frá. Strax við sex ára aldur sýndu börnin meiri færni í að lýsa atburðarrás þannig að góð mynd fengist af því sem átti sér stað. Eins og tafla 3 sýnir var geta barna til að tímasetja atburði nákvæmlega fremur slök alveg til níu ára aldurs og það er ekki fyrr en við tólf ára aldur sem yfir 90% barnanna gátu tímasett atburðinn/atburðina á viðunandi hátt.

Geta yngstu barnanna til að greina frá atburðarrás, bæði fyrir og eftir kynferðisofbeldið var mun slakari en hjá eldri börnum. Þetta á sérstaklega við um getu þeirra til að greina frá atburðarrás eftir ofbeldið en einungis 20% barna í yngsta aldursflokknum voru fær um að gera það. Eins og sést á töflu 3 er geta barnanna til að greina frá atburðarrás fyrir og eftir atburð orðin betri við níu ára aldur.

Tafla 3. Geta barna til að greina frá ýmsum þáttum varðandi KOF.

	3½-5 ára (N=15)	6-8 ára (N=25)	9-11 ára (N=34)	12-14 ára (N=80)	15-17 ára (N=60)
Greinargóð lýsing á atburðarrás	8 (53%)	25(100%)	31(91%)	74 (93%)	53 (88%)
Greinir frá atburðarrás fyrir KOF	6 (40%)	19 (76%)	33(97%)	80(100%)	55 (92%)
Greinir frá atburðarrás eftir KOF	3 (20%)	15 (60%)	28(82%)	64 (80%)	50(83%)
Getur tímasett atvik	4 (27%)	13 (52%)	24(71%)	77 (96%)	55 (92%)
Greinir frá samtölum við geranda	3 (20%)	19 (76%)	18(53%)	62 (78%)	45 (75%)
Lýsir tilfinningum sínum meðan brot á sér stað	5 (36%)	18 (72%)	28 (82)	63 (78%)	48 (80%)

Afar sjaldgæft var að yngstu börnin gætu lýst samtölum við meinta gerendur meðan brot átti sér stað. Einungis 20% þeirra voru fær um það. Í öllum aldursflokkum voru innan við 80% barna fær um að lýsa slíkum samtölum (tafla 3).

Eins og sjá má í töflu 4 áttu yngstu börnin talsvert erfitt með að greina frá atburði í frjálstri frásögn en einungis 27% þeirra voru fær um það. Efir því sem börnin urðu eldri áttu þau auðveldara með að greina frá í frjálstri frásögn og í elsta aldursflokknum voru flest börnin fær um að gera það. Yngri börnin stóðu sig betur þegar viðmælandi aðstoðaði þau við frásögnina með sérhæfðum en þó ekki leiðandi spurningum en 67% barna í yngsta aldursflokknum svöruðu sérhæfðum spurningum á viðunandi hátt. Börnum sex ára og eldri gekk almennt vel að svara slíkum spurningum.

Tafla 4. Geta barna til að koma með frjálsa frásögn af atburði.

	3½-5 ára (N=15)	6-8 ára (N=25)	9-11 ára (N=34)	12-14 ára (N=80)	15-17 ára (N=60)
Getur svarað opnum spurningum	4 (27%)	17 (68%)	26 (77%)	62 (77%)	53 (88%)
Getur svarað sérhæfðum spurningum	10 (67%)	24 (96%)	31 (91%)	74 (93%)	58(97%)

Læknisskoðun

Læknisskoðun fór fram þegar þörf var talin á, einkum í þeim tilvikum þar sem börn greindu frá brotum á alvarleikastigum fjögur og fimm (innþrenging reynd eða innþrenging framkvæmd) eða þegar brot hafði átt sér stað stuttu áður en barn greindi frá og engin læknisskoðun hafði áður verið framkvæmd. Tæplega þriðjungur (84; 30%) þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtal fóru einnig í læknisskoðun í Barnahúsi, þar af voru 79 (95%) stúlkur. Önnur 33 börn, þar af aðeins einn drengur, fóru í læknisskoðun annars staðar en í Barnahúsi, oftast á neyðarmóttöku vegna nauðgana á Landspítala.

Greining og meðferð

Alls sóttu 182 (66%) börn sérfræðilega greiningu og meðferð í Barnahúsi, frá einu og upp í 35 skipti, 154 (85%) stúlkur og 28 (15%) drengir. Af þessum börnum höfðu 151 barn (83%) greint frá kynferðisofbeldi en 31 börn höfðu ekki gert það. Flest þeirra barna sem vísað var í meðferð án þess að hafa greint frá kynferðisofbeldi voru yngri en tólf ára (25; 81%). Ekki er vitað um afdrif þeirra barna sem ekki var vísað í þessa þjónustu í Barnahúsi en í ljósi þess að barnaverndarnefndum ber skv.

barnaverndarlögum að veita þolendum ofbeldis meðferð verður að teljast líklegt að þeim börnum hafi verið vísað annað í meðferð eða að barnið eða foreldrar þess hafi ekki viljað þiggja slíka þjónustu.

Umræða

Opnun Barnahúss á Íslandi, í nóvember 1998, ásamt þeirri vönduðu, nákvæmu og kerfisbundnu viðtalstækni sem notuð er í rannsóknarviðtölum við börnin þar, hefur gefið einstakt tækifæri til að rannsaka getu barna, allt niður í 3½ árs, til að bera vitni fyrir dómi í málum þar sem grunur leikur á kynferðislegu ofbeldi. Getu ungra barna til að skilja grunnhugtök eins og sannsögli, liti, eðli og afstöðu hluta, þekkja nöfn daga og mánaða, ásamt því að vita ástæðu viðtalsins og geta til að segja frá ofbeldinu á greinargóðan hátt er í raun grundvallaratriði þegar kemur að hæfni þeirra til að bera vitni. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa mikilvægar upplýsingar um styrk og takmarkanir ungra barna, sem skiptir miklu máli bæði í fræðilegu og hagnýtu samhengi.

Hæfni barna til að bera vitni

Niðurstöðurnar sýna að meirihluti yngstu barnanna (3½ - 5 ára) og nánast öll eldri börnin, hafa grundvallar getu til að bera vitni, þótt augljóslega komi fram aldurstengdur munur í getu þeirra á mörgum sviðum. Þessi aldurstengdi munur tengist án efa mikilvægum þroskatengdum þáttum sem snúa að því að taka á móti, vinna úr og greina frá mannlegri reynslu (Ornstein og Haden, 2002, Schumann, Bala og Lee, 1999). Vera má að mjög ung börn hafi ekki nauðsynlegan þroska og hugræna formgerð til að skipuleggja fyrri reynslu í samhangandi mynd sem þau geta borið skýrt fram og greint frá í smáatriðum (Bartlett, 1932). Í viðtölum við mjög ung börn er því nauðsynlegt að taka tillit til mismunandi færni í málþroska, hugrænni færni og tilfinningaþroska (Schumann og félagar, 1999).

Almennt er viðurkennt að börn, jafnvel niður í 3½ árs aldur hafi getu til að segja nákvæmlega og á skipulagðan hátt frá almennum atburðum úr lífi sínu en þau eiga í sérstökum erfiðleikum með að bregðast rétt við já/nei spurningum og að bregðast rétt við endurteknum leiðandi spurningum í sama viðtali (Fivush, Peterson og Schwarzmuller, 2002). Það er vel þekkt úr rannsóknum að ung börn gefa oft takmarkaðar upplýsingar þegar þau eru spurð almennum, opnum spurningum, sem þýðir að oft er gripið til þess úrræðis að spyrja sérhæfðra já/nei, hver, hvar, hvað og hvenær spurninga til að aðstoða þau við að rifja upp liðna atburði. Slíkar spurningar, sem kunna að vera nauðsynlegar til að fá fram þau smáatriði sem þurfa að koma fram til að geta gefið út ákærur í kynferðisbrotamálum gegn ungum börnum, eru sérstaklega vafasamar þegar ung börn eiga í hlut og þarf að túlka svör barnanna með mikilli varúð (Fivush og félagar, 2002). Niðurstöður rannsóknarinnar styðja þetta viðhorf, að mjög ung börn gefa takmarkaðar upplýsingar þegar þau eru beðin um frjálsa frásögn af atburði.

Nánast öll yngstu börnin höfðu gott minni á grundvallar upplýsingar um sig sjálf (nöfn, nöfn foreldra, heimilisfang, nafn leikskóla og þess háttar og gátu gefið fullnægjandi svör við almennum spurningum sem ekki tengdust ofbeldinu, ásamt því að hafa góðan skilning á reglum viðtalsins. Meirihluti þeirra hafði nægjanlegan skilning á grundvallar hugtökum og gátu greint muninn á því að segja satt og segja ósatt í viðtalinu. Þetta gefur til kynna að ung börn hafi forsendur til að gefa vitnisburð um staðreyndir sem tengjast persónulegri reynslu þeirra.

Aldurstengdur munur

Helsti aldurstengdi munurinn sem niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós var í tengslum við getu barnanna til að halda athygli í viðtalinu, að greina frá ástæðu komu sinnar í viðtalið, frá því að kynferðislegt ofbeldi hafi átt sér stað, frá smáatriðum tengdum atburði, frá atburðarrás fyrir og eftir atburðinn, að gefa upplýsingar um samtöl við meintan geranda, upplýsingar í frjálsri frásögn, að tímasetja atburði og að greina frá tilfinningum sínum meðan atburður átti sér stað. Þetta þýðir að þegar verið er að taka viðtöl við mjög ung börn (þ.e. þau sem eru yngri en 6 ára) getur skipt máli að nýta viðurkennda viðtalstækni sem ýtir undir eða stuðlar að frjálsri frásögn, eins og „segðu mér meira frá því“ eða „hvað gerðist svo“ (Cronch, Viljoen og Hansen, 2006, Hershkowitz, 2002). Mikilvægt er að rannsaka nánar muninn á framburði ungra barna þegar slíkri viðtalstækni er beitt og ekki beitt.

Eðli brota og alvarleiki þeirra, ásamt því hver var meintur gerandi, tengdist marktækt aldri barnanna þegar brot áttu sér stað. Yngri börnin eiga sérstaklega hættu á að innþrenging sé reynd með því að nota fingur, getnaðarlim eða hluti en eldri börnin eiga meiri hættu á að fullt samræði eigi sér stað en slík brot fyrirfinnast varla í yngsta aldursflokknum enda má hugsa sér að slíkt sé erfitt í framkvæmd nema með því að valda líkamlegum áverka á barninu. Þegar börn eru yngri en 12 ára er líklegast að meintur gerandi tengist barninu fjölskylduböndum, á meðan líklegast er að meintur gerandi í málum eldri barna sé vinur eða kunningi, enda er talsvert stór hluti mála þar sem unglingsstúlkur eiga í hlut, svokallaðar „kunningja nauðganir“.

Frásagnir um ofbeldi

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna marktækan aldurstengdan mun á getu barna til að greina frá kynferðislegu ofbeldi. Það kom skýrt fram að börn greindu frekar frá kynferðisofbeldi í rannsóknarviðtali í Barnahúsi eftir því sem þau orðu eldri. Aðeins 40% yngstu barnanna greindu frá því að kynferðislegt ofbeldi hafi átt sér stað á meðan 92% elstu barnanna greindu frá slíku. Það eru að minnsta kosti fjórar líklegar ástæður fyrir þessu.

(1) Löngun (þ.e. vilji til að greina frá ofbeldinu) en Keary og Fitzpatrick (1994) fundu þroskamun í vilja barna til að greina frá kynferðisofbeldi. Aðrir þættir en aldur geta einnig haft áhrif, til dæmis fundu Hershkowitz, Horowitz og Lamb (2005) út að börn voru ólíklegri að greina frá kynferðisofbeldi þegar foreldri var meintur gerandi. Rannsókn Hershkowitz, Lanes og Lamb (2007) sýndi að börn sem bjuggust við neikvæðum viðbrögðum foreldra greindu síður frá ofbeldinu, (2) hæfni (þ.e. geta yngri barna til að bera kennsl á að ofbeldi hafi átt sér stað og geta til að greina frá slíku). (3) þættir sem tengjast sjálfu ofbeldinu (þ.e. ofbeldi gegn yngri börnum virðist vera tvíræðnara og erfiðara að skilgreina), (4) hvað lá á bak við tilkynninguna um meint kynferðisofbeldi (þ.e. hafði barn greint frá kynferðisofbeldi áður eða vöknudu grunsemdir á annan hátt hjá fullorðnum aðila, vegna kynferðislegrar hegðunar eða tals, þátttöku í kynferðislegum leikjum eða þ.h.). Það verður að teljast líklegt að ung börn eigi í erfiðleikum með að gera sér grein fyrir hvað er kynferðislegt ofbeldi og þar af leiðandi einnig með að greina frá slíku, nema það sé mjög afgerandi og skýrt. Það er að segja, mjög ung börn eiga hugsanlega erfiðara með að átta sig á að hvers kyns kynferðislegar snertingar eru rangar á meðan þau átta sig fremur á að t.d. munnmök eða tilraun til innþrengingar sé eitthvað sem þau eiga að segja frá.

Megin styrkleikar og veikleikar rannsóknarinnar

Megin styrkleiki þessarar rannsóknar er að öll viðtölin sem rannsóknin byggir á eru tekin með staðlaðri viðtalsaðferð, sem byggir að mestu á leiðbeiningum um viðtalstækni fyrir börn frá Harborview Center for Sexual Assault and Traumatic Stress og hjá Washington State Criminal Training Commission (2005). Viðtölin voru öll tekin af fagaðilum á sviði sálfræði, félagsráðgjafar og uppeldis- og afbrotufræði, sem fengið höfðu sérstaka þjálfun í viðtalstækninni hjá ofangreindum aðilum í Bandaríkjunum. Einnig verður að teljast til styrkleika rannsóknarinnar að um er að ræða fjölda viðtala sem tekin eru yfir langt tímabil. Viðtölin voru öll tekin upp á myndband og nákvæmlega greind af rannsakendum, út frá mjög nákvæmum gátlista sem útbúinn var sérstaklega vegna rannsóknarinnar.

Helstu veikleikar rannsóknarinnar eru að öll viðtölin voru tekin á sama stað og í einu landi, í Barnahúsi á Íslandi og því kann að vera að menningarlegir þættir hafi áhrif á niðurstöðurnar. Nýlega hafa verið uppi vangaveltur um það á norðurlöndunum að hefðbundnar lögregluyfirheyrslur á börnum séu ónákvæmar (Cedeborg, 2004) en ólíklegt er að á Íslandi sé ástæða til að hafa áhyggjur af þessu þar sem eingöngu sérþjálfaðir lögreglumenn taka skýrslur af börnum í þeim tilvikum þar sem ekki er óskað eftir þjónustu Barnahúss. Áhugavert væri að bera viðtalstækni Barnahúss saman við aðferðir sem notaðar eru af lögreglu. Barnahús hefur án efa tækifæri til að vera leiðandi í að bæta vinnslu mála þar sem grunur leikur á kynferðislegri áreitni eða ofbeldi gegn börnum, bæði með tilliti til hagsmuna barns og samfélags enda hefur sýnt sig að mikill áhugi er á stofnuninni hjá erlendum aðilum og hafa meðal annars bæði Svíar og Norðmenn opnað slík hús að íslenskri fyrirmynd.

Margt sem kemur fram í niðurstöðum rannsóknarinnar er í samræmi við aðrar rannsóknir á hugrænni starfsemi og getu barna til að gefa vitni fyrir dómi og eru því áhugaverðar í alþjóðlegu samhengi. Að auki sýnir rannsóknin vel hversu árangursrík sú viðtalstækni sem notuð er í Barnahúsi er milli ólíkra landa (Lamb og félagar, 2008). Væri athyglisvert að sjá svipaðar rannsóknir á stöðluðum rannsóknarviðtölum sem tekin eru á samskonar stofnunum og Barnahús er.

Heimildaskrá

- Aldridge, M. & Wood, J. (1998). *Interviewing Children*. West Sussex: John Wiley & Sons.
- American Professional Society on the Abuse of Children. (1990). *Guidelines for psychosocial evaluation of suspected sexual abuse in young children*. Chicago, IL: Author.
- Barnaverndarstofa (2000). *Barnavernd á Íslandi: Skýrsla um starfsemi Barnaverndarstofu árin 1995-1999 og barnaverndarnefnda árin 1996-1999*. Barnaverndarstofa
- Barnaverndarstofa (2006). *Ársskýrsla 2004-2005*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Bartlett, F.C. (1932). *Remembering: A study in experimental and social psychology*. Cambridge, England: Cambridge University Press.
- Bruck, M., Ceci, S. J. & Hembrooke, H. (1998). Reliability and credibility of young children's reports: From research to police and practice. *American Psychologist*, 53, 136-151.
- Bull, R. (1995). Innovative techniques for the questioning of child witnesses, especially those who are young and those with learning disability. In M.S. Zaragoza,
- Ceci, S.J., og Bruck, M. (1999). *Jeopardy in the courtroom: A scientific analysis of children's testimony*. Washington, DC: American Psychological Association.
- Ceci, S.J., og Bruck, M. (1993). Suggestibility of the child witness: A historical review and synthesis. *Psychological Bulletin*, 113, 403-439.
- Cederborg, A-C (2004). Factors influencing child witnesses. *Scandinavian Journal of Psychology*, 45, 197-205.
- Cronch, L. E., Viljoen, J. L., & Hansen, D. J. (2006). Forensic interviewing in child sexual abuse cases: Current techniques and future directions. *Aggression and Violent Behavior*, 11, 195-207.
- Fivush, R., Peterson, C. & Schwarzmüller, A. (2002). Questions and Answers: The Credibility of Child Witnesses in the Context of Specific Questioning Techniques. In M. L. Eisen, J. A. Quas, and G. S. Goodman (Eds.), *Memory and Suggestibility in the Forensic interview*. New Jersey: Lawrence Erlbaum Associates, Inc., pp 331-354.
- Goodman, G. S. & Melinder, A. (2007). Child witness research and forensic interviews of young children: A review. *Legal and Criminological Psychology*, 12, 1-19.
- Harborview Centre for Sexual Assault & Traumatic Stress and Washington State Criminal Training Commission (2005). *Child interview guide*. Seattle: Author.
- Hershkowitz, I. (2002). The role of facilitative prompts in interviews of alleged sex and abuse victims. *Legal and Criminological Psychology*, 7, 63-71.
- Hershkowitz, I., Horowitz, D., & Lamb, M .E. (2005). Trends in children's disclosure of abuse in Israel: A national study. *Child Abuse & Neglect*, 29, 63-71.
- Hershkowitz, I., Lanes, O., & Lamb, M .E. (2007). Exploring the disclosure of child sexual abuse with alleged victims and their parents. *Child Abuse & Neglect*, 31, 111-123.
- Hershkowitz, I., Orbach, Y., Lamb, M. E., Sternberg K. J., & Horowitz, D. (2006). Dynamics of forensic interviews with suspected abuse victims who do not disclose abuse. *Child Abuse & Neglect*, 30, 753-769.
- Jón R. Kristinsson og Þóra Fischer (1999). *Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum: Um læknisrannsóknir*. Fyrirlestur fluttur á námsstefnu Endurmenntunarfélagsins

Háskóla Íslands, Reykjavík.

Keary, K. & Fitzpatrick, C. (1994). Children's disclosure of sexual abuse during formal investigation. *Child Abuse & Neglect, 18*, 543-548.

Lamb, M.E., Hershkowitz, I., Orbach, Y., & Espin, P. W. (2008). Tell me what happened: Structured investigative interviews of child victims and witnesses. Chichester. Wiley.

Lamb, M.E., Sternberg, K.J. & Esplin, P.W. (1994). Factors influencing the reliability and validity of statements made by young victims of sexual maltreatment. *Journal of Applied Developmental Psychology, 15*, 255-280.

McDermott-Steinmetz, M. (1997). *Interviewing for a child sexual abuse: Strategies for balancing forensic and therapeutic factors*. Notre Dame, Indiana: Jalice Publishers.

Myers, J. E. B. (1995). New era of scepticism regarding children's credibility. *Psychology, Public Policy, and Law, 1*, 387-398.

Ornstein, P.A. & Haden, C.A. (2002). The Development of Memory: Toward an Understanding of Children's Testimony. In M. L. Eisen, J. A. Quas, and G. S. Goodmann (Eds.), *Memory and Suggestibility in the Forensic interview*. New Jersey: Lawrence Erlbaum Associates, Inc., pp 29-61.

Pool, D.A., og Lamb, M.E. (1998). *Investigative interviews of children: A guide for helping professionals*. Washington, DC: American Psychological Association.

Schuman, J., P., Bala, N., & Lee, K. (1999). Developmentally appropriate questions for child witnesses. *Queen's Law Journal, 25*, 251-302.